


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Pitsa




HAGKAUPS FJÓRBLÖÐUNGUR
fylgir með fréttablaðinu í dag!






# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
12. maí 2011
109. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




**Gufubaðið vinsælt**
*Vinir Sjonna elska gufuna.*
fólk 54

**Erum við of fá?**
*Fámennið kallar á innherjaviðskipti, klíkuskap og spillingu, skrifar Þorvaldur Gylfason.*
í dag 23



**Hetja ÍBV**
*Þórarinn Ingi Valdimarsson innsiglaði sigur ÍBV á Val með marki í uppbótartíma.*
sport 46

**veðrið í dag**




**SKÝJAÐ MEÐ KÖFLUM** í dag verða víða norðan 3-8 m/s og skýjað með köflum, en dálítil væta A-til. Hiti 2-7 stig N-til en 8-15 syðra.
VEÐUR 4

# Vilja auka útflutning lambakjöts um rúmlega helming

**Þreifingar eru hafnar um að fá aukinn tollkvóta fyrir íslenskt lambakjöt í ESB. Kaupendur kjötsins úti leggjast á árar með framleiðendum hér. Aukist útflutningur gæti orðið minna um hrygg á borðum landans.**

**4.000 tonn**
Það magn lambakjöts sem íslensk stjórnvöld vilja flytja út til ESB-landa ár hvert.

**UTANRÍKISMÁL** Líkur eru á að kvótinn, sem flytja má inn af íslensku lambakjöti til ríkja Evrópusambandsins (ESB) án þess að greiða toll, verði fullnýttur áður en langt er liðið á haustið. Samkvæmt heimildum blaðsins eru hafnar fyrstu þreifingar í þá átt að auka kvótann.

Í byrjun vikunnar fóru fulltrúar stjórnvalda til Brussel með það fyrir augum að kanna vilja framkvæmdastjórnar ESB til þess að auka tollfrjálsa kvótann úr 1.850 tonnum í allt að 4.000 tonn. Formlegar viðræður um málið hafa samt ekki verið boðaðar. Fulltrúum Íslands mun þó hafa verið ágætlega tekið og málið vera til frekari skoðunar.

Ágúst Andrésson, forstöðumaður hjá Kaupfélagi Skagfirðinga, segir landslagið í kjötútflutningsmálum gjörbreytt frá því sem var þegar menn þurftu að „fara á hnjánum“ til að biðja um aukinn kvóta inn á Evrópumarkað því þar vanti nú lambakjöt á markað. Samdráttur í stórum framleiðslulöndum á borð við Nýja-Sjáland og Ástralíu hafi gert það að verkum að kaupendur í ríkjum ESB hafi þrýst á framkvæmdastjórn sambandsins að heimila aukinn innflutning kjöts frá Íslandi. „Þeir hafa átt nokkra fundi með fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar,“ segir Ágúst og kveður Samtök sláturleyfishafa hér jafnframt hafa óskað eftir því við stjórnvöld að hafnar yrðu viðræður um aukinn útflutning héðan. Hugmyndir séu uppi um að kvótinn verði aukinn í 4.000 tonn.

„Slík aukning myndi hafa mikil áhrif hér heima og auka verulega tækifæri til framleiðsluaukningar, þótt hún yrði að sjálfsögðu í sátt og samlyndi við náttúruna,“ segir Ágúst, sem telur framfarir í beitarstýringu og á öðrum sviðum þýða að bændur gætu hér aukið framleiðslu umtalsvert. Aukningin væri hins vegar ekki nema dropi í hafið hvað ESB varðaði, sem í heild flytur inn um 300 þúsund tonn af kjöti árlega.

Ágúst viðurkennir þó að hér kynni að verða einhver breyting á framboði með auknum útflutningi. „Það er bara einn hryggur á móti hverjum tveimur lærum,“ segir hann en áréttar að aldrei komi til þess að hér verði skortur á lambakjöti. „Það eru til aðrar sneiðar,“ segir hann og kveður framleiðsluna einnig munu smáaukast. - óká



**TÍMAMÓT** Sundlaug í þjónustumiðstöð Kópavogsbæjar við Boðaþing var vígð í gær. Laugin er hönnuð með þarfir eldri borgara í huga og henni var vel tekið. Hrafnista fær laugina afhenta tímabundið til eigin nota án endurgjalds. Til framtíðar er stefnt að því að laugin nýtist öllum íbúum Kópavogs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eurovision eykur neysluna:

## Pitsustaðir í viðbragðsstöðu

**EUROVISION** **Pitsustaðir og snakkframleiðendur eru í viðbragðsstöðu eftir frækinn árangur Vina Sjonna í undankeppni Eurovision á þriðjudaginn.**

**Sigurjón Dagbjartsson, framkvæmdastjóri Iðnmarks sem framleiðir Stjörnusnakk, segist búast við að minnsta kosti 80 prósenta söluaukningu um helgina. „Það er búið að auka framleiðsluna um 40 prósent,“ segir hann. „Það er partí í öðru hverju húsi og stemning í landanum, sérstaklega vegna þess að við komumst áfram.“**

**Ásdís Þrá Höskuldsdóttir, framkvæmdastjóri Dominos, tekur í sama steng. Hún segir að sérstakur viðbúnaður verði um helgina og starfsmenn verði fleiri en ella. „Þetta er mjög mismunandi, en aukningin getur orðið 40 til 50 prósent. Þetta er ein af stærstu helgum ársins fyrir utan megavikurnar okkar.“** - afb / sjá síðu 54

Svört skýrsla Ríkisendurskoðunar um mengun frá sorpbrennslum:

## Áfellisdómur yfir stjórnsýslunni

**UMHVERFISMÁL** Ríkisendurskoðun fellir áfellisdóm yfir stjórnsýslu umhverfisyfirvalda vegna sorpbrennslna hér á landi og telur að Umhverfisstofnun og umhverfisráðuneytið hafi brugðist eftirlitsskyldum sínum. Ríkisendurskoðun birti í gær stjórnsýsluúttekt sína vegna sorpbrennslna. Tilefnið var Funamálið svokallaða.

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi segir skýrsluna áfellisdóm og sofandaháttur yfirvalda einkenni málið allt. „Umhverfisyfirvöld gerðu ekki það sem þeim bar að gera.“

Bæði ráðuneytið og Umhverfisstofnun fagna úttektinni og hafa sett fram fjölmargar hugmyndir um bætt vinnubrögð.

Sveinn túlkar viðbrögð Umhverfisstofnunar og umhverfisráðuneytisins sem viðurkenningu á því að yfirvöld hafi brugðist. „Hins vegar hafa yfirvöld tekið verulega við sér eftir að þessi mengunarmál urðu umtalsefni og bætt verulega sín vinnubrögð,“ segir Sveinn.

- shá / sjá síðu 16


Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18–49 ára.




Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar, á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.

10 ÁRA 2001-2011
Allt sem þú þarft






**SPURNING DAGSINS**



*„Erpur, hvort ertu lige glad eða skide godt?*

„Ég er skide glad.“

Rapparinn Erpur Eyvindarson, eða Blazroca, hefur unnið mikið með norrænum röppurum upp á síðkastið. Í Fréttablaðinu í gær sagði að Erpur virðist orðinn þekkt nafn í norrænum rappheimi eftir að Kingsize, hiphop-tímarit Norðurlanda, tók nýverið viðtal við hann.

Fyrrverandi forstöðumaður í Landsbankanum dæmdur í héraðsdómi:

# Greiði tugmilljóna kaupauka

**DÓMSMÁL** Starfsmaður í Landsbankanum á að endurgreiða slitastjórn bankans tæplega níutíu milljónir króna samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjaness.

Starfsmaðurinn, Jón Þór Gunnarsson, var forstöðumaður á fyrirtækjasviði frá árinu 2004. Það ár gerði hann kaupréttarsamning við bankann sem fól í sér að hann fékk rétt til að kaupa fimm milljónir hluta í bankanum á genginu sjö. Áunninn kaupréttur átti að safnast upp á næstu árum og kaupréttinum verða virkur 1. desember 2007. 24. september var svo gert samkomulag við hann um eingreiðslu á kaupauka, og kaupréttinum þannig gerður upp. Þessum samningi vildi slitastjórnin fá slitið.

> **89,1** milljón er upphæðin sem forstöðumaðurinn þarf að greiða til baka.

Stefndi sagðist hafa gengið eftir því ítrekað við bankann að kaupréttarsamningurinn yrði gerður upp við hann frá því í desember 2007. Það hafi gengið svo langt að hann hafi ámálgað það að leita til dómstóla vegna þess. Greiðslan hafi verið hluti af launakjörum hans.

Í dóminum kemur fram að Landsbankinn hafi aðeins verið skuldbundinn til að selja Jóni Þóri hlutabréf, en ekki greiða honum eingreiðslu. Héraðsdómur féllst á kröfur slitastjórnarinnar og dæmdi hann til að greiða 89,1 milljón króna auk dráttarvaxta. **- þeb**

Þjónusta aukin í borginni:

## Auka á aðgengi innflytjenda

**SAMFÉLAGSMÁL** Innflytjendur geta nú sótt ráðgjöf og upplýsingar um réttindi sín og skyldur í Þjónustumiðstöð Breiðholts í Mjódd. Boðið er upp á lögfræðilega ráðgjöf og almenna ráðgjöf, til að mynda um dvalarleyfi og ríkisborgararéttindi, auk upplýsinga um menntunarmöguleika og frístundir.

Túlkaþjónusta er í boði þegar þörf krefur.

Reykjavíkurborg hefur boðið upp á sambærilega þjónustu í Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða á Skúlagötu 21. **- ibs**



**GRÆNLAND** Samningur um björgunarstarf undirritaður í dag.

Norðurskautsráðið á fundi:

## Bandaríkin sýna áhuga

**GRÆNLAND Bandaríkin sýna starfi Norðurskautsráðsins óvenju mikinn áhuga núna, þegar Hillary Clinton utanríkisráðherra og Ken Salazar innanríkisráðherra mæta til Grænlands á fund ráðsins í dag.**



HILLARY RODHAM CLINTON

**Ráðherrarnir undirrita þar samkomulag um skipulag björgunarstarfa á Norður-Íshafi ásamt ráðherrum hinna aðildarríkja ráðsins, sem eru Ísland, Noregur, Svíþjóð, Finnland, Danmörk, Kanada og Rússland.**

**Þetta er fyrsti samningur aðildarríkja ráðsins sem hefur lagalegt gildi í ríkjunum. Hann þykir ótvírætt merki þess að gildi norðurslóða vaxi nú ört. - gb**

Mistök í prentun:

## Röng íþróttasíða í blaðinu

Röng íþróttasíða var í Fréttablaðinu í gær vegna mistaka í prentun. Íþróttasíðan sem var í blaðinu á þriðjudag birtist aftur í gær.

Lesendur eru beðnir velvirðingar á þessu en jafnframt er bent á að rétta íþróttasíðu er að finna í vefútgáfu blaðsins á visir.is.

# Vilja að Vatnsberinn verði í Austurstræti

**Höggmynd Ásmundar Sveinssonar, sem á sínum tíma var ætlað að standa á horni Bankastrætis og Lækjargötu en þótti of ljót og endaði í Öskjuhlíð, verður tekin í sátt og flutt í Austurstræti eftir 62 ára útlegð úr miðbænum.**

**SKIPULAGSMÁL** Borgaryfirvöld vinna nú að því að flytja höggmynd Ásmundar Sveinssonar af Vatnsberanum úr Öskjuhlíð niður í miðbæ þar sem henni var upphaflega ætlaður staður árið 1949.

Þegar Vatnsberinn var pantaður hjá Ásmundi var listaverkinu ætlaður staður á horni Bankastrætis og Lækjargötu. Þegar höggmyndin var tilbúin spruttu hins vegar upp miklar deilur þar sem margir töldu myndina sem var gefin af konunni með vatnsfötunar einfaldlega ljóta. „Hún var sögð of digur, herðasigin og ekki nógu leggjalöng,“ segir í greinargerð umhverfis- og samgöngusviðs um flutning styttunnar, sem endaði í Litluhlíð í Öskjuhlíð árið 1967 eftir að hafa fram að því staðið við vinnustofu listamannsins við Sigtún.

„Nú skilur fólk almennt hvernig listamaðurinn túlkar erfiði alþýðufólks með því að láta átökin og þyngslin umbreyta formgerð líkamans,“ segir hins vegar í greinargerðinni. „Nú er lag að leiðrétta þetta og bjóða Vatnsberann heim í miðbæinn úr útlegðinni,“ segir áfram í greinargerðinni, þar sem stungið er upp á því að Vatnsberinn verði á miðju Austurstræti þar sem nú er ekið inn í götuna frá Lækjargötu „til að gefa í skyn að gatan sé fyrir fótgangandi“.

Meirihlutinn í skipulagsráði hefur samþykkt flutning styttunnar fyrir sitt leyti en fulltrúar sjálfstæðismanna sátu hjá.

Í menningar- og ferðamálaráði segist meirihlutinn ekki leggjast gegn hugmyndinni en vill að verkið sé fært frá götunni svo „það líti ekki út eins og vegatálmi“. Sjálfstæðismenn í ráðinu sátu hjá og sögðu í bókun að þótt margt jákvætt væri við að flytja styttuna lægi ekki fyrir nógu greinargóð mynd af því hvar hún yrði staðsett og umhverfi í kringum hana háttað. Mörgum spurningum væri ósvarað.



**VATNSBERINN Í AUSTURSTRÆTI** „Þar sem borgarstjóri hefur bæði óskað eftir styttu af konu í miðbæinn og lýst yfir áhuga á að færa Vatnsberann má hér alla vega slá þrjár flugur í einu höggi,“ segir í greinargerð umhverfis- og samgöngusviðs borgarinnar.

SAMSETT MYND/VILHELM

> Hún var sögð of digur, herðasigin og ekki nógu leggjalöng.
>
> ÚR GREINARGERÐ UMHVERFIS- OG SAMGÖNGUSVIÐS

„Fram hefur komið að setja eigi styttuna niður til reynslu í eitt ár og því muni gefast tími til að endurskoða þá hluti betur síðar. Hins vegar telja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins að vanda eigi til verksins nú, vilja sjá betur útfærðar hugmyndir ekki síst vegna þess að oft er hætta á því að bráðabirgðaframkvæmdir standi mun lengur óbreyttar en til stóð í upphafi,“ bókuðu sjálfstæðismenn í menningar- og ferðamálaráði. **gar@frettabladid.is**

Banaslys á Austfjörðum:

## Maður á fimmtugsaldri lést

**LÖGREGLUMÁL Banaslys varð á þjóðvegi 1 um Kambanes, milli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur, á þriðjudagskvöld. Tilkynnt var um slysið um klukkan 21.**

**Fólksbifreið fór út af veginum og hafði hún farið nokkrar veltur, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu.**

**Ökumaðurinn, sem var einn í bifreiðinni, kastaðist út úr henni og lést skömmu síðar. Hann var á fimmtugsaldri og búsettur í Neskaupstað. Ekki er unnt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu.**

**Rannsóknardeild lögreglunnar á Eskifirði fer með rannsókn málsins. - bj**

Ákæra gegn Geir H. Haarde:

## Sakarefnin ekkert rökstudd

**LANDSDÓMUR** Furðulegt er að það hafi tekið saksóknara Alþingis sjö mánuði að skrifa upp þingsályktunartillögu Alþingis nánast orðrétt. Þetta lét Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, hafa eftir sér í hádegisfréttum Bylgjunnar í gær. Hann sagði jafnframt að sér þætti með ólíkindum að forseti landsdóms léti viðgangast að málsmeðferðin hefði tafist svona lengi. Þá sagði hann að ákæran væri ein og hálf blaðsíða að lengd og sakarefnin ekki rökstudd með neinum hætti.



GEIR H. HAARDE

Geir telur að gefa hefði átt út ákæruskjalið í október, strax eftir ákæru Alþingis. **- þeb**




Mútuhneyksli þriggja þingmanna á Evrópuþinginu olli miklum titringi:

# Tökin hert með nýjum reglum

**STRASSBORG** Evrópuþingið hefur hert reglurnar um umgengni þingmanna og þrýstihópa. Allir þrýstihópar sem vilja fá aðgangskort að þinginu verða að skrá sig, og þingmenn sem bera aðalábyrgð á lagafrumvörpum verða að gera grein fyrir því hvaða þrýstihópa þeir hafi hitt á meðan gerð frumvarpa stóð.

Sænskir þingmenn eru ekki vissir um að þessar reglur hefðu nægt til þess að koma í veg fyrir nýjasta mútuhneykslið á þinginu, sem olli miklum titringi í mars síðastliðnum.

Þá komu blaðamenn Sunday Times upp um þrjá þingmenn með falinni myndavél. Á upptökunum má sjá þingmennina, sem eru frá Austurríki, Slóveníu og Rúmeníu, ræða aðferðir og þóknun við blaðamennina. Þingmennirnir töldu blaðamennina tilheyra þrýstihópi úr fjármálageiranum sem hefði áhyggjur af lagafrumvarpi um aukið bankaeftirlit.

Austurríski þingmaðurinn sagði það engan vanda að hafa áhrif á nefndarmenn. Slóvenski þingmaðurinn ræddi þóknun upp á 100 þúsund evrur, eða rúmar 16 milljónir króna, að því er segir á vef Sænska dagblaðsins. Sá rúmenski sendi reikning upp á 12 þúsund evrur, eða um 2 milljónir króna. Hann kvaðst hvorki hafa gert neitt ólöglegt né það sem væri óeðlilegt í húsinu. **- ibs**



**Á EVRÓPUÞINGINU** Blaðamenn hafa afhjúpað mútuþægni þingmanna.

NORDICPHOTOS/AFP


KAUPAUKI 9 LTR.
AF PALLAOLÍU.
Þegar þú kaupir pallaefni hjá okkur að
upphæð 100 þúsund eða meira færð þú
3 dósir af Jotun pallaolíu frítt með.
Gildir út maí!
JOTUN
Treolje
Träolja/Træolie
FÁÐU TILBOÐ
Í PALLINN HJÁ OKKUR!
PALLAOLÍAN
FYLGIR MEÐ
KAUPAUKI
MEÐ PALLAEFNINU!
10%
afsláttur
AF ÖLLUM GESTA-
OG GARÐHÚSUM
fimmtudag til sunnudag
HÚSASMIÐJAN
SÆLUREITUR 2011
Skjólgirðingar
LESTU ALLT UM GARÐHÚS
OG PALLASMÍÐI Í SÆLUREITNUM
Á BLS 4-18
FÁÐU AFSLÁTT AF
40.000
VÖRUM STRAX Í DAG
KJARA
KLÚBBUR
%
SÆLUREITURINN
ER KOMINN ÚT
HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 11.05.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,43 | 113,97 |
| Sterlingspund | 186,99 | 187,89 |
| Evra | 163,08 | 164 |
| Dönsk króna | 21,87 | 21,998 |
| Norsk króna | 20,918 | 21,042 |
| Sænsk króna | 18,222 | 18,328 |
| Japanskt jen | 1,4001 | 1,4083 |
| SDR | 181,47 | 182,55 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,523

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stærsti jarðskjálfti á Spáni í fimmtíu ár reið yfir síðdegis í gær og lagði bæinn Lorca í rúst:

# Tíu látnir og tugir mikið slasaðir á Spáni

**SPÁNN** Tíu hið minnsta fórust í jarðskjálfta í bænum Lorca suðaustast á Spáni síðdegis í gær. Skjálftinn var 5,3 stig og felldi margar byggingar í bænum, að því er fréttastofa BBC greinir frá. Jarðskjálftinn átti upptök sín um 120 kílómetra suðvestur af Alicante, sumarleyfisstað sem Íslendingum er að góðu kunnur.

Lýsingar frá Lorca greina frá því að hús og spítalar hafi verið rýmdir í öryggisskyni. Gamlar byggingar hafa skemmst og hrunið. Fjöldi slasaðra liggur ekki fyrir, en spænskir fjölmiðlar segja að þeir skipti tugum. Haft er eftir lækni í vefútgáfu El Pais að hann hafi sinnt mörgum íbúum bæjarins sem voru illa slasaðir, sumir meðvitundarlausir. Þá eru yfirvöld þess fullviss að tala látinna eigi eftir að hækka á næstu klukkustundum, enda fjölmargir undir rústum húsa.

Íbúar bæjarins voru skelfingu lostnir og hópuðust út á götur og torg.

Forsætisráðherra Spánar, José Luis Rodríguez Zapatero, hefur sent herlið á staðinn til að aðstoða við björgunarstarfið.

Bærinn Lorca er í Murcia, þar sem jarðskjálftavirkni er mest á Spáni. Fjöldi eftirskjálfta reið yfir svæðið í gærkvöldi sem jók enn á ótta íbúanna, greinir BBC frá. - shá



**SKELFING RÍKIR Í LORCA** Þegar er ljóst að tíu eru látnir en yfirvöld óttast að sú tala eigi eftir að hækka verulega. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SAMSTARF** Guðrún Heimisdóttir, Stefán Ingi Stefánsson og Þóra Eggertsdóttir.

Púsluspil úr íslenskri náttúru:

## Sprotafyrirtæki styrkir Unicef

**VIÐSKIPTI Sprotafyrirtækið Puzzled by Iceland hefur nú hafið formlegt samstarf við Unicef á Íslandi. Fyrirtækið, sem Guðrún Heimisdóttir og Þóra Eggertsdóttir stofnuðu í fyrra, framleiðir púsluspil og er viðfangsefnið íslensk náttúra og dýralíf.**

**Af söluvirði hvers púsluspils renna 500 krónur til Unicef. Fyrir þær er til dæmis hægt að útvega 28 skammta af bóluefni gegn mænusótt.** - ibs

### REYKJAVÍKURBORG

**Einkasundlaug í Fossvoginn**

Þó að borgaryfirvöld hafi vegna kreppunnar lagt til hliðar áform um almenningssundlaug í Fossvogsdal láta ekki allir íbúar þar deigan síga í þeim efnum. Þannig hefur eigandi einbýlishúss við Bjarmaland fengið leyfi byggingarfulltrúa til að koma fyrir átta metra sundlaug í garði sínum.

### LEIÐRÉTTING

Ranghermt var í grein blaðsins, Niðurnídd miðborg, sem birtist á laugardag, að Klapparstígur 19 væri Veghúsastígur 1. Mynd sem birt var með greininni er af Klapparstíg 19 og er það hús á lista slökkviliðsins yfir brunagildrur. Samkvæmt gömlu borgarskipulagi var húsið áður Veghúsastígur 1, en því hefur nú verið breytt. Húsið sem stendur nú við Veghúsastíg 1 er ekki autt og ekki á lista slökkviliðsins.

# Minna umburðarlyndi gegn ofbeldi

**Minna umburðarlyndi gagnvart kynferðisbrotum og minni skömm fyrir þolendur að stíga fram getur verið hluti skýringar á þeim mikla fjölda kærumála sem streymt hafa til lögreglu að undanförnu. Þetta segir afbrotafræðingur.**

**LÖGREGLUMÁL** Minna umburðarlyndi gagnvart kynferðisbrotum ríkir nú hér á landi en áður og jafnframt minni skömm fyrir þolendur að stíga fram.

Þetta segir Helgi Gunnlaugsson afbrotafræðingur spurður um hugsanlegar skýringar á þeim mikla fjölda kæra vegna kynferðisbrota sem borist hafa til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu undanfarna fjóra mánuði.

„Þessi aukning er einnig að sýna okkur eitthvað sem fór leynt áður og þolendur sátu einir uppi með sársaukann, en gera það ekki lengur,“ bætir Helgi við. „Þá er líklegt að eðli sumra þessara brota hafi breyst á síðustu árum.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að nær áttatíu kærur vegna kynferðisbrota hafa borist kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs, samtals 76 mál. Um var að ræða 33 kærur vegna nauðgunar, tuttugu kærur vegna brota gegn börnum, fjögur barnaklámsmál frá Europol og Interpol og nítján blygðunarsemisbrot. Auk þessa bárust nítján mál vegna heimilisofbeldis til deildarinnar. Þetta veldur lögreglu áhyggjum því hún hefur ekki undan þegar mest er.

Helgi segir aukningu í kynferðisbrotum ekki fyrst vera að koma fram nú, heldur eigi hún sér lengri aðdraganda eða frá síðustu aldamótum.

„Kynferðisbrot er sá málaflokkur sem við sjáum aukningu í, svo og í fíkniefnabrotum, en aukningin er ekki með sama hætti í öðrum brotaflokkum sem hafa verið mun stöðugri milli ára, til dæmis önnur ofbeldisbrot og manndráp.

Það er óneitanlega undirliggjandi spenna í samfélaginu sem brýst fram með ýmsum hætti og aukning kynferðisbrota gæti að einhverju leyti endurspeglað sérhyggju og græðgi góðærisáranna sem líkja má við síðrof,“ útskýrir Helgi enn fremur. Hann bendir þó á að annað ofbeldi eins og það birtist í gögnum lögreglu hafi þó ekki fylgt þessu mynstri, sem gangi gegn þeirri skýringu að fjölgun kynferðisbrota bendi til siðrofs í samfélagi.

„Annar flötur sem skýrir aukninguna er meiri umræða í fjölmiðlum og vaxandi vitund borgaranna um kynferðisbrot.“ jss@frettabladid.is



**OFBELDI** Áttatíu kærur vegna kynferðisbrota hafa borist kynferðisbrotadeild lögreglunnar á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs. MYNDIN ER SVIÐSETT

> Það er óneitanlega undirliggjandi spenna í samfélaginu sem brýst fram með ýmsum hætti og aukning kynferðisbrota gæti að einhverju leyti endurspeglað sérhyggju og græðgi góðærisáranna sem líkja má við siðrof
>
> **HELGI GUNNLAUGSSON** AFBROTAFRÆÐINGUR

Eiginkona Marc Dutroux:

## Fær ekki að ganga í klaustur

**FRAKKLAND** Dómsmálaráðherra Frakklands, Michel Mercier, ætlar ekki að segja já óski belgísk yfirvöld þess að Michelle Martin, fyrrverandi eiginkona belgíska barnaníðingsins Marc Dutroux, fái að ganga í franskt klaustur. Ónafngreint klaustur í Frakklandi hefur samþykkt að taka við Michelle Martin en það þarf samþykki yfirvalda til þess.



**MARC DUTROUX**

Dutroux var dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir fimmtán árum fyrir að hafa rænt og nauðgað sex stúlkubörnum. Fjórar stúlknanna létust úr hungri hjá Dutroux.

Eiginkonan var dæmd fyrir aðild að glæpnum. Hún sótti um að verða látin laus vegna góðrar hegðunar í fangelsinu. - ibs

Rýniferli Íslands og ESB lýkur:

## Afstaða tekin til einstakra kafla

**EVRÓPUMÁL Á fundi samninganefndar Íslands gagnvart Evrópusambandinu í mars kom fram að tímabært væri að móta samningsafstöðu Íslands til einstakra kafla aðildarviðræðna Íslands og ESB.**

**Rýniferli, þar sem borin er saman löggjöf Íslands og ESB, lýkur um miðjan júní og eiginlegar aðildarviðræður hefjast í framhaldinu.**

**Samninganefndin kveður mikilvægt að skoða hugsanleg samningsatriði heildstætt til að ná sem bestum samningi með heildarhagsmuni í huga.** - kóþ

SUMARTILBOÐ
10" spjaldtölva 45.000.KR
(69.800)



10" Taska með lyklaborði 5.300kr
HUAWEI 3G netpungur 12.500



2b.is
Erum á móti IKEA í Gallery Art2b
Kauptún 3 - Garðabær - S.5 800 800 - www.2b.is

## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**NOKKUÐ GOTT**
Litlar breytingar á veðri til morguns. Víðast hægur vindur, fínn hiti sunnan til en heldur svalara nyrðra. Á morgun verður víða skýjað og horfur á skúrum, einkum síðdegis. Á laugardag er útlit fyrir vestlæga átt og líkur á smá vætu vestanlands um kvöldið.



Á MORGUN
3-8 m/s, skúrir.

LAUGARDAGUR
Fremur hæg vestanátt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 17° |
| Mallorca | 19° |
| New York | 22° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 17° |
| París | 18° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

Smáralind




# *Smáralind í símann*

Opið í kvöld til 21

Með Smáralindarappinu í snjallsímanum geturðu nálgast helstu upplýsingar um verslanir og þjónustuaðila í Smáralind.

**Þú færð nýjustu tilboðin beint í símann og getur fengið viðbótarafslátt ef þú deilir tilboðum.**

Skannaðu QR kóðann til að fá Smáralindarappið í snjallsímann þinn.

Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 | www.smaralind.is | 528 8000

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú áhyggjur af yfirvofandi læknaskorti hér á landi?*

| | |
|---|---|
| Já | 75,9% |
| Nei | 24,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Horfðir þú á undankeppni Eurovision á þriðjudag?*

Segðu þína skoðun á visir.is. vísir

Héraðsdómur vísaði kröfu slitastjórnar á hendur fyrrverandi bankastjóra frá:

# Þarf ekki að borga 100 milljónir

**DÓMSMÁL** Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, þarf ekki að endurgreiða 100 milljónir króna sem voru greiddar í séreignalífeyrissjóð hans rétt fyrir hrun. Þetta er niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur.

Héraðsdómur vísaði máli slitastjórnar Landsbankans gegn Halldóri frá dómi í gær. Slitastjórnin stefndi honum vegna 100 milljóna greiðslu Landsbankans í séreignalífeyrissjóð hans. Greiðslan var gerð 19. september 2008. Slitastjórnin taldi að bankinn hefði verið orðinn ógjaldfær þegar greiðslan var innt af hendi og Halldóri bæri að greiða milljónirnar til baka.

Verjandi Halldórs krafðist frávísunar á grundvelli þess að beiðni um matsmenn og gögn, sem áttu að styðja málatilbúnað slitastjórnarinnar, hefði komið of seint fram. Matsmenn áttu að sýna fram á að bankinn hefði verið ógjaldfær.

Héraðsdómur féllst á málatilbúnað verjandans og vísaði málinu frá dómi. Slitastjórn Landsbankans hyggst áfrýja til Hæstaréttar. - þeb



**HALLDÓR J. KRISTJÁNSSON** Fyrrverandi bankastjóri Landsbankans þarf ekki að endurgreiða slitastjórn 100 milljónir króna samkvæmt héraðsdómi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dómur hafði verið ómerktur:

# Silkibindamálið þingfest aftur

**DÓMSMÁL** Silkibindamálið svokallaða var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í annað sinn í gær.

Hæstiréttur hafði ómerkt dóm héraðsdóms yfir manni sem reyndi að smygla Rolex-úri, silkihálsbindum, silkihálsklútum og leðurhandtösku í gegnum tollinn. Verðmæti góssins nam ríflega einni milljón króna.

Sakborningur kvaðst hafa verið ákærður fyrir tiltekið ákvæði tollalaga en dæmdur eftir öðru ákvæði. Því vísaði Hæstiréttur málinu heim í hérað á ný. - jss

Lexus notaðir bílar



SC 430

Nýskr.: 04.07
Ek.: 7.000. km.
4,3 bensín
Sjálfskiptur
7.790.000. kr.



IS 250

Nýskr.: 05.08
Ek.: 23.000. km.
2,5 bensín
Sjálfskiptur
Tilboð:
3.990.000. kr.



IS 250

Nýskr.: 09.09
Ek.: 6.000. km.
2,5 bensín
Sjálfskiptur
5.890.000. kr.



GS 430
Luxury

Nýskr.: 04.05
Ek.: 71.000. km.
4,3 bensín
Sjálfskiptur
Tilboð:
3.890.000. kr.



IS 250
Luxury

Nýskr.: 08.06
Ek.: 80.000. km.
2,5 bensín
Sjálfskiptur
3.790.000. kr.



RX 400h
EXE

Nýskr.: 08.07
Ek.: 60.000. km.
3,3 bensín
Sjálfskiptur
Tilboð:
5.690.000. kr.

LEXUS

Nýbýlavegi 2 | sími 570 5400 | www.lexus.is
Afgreiðslutími: mán. - föst. kl. 9 - 18. Lau. kl. 12-16.
lexus@lexus.is

# Deila um Schengen

**Frakkar og Ítalir vilja hraða breytingum á Schengen vegna flóttamannastraums. José Manuel Barroso segir breytingarnar hafa verið lengi í undirbúningi.**

**FRÉTTASKÝRING**

Er Schengen-samstarfið í uppnámi?

Innanríkisráðherrar Evrópusambandsríkjanna hittast í dag til að ræða tillögu framkvæmdastjórnar sambandsins um breytingar á Schengen-samkomulaginu. Þær verða svo afgreiddar á fundi leiðtogaráðs sambandsins í júlí.

Ágreiningur er milli aðildarríkja Schengen um nýjar heimildir einstakra landa til að taka upp tímabundið landamæraeftirlit, sem Frakkar og Ítalir leggja mikla áherslu á vegna flóttamannastraums frá Norður-Afríku.

José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnarinnar, ber reyndar til baka fullyrðingar um að breytingarnar séu gerðar eingöngu til þess að bregðast við nýtilkomnum vanda Frakka og Ítala vegna flóttamanna frá Norður-Afríku. Hann segir þetta allt saman hafa verið í undirbúningi síðan á síðasta ári, að því er fram kemur á fréttasíðunni Euractiv.com.

Hann gagnrýnir hins vegar Frakka fyrir að fara í kringum núgildandi reglur og hafa í reynd tekið einhliða upp landamæragæslu. Við þessu þurfi að bregðast með því að styrkja sameiginlegu reglurnar.

„Ef við styrkjum ekki núverandi reglur munu aðildarríkin halda áfram að grípa til eigin ráðstafana,“ er haft eftir honum á Euractiv.

Fyrir utan víðtækari heimildir til að taka upp vegabréfaeftirlit er gert ráð fyrir að loksins verði lokið við að móta sameiginlega stefnu í málefnum hælisleitenda.

Ríkin við norðanvert Miðjarðarhafið, svo sem Grikkland, Spánn og Ítalía, hafa lengi kvartað yfir því að Schengen-kerfið láti þau sitja ein uppi með þann vanda að þurfa að leysa úr málum flóttamanna frá Afríku og Mið-Austurlöndum.

Hundruð þúsunda manna hafa flúið frá Líbíu vegna átakanna þar síðustu mánuði, flest til nágrannalandanna, einkum Túnis og Egyptalands, en tugir þúsunda hafa farið yfir Miðjarðarhafið til Ítalíu og hundruð þeirra farist á leiðinni.

Stór hluti þeirra sem hafa farið til Ítalíu hefur reynt að komast áfram til Frakklands, enda eiga margir þeirra ættingja þar. Frönsk stjórnvöld hafa hins vegar vísað mörgum til baka til Ítalíu.

Upp úr þessu sprettur ágreiningur Ítala og Frakka, sem ýtti undir sameiginlega tillögu þeirra um að breytingum á Schengen-samstarfinu yrði nú hraðað.

Þá hefur danska stjórnin ákveðið að hefja reglulegt eftirlit á landamærastöðvum til að hindra för glæpamanna og ólöglegra innflytjenda. Allt verður það innan ramma Schengen-kerfisins, enda verður eftirlitið byggt á handahófskenndum athugunum á ferðafólki. gudsteinn@frettabladid.is

## ESB ræðir nýjar Schengen-reglur

**Tillaga um að herða reglur um ferðafrelsi á Schengen-svæðinu verða ræddar á fundi innanríkisráðherra ESB í dag. Tilefnið er flóttamannastraumur frá Norður-Afríku til Ítalíu og þaðan áfram til annarra Schengen-ríkja.**

**Schengen-ríki** Aðildarríkin eru 25, nefnilega 22 ESB-ríki ásamt Íslandi, Noregi og Sviss.

**ESB-ríki utan Schengen** Bretland og Írland standa utan Schengen, halda uppi landamæraeftirliti en eru þó þátttakendur í lögreglusamstarfi.

**Stefna að aðild á næstu árum**




Frakkar og Ítalir vilja endurskoða Schengen-ákvæðin. Frakkar hafa stöðvað ferð norðurafrískra flóttamanna frá Ítalíu.

**Flóttamenn flýja ólguna í Norður-Afríku**

**HELSTU ÁKVÆÐI SCHENGEN**

- Innri landamæri afnumin, sem felur í sér heimild til vegabréfalausra ferða milli aðildarríkjanna.
- Innflytjendaeftirlit er á ytri landamærum svæðisins og lýtur samræmdum reglum.
- Samstarf eflt í lögreglu- og dómsmálum með sameiginlegum gagnabanka um eftirlýst eða óæskilegt fólk og stolna muni.
- Ríkisborgarar utan EES með Schengen-vegabréfsáritun geta ferðast óhindrað um svæðið í allt að þrjá mánuði innan sex mánaða tímabils.
- Aðildarríkin geta sett upp landamæraeftirlit í takmarkaðan tíma ef nauðsynlegt þykir vegna stefnu stjórnvalda eða af þjóðaröryggisástæðum.

Heimild: Framkvæmdastjórn ESB
© Graphic News

## Ísland og Schengen

Ísland er aðili að Schengen-samstarfinu ásamt Noregi, Sviss og 22 af 27 ríkjum Evrópusambandsins.

Vegna þess að Ísland stendur utan ESB hefur það engan ákvörðunarrétt um breytingar á Schengen-reglunum, en er heldur ekki skuldbundið til að taka þær upp í innlend lög.

Íslendingar hafa samt sem áður meiri rétt til afskipta af Schengen-reglum á mótunarstigi en flestum öðrum lagagjörðum Evrópusambandsins, vegna þátttöku í sameiginlegri nefnd og þátttökuréttar á ráðherrafundum um Schengen-samstarfið, þótt atkvæðisréttur fylgi ekki.

Íslendingar hafa síðan samviskusamlega tekið upp flestar nýjar reglur um Schengen nokkuð fljótt, og hraðar en mörg önnur aðildarríkin.

## Stendur til að gera úttekt á Schengen

Þingsályktunartillaga liggur nú fyrir Alþingi um að gerð verði úttekt á Schengen-samstarfinu. Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á samstarfinu af Íslands hálfu að svo stöddu en Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra styður tillöguna um að gerð verði úttekt.

„Við horfum til umræðunnar í Noregi og víðar þar sem menn hafa áhyggjur af því að Schengen takmarki rétt okkar til að fylgjast með fólki sem hefur misjafnt mjöl í pokahorninu.“ Ögmundur segist hafa áhyggjur af Schengen-samstarfinu, því þrátt fyrir ýmsa kosti Schengen í samvinnu lögreglu og dómsyfirvalda til að fylgjast með skipulagðri glæpastarfsemi þá hafi það líka mikla ókosti og takmarki möguleika á að fylgjast með ferðum til landsins og stöðva endurkomu dæmdra glæpamanna.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

# AMERÍSKIR DAGAR



HARUMIKA
FATAHÖNNUNARSETT
HANNAÐU ÞÍNA
TÍSKULÍNU
**2.999.-**

NÝTT



2 SAMAN Í PAKKA
MARGAR TEGUNDIR
**3.998.-**

ZOOBLES DÝR
BREYTANLEGT
1 DÝR & KOFI
MARGAR TEGUNDIR
**1.298.-**



ZOOBLES
LEIKSETT
1 DÝR FYLGIR
**6.999.-**

NÝTT



ZOOBLES DÝR
MAMMA & UNGI
BÆÐI BREYTANLEG
MARGAR TEGUNDIR
**2.899.-**



BEN 10

NÝJAR
STAKAR
FÍGÚRUR
**1.899.-**




24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Allt úrvalið fæst í Hagkaup Skeifu, Kringlu, Smáralind og Akureyri
minna úrval í öðrum verslunum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Óttast að fá ekki að njóta uppbyggingar fiskistofna

**Útgerðarmenn og sjómenn gagnrýna að fá ekki að njóta betra ástands fiskistofna eftir að hafa lagt mikið á sig til að byggja þá upp. Frumvarp um fiskveiðistjórnun jaðrar við skemmdarverk, segir framkvæmdastjóri LÍÚ.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Bæði útgerðarmenn og sjómenn gera alvarlegar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, sem kynnt var í þingflokkum stjórnarflokkanna í gær. Þeir óttast að fá ekki að njóta uppbyggingarstarfs á fiskistofnunum þrátt fyrir að hafa fært fórnir.


FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON


SÆVAR GUNNARSSON

„Okkur líst afar illa á þá búta sem hafa verið að sjást úr þessu frumvarpi í fréttum undanfarna daga,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ). „Mér sýnist þetta jaðra við skemmdarverk á íslenskum sjávarútvegi, svo ég segi ekki meira.“

Hann segir frumvarpið ganga þvert gegn þeim markmiðum að byggja upp traust á því að hægt sé að byggja upp með varanlegum hætti í þessari atvinnugrein.

„Núna er loksins að verða búið að byggja upp þorskstofninn með því að draga verulega úr aflaheimildum, og svo á að hirða stóran hluta af því og ráðstafa til strandveiðimanna, sem eru flestir búnir að selja aflaheimildir. Nú á að hirða heimildirnar af þeim sem keyptu af strandveiðimönnunum og láta þá hafa þær aftur,“ segir Friðrik.

Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands, er einnig ósáttur við að sjómenn fái ekki að njóta uppbyggingar á fiskistofnunum. Hann segir sjómenn hafa misst tekjur og margir hafi misst vinnuna vegna aflasamdráttar undanfarinna ára. Nú þegar horfi til betri vegar eigi ábatinn að fara til annarra en þeirra sem fært hafi fórnirnar.

Sævar, sem hafði ekki séð frumvarpið þegar Fréttablaðið hafði samband, gagnrýnir stjórnvöld fyrir að hafa ekki birt frumvarpið opinberlega fyrr. Ljóst sé að tekist verði á um málið og þá þurfi að fá það upp á yfirborðið sem fyrst.

Friðrik gagnrýnir stjórnvöld fyrir skort á samráði við útvegsmenn. „Þetta svokallaða samráð er bara sýndarmennska,“ segir Friðrik. Hann segir að kalla hefði átt hagsmunaaðila að borðinu við undirbúning frumvarpsins. Þó að frestur verði gefinn til að gera athugasemdir bendi fæst til þess að stjórnvöld ætli sér að hlusta á andstæð sjónarmið í málinu.

Framtíðarsýnin í sjávarútvegi, verði frumvarpið að lögum, er einföld, segir Friðrik: „Við verðum með mun lakari sjávarútveg en áður ef þetta gengur eftir, það blasir við, og þá lakari tekjur líka.“

Hann segir lítið vit í því að draga hundruð báta á flot til strandveiða yfir sumartímann, á meðan atvinnumenn í greininni séu atvinnulausir vegna skorts á aflaheimildum.

brjann@frettabladid.is


**BREYTINGAR** Útvegsmenn segja lítið vit í að draga hundruð báta á sjó til strandveiða á meðan atvinnumenn í greininni sitji atvinnulausir vegna skorts á aflaheimildum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða frægi hjólabrettamaður er staddur á Íslandi?
2. Hvaða íþróttalið átti 100 ára afmæli í gær?
3. Hvað heitir verjandi Geirs H. Haarde fyrir landsdómi?

SVÖR

1. Tony Hawk. 2. Valur. 3. Andri Árnason.

Verndaráætlun undirrituð:

## Mývatn og Laxá fá loksins skjól

**UMHVERFISMÁL Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra undirritar verndaráætlun Mývatns og Laxár í Mývatnsstofu á laugardag.**


SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

**Unnið hefur verið að verndaráætluninni um nokkurt skeið en áætlunin leggur traustan grunn að verndun og uppbyggingu á svæðinu og markar tímamót í verndun Mývatns og Laxár.**

**Lífríki Mývatns er einstætt og er talið að þar haldi sig fleiri andategundir en á nokkrum öðrum stað á jörðinni. Í Mývatnssveit er náttúrufar afar fjölbreytt og landslag sérstætt. Mývatn og Laxá eru á skrá um alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði, samkvæmt Ramsarsáttmálanum.** - shá


## Landsbankinn býður Pizza-Pizza ehf. til sölu

Hömlur ehf., dótturfélag Landsbankans hf., hefur falið Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans að annast sölu á öllu hlutafé í matvælafyrirtækinu Pizza-Pizza ehf.

Pizza-Pizza ehf. er umboðsaðili Domino's Pizza International á Íslandi og rekur 14 sölustaði undir vörumerki Domino's.

Söluferlið er opið öllum áhugasömum fjárfestum sem sýnt geta fram á fjárfestingargetu umfram 300 milljónir króna og hafa þekkingu og reynslu til að takast á við fjárfestingu af þessari stærð og í þessari atvinnugrein.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um söluferlið, stutta sölukynningu, trúnaðaryfirlýsingu og upplýsingaeyðublað fjárfesta á vef Landsbankans, www.landsbankinn.is.

**Frestur til að skila óskuldbindandi tilboði rennur út kl. 12:00, fimmtudaginn 9. júní 2011.**

**Nánari upplýsingar er að finna á www.landsbankinn.is.**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000


Gæslan leitar bjarndýra í eftirlitsflugi yfir Vestfjörðum:

## Engin ný spor að sjá

**UMHVERFISMÁL** Þyrla Landhelgisgæslunnar fór í gær í eftirlitsflug um friðlandið á Hornströndum þar sem sérstaklega var leitast við að finna merki um hvítabirni á svæðinu. Mikill almennur þrýstingur hefur verið um að farið yrði í slíkt flug, eftir að hvítabjörn var felldur í Rekavík bak Höfn 2. maí síðastliðinn, að því er segir í tilkynningu.

Frá Ísafirði voru firðir og fjörur kannaðar frá Aðalvík að Furufirði. Hvorki hvítabirni né spor var að finna en gömul för sáust í snjóskafli skammt frá þeim stað sem björninn var felldur fyrir tíu dögum.

Ágætt skyggni var til leitar, hæg breytileg átt en þó skýjað í 1.500 feta hæð. - shá


**HÆLAVÍKURBANGSINN** Þessi hvítabjörn var skotinn fyrir réttum tíu dögum. Engin ummerki eru um fleiri dýr. MYND/LHG


FASTUS

Vönduð rúm sem bæta lífsgæði



Frí dýna að verðmæti 61.500 kr. fylgir öllum keyptum rúmum út maí.

Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is

# SKÓLINN OPNAR DYR

## OPIN NÁMSKYNNING Í LAUGARDALSHÖLL
## Í DAG, 12. MAÍ KL. 11-16

**Kynntu þér nýja námsmöguleika í framhaldsskólum, frumgreinadeildum, háskólum og fullorðinsfræðslu.** Ráðgjafar frá Vinnumálastofnun og skólunum aðstoða þig við að finna heppilegustu leiðirnar til að bæta menntun, auka hæfni þína og fjölga atvinnumöguleikum. Kynningin er opin öllum.



### SKÖPUN

Skapandi greinar verða sífellt mikilvægari í atvinnulífinu og nú eru ársverk í þeim geira nærri 10.000. Ný hugverk eru verðmæti, störfin skemmtileg og þörfin fyrir skapandi starfskrafta mun halda áfram að aukast. Námsráðgjafar og skólar munu kynna námsleiðir og nýja möguleika á þessu sviði.



### TÆKNI

Á næstu árum er áætlað að fjöldi nýrra starfa skapist ár hvert í verk- og tæknigeiranum. Aukin þörf fyrir starfsfólk með menntun og hæfni í verklegum greinum skapar spennandi tækifæri fyrir alla sem vilja bæta við grunnmenntun sína og bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Fjölmörg námstækifæri á þessu sviði verða kynnt á námsstefnunni.



### UMÖNNUN

Með hækkandi meðalaldri og sífellt betri aðbúnaði fjölgar umönnunarstörfum ár frá ári. Eftirspurn eftir menntuðu starfsfólki er mikil og líklegt er að hún fari vaxandi næstu ár. Störf í þessum geira eru fjölbreytt og tækifærin mörg. Námsmöguleikar á framhalds- og háskólastigi verða kynntir auk ýmissa símenntunartækifæra.

## OPNIR FRAMHALDSSKÓLAR

Nú verður mun auðveldara en áður að komast að í framhaldsskóla eftir námshlé. Haustið 2011 munu skólarnir taka inn alla umsækjendur undir 25 ára aldri sem uppfylla skilyrði, ásamt eldri umsækjendum sem hafa lokið raunfærnimati vorið 2011.

## 1000 NÝ TÆKIFÆRI FYRIR ATVINNULEITENDUR

Þeim sem verið hafa á atvinnuleysisskrá frá því fyrir 1. mars gefst nú kostur á að stunda nám á haustönn án þess að greiða skólagjöld. Markmiðið er að veita 1000 umsækjendum aðgang að framhaldsskólum, frumgreinadeildum, háskólum og framhaldsfræðslu – með óskertum atvinnuleysisbótum í eina önn.

NÁM ER VINNANDI VEGUR

Kennarasamband Íslands · Alþýðusamband Íslands · Bandalag háskólamanna · Samband íslenskra sveitarfélaga · Vinnumálastofnun · Velferðarráðuneytið · Samtök atvinnulífsins · BSRB




**MÁTAR SÝNDARKÓRÓNU** Í skartgripaversluninni Garrard í London er nú boðið upp á nýja þjónustu. Með sýndarveruleikabúnaði geta viðskiptavinir mátað í spegli hin fegurstu höfuðdjásn án þess að snerta þau. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Bandaríska sérsveitin stækkuð á síðustu stundu fyrir árásina á bin Laden:

# Bjó sig undir átök við herinn

**PAKISTAN** Bandaríska sérsveitin, sem réð Osama bin Laden af dögum í Abottabad í byrjun mánaðarins, átti allt eins von á því að lenda í átökum við pakistanska herinn, enda var hún í heimildarleysi að stunda hernað á pakistönsku landsvæði. Þessu er haldið fram í bandaríska dagblaðinu New York Times. Þar segir að á síðustu stundu hafi verið ákveðið að fjölga verulega í sérsveitinni svo hægt yrði að bregðast við árásum frá pakistönskum hermönnum.

Breska dagblaðið The Guardian heldur því síðan fram að bandarísk stjórnvöld hafi fyrir nærri áratug fengið leyfi til þess frá pakistönskum stjórnvöldum að senda hermenn gegn bin Laden og tveimur öðrum yfirmönnum Al Kaída, ef þeir fyndust á pakistönsku landsvæði. Pervez Musharraf, þáverandi forseti Pakistans, segir ekkert hæft í þessum fréttum í Guardian.



**PAKISTANSKA ÞINGIÐ** Gilani forsætisráðherra hafnar ásökunum um vanhæfi leyniþjónustunnar. NORDICPHOTOS/AFP

Tengsl Bandaríkjanna og Pakistans hafa versnað eftir árásina á bin Laden. Pakistanar neita því að þarlendir áhrifamenn hafi vitað um felustað bin Ladens og fordæma jafnframt árásir Bandaríkjanna.

Bandaríkjamenn hafa engu að síður gert fleiri árásir á Pakistan síðan, síðast í gær þegar þrír menn létu lífið af völdum sprengjuárásar frá ómannaðri bandarískri flaug í norðvesturhluta landsins. - gb

Ákærður fyrir fjárdrátt:

# Dró sér átta milljónir króna

**DÓMSMÁL Lögreglustjórinn á Akureyri hefur ákært karlmann á fertugsaldri fyrir fjárdrátt að upphæð rúmlega átta milljónir.**

**Manninum er gefið að sök að hafa stundað fjárdráttinn á árunum 2009 og 2010, þegar hann vann hjá Bílum og þjónustu ehf. í Reykjavík og stjórnaði starfsemi félagsins á Akureyri.**

**Auk kröfu ákæruvaldsins um refsidóm gerir fyrirtækið bótakröfu á hendur honum sem nemur fjárhæðinni sem hann dró sér, ásamt vöxtum.** - jss

Amfetamín á Austurlandi:

# Lögreglan tók fíkniefnasala

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Eskifirði, í samvinnu við lögregluna í umdæmi lögreglustjórans á Seyðisfirði, lagði hald á um 25 grömm af amfetamíni um nýliðna helgi.**

**Við eftirlit lögreglu vaknaði grunur um að maður sem áður hefur komið við sögu lögreglu hefði fíkniefni undir höndum. Í samvinnu við lögreglu á Egilsstöðum var maðurinn handtekinn og í framhaldinu var lagt hald á um 25 grömm af amfetamíni. Talið er að efnið hafi verið ætlað til dreifingar á Austurlandi.** - jss

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Sektað vegna nagladekkja**
Lögreglan sektar nú ökumenn sem aka á nagladekkjum. Sektin er fimm þúsund krónur á hvert dekk. Lögreglan vill brýna fyrir ökumönnum að skipta sem snarast yfir á sumardekkin.

Peningalausir í pínulitlu herbergi í Reykjavík:

# Lögreglan vill tvo þjófa senda úr landi

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur sent Útlendingastofnun erindi þess efnis að tveir þjófar af erlendu bergi brotnir verði sendir úr landi. Þetta segir Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri.

Mennirnir sem um ræðir komu hingað til lands 1. maí síðastliðinn. Strax daginn eftir stálu þeir snyrtivörum úr verslun að verðmæti 37 þúsund krónur. Tveim dögum síðar tók lögregla þá þar sem þeir voru að stela vörum úr annarri verslun. Fannst varningurinn á þeim eftir að þeir höfðu verið færðir á lögreglustöð.

Við yfirheyrslur kom fram að mennirnir væru báðir peningalausir og dveldu saman í pínulitlu herbergi í Reykjavík. Hefðu þeir enga atvinnu og enga fjármuni til að framfleyta sér hér á landi. Mennirnir kváðust engin tengsl hafa við landið utan þau að annar þeirra sagðist eiga hér bróður.

**37** þúsund krónur er andvirði snyrtivara sem mennirnir stálu úr verslun daginn eftir að þeir komu til landsins.

Lögreglan lagði fram kröfu um gæsluvarðhald yfir mönnunum þegar þeir voru staðnir að síðari þjófnaðinum. Henni hafnaði Héraðsdómur Reykjavíkur og Hæstiréttur staðfesti síðan þann úrskurð. - jss




**ELVAR ÁRNI LUND** Mörgum þykir þegar nóg um greiðan aðgang útlendinga að hreindýraveiðum á Íslandi, segir formaður Skotveiðifélags Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR OG Á LAUGARDAG

# Nær að fjölga hreindýrum en hækka veiðileyfin

**Formaður Skotvís segir að ef menn vilji meiri arð af hreindýrum eigi frekar að koma upp fleiri hjörðum en selja veiðileyfin hæstbjóðanda. Veiðarnar eigi að vera forréttindi almennings en ekki útvalinna.**

**SKOTVEIÐI** „Það er algjör firra að hér verði seld þúsund hreindýraveiðileyfi á uppsprengdu verði," segir Elvar Árni Lund, formaður Skotvís, um fullyrðingar tveggja háskólamanna á Akureyri um að hægt verði að fá mun meiri tekjur af hreindýrum með því að selja leyfin hæstbjóðanda í stað þess að úthluta þeim á föstu verði.

Elvar segir Skotveiðifélag Íslands – Skotvís hafa átt stóran þátt í því að sala á hreindýraveiðileyfum var opnuð fyrir almenningi á sínum tíma. „Fram að því höfðu aðeins fáir útvaldir leyfi til að veiða hreindýr á Íslandi," segir Elvar og bendir á að hreindýrin séu í eigu þjóðarinnar. Um þau gildi það sama og um fugla að enginn landeigandi eða annar geti gert sérstakt tilkall til þeirra.

Elvar kveðst telja að hreindýraveiðar á hóflegu verði séu forréttindi sem almenningur eigi að fá að njóta. Erlendir veiðimenn standi jafnfætis Íslendingum varðandi möguleika á að sækja um veiðileyfi. „Mörgum þykir þegar nóg um og má benda á að víða erlendis eru erlendir veiðimenn krafðir um hærra verð fyrir veiðileyfi en heimamenn," segir hann.

Þá segir Elvar Íslendinga geta án mikillar fyrirhafnar gert sér mun meiri mat úr hreindýrastofninum en nú sé gert. „Sú hugmynd byggist á því að fjölga hreindýrum um norðanvert landið og jafnvel vestur á firði," segir formaður Skotvís. Hann bendir á að fjölga hreindýrum þannig að núverandi eftirspurn sé mætt megi sjá fyrir sér að ferðaþjónustuni verði úthlutað veiðileyfum. Þau verði jafnvel hægt að bjóða ár fram í tímann og þá á hærra verði en almenningur væri krafinn um enda væri þeim leyfum úthlutað mun seinna. „Þangað til á verðið alls ekki að hækka enda eiga hreindýraveiðar að vera búsetutengd forréttindi sem allir íslenskir veiðimenn eiga að hafa tök á að stunda."

Skotveiðimaðurinn Magnús Ársælsson segir hreindýraveiðina vera munað sem hann og félagar hans leyfi sér af takmörkuðum efnum. „Háskólamenntaðir á Akureyri segja að almúginn eigi ekkert að rembast þetta því þeir geti selt leyfin til útlendinga á þotum og til bankastjóra, stjórnarformanna og útrásarvíkinga. Það á ekki að gera hreindýraveiðar að útlendingasnobbi, þær eiga að vera fyrir hinn almenna Íslending," segir Magnús.

gar@frettabladid.is





**Efling-stéttarfélag**
**Verkalýðsfélagið Hlíf**
**Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis**

**Nýr kjarasamningur á almennum vinnumarkaði**
**– Póstatkvæðagreiðsla er hafin**

Hafin er sameiginleg **póstatkvæðagreiðsla um nýjan kjarasamning** Eflingar-stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis við Samtök atvinnulífsins **fyrir störf á almennum vinnumarkaði.**

**Atkvæðisrétt eiga allir félagsmenn í ofangreindum félögum sem vinna eftir þessum samningi og greiddu félagsgjöld til einhvers þessara félaga í mars/apríl 2011.**

Kjörgögn og kynningarefni hefur verið sent út samkvæmt kjörskrá.

Fái einhver sem telur sig eiga atkvæðisrétt ekki send kjörgögn, getur viðkomandi snúið sér til skrifstofu síns stéttarfélags, og fengið sig færðan á kjörskrá og greitt atkvæði, **enda leggi viðkomandi fram launaseðil** sem sanni afdregin félagsgjöld í mars/apríl 2011.

Tekið er við kjörskrárkærum samkvæmt framansögðu **til kl. 15.00 þriðjudaginn 24. maí en þá lýkur atkvæðagreiðslu um samninginn.**

**Athugið.** Til þess að tryggt sé að atkvæðið berist kjörstjórn fyrir lok tímafrests þá er nauðsynlegt **að póstleggja svarumslagið í síðasta lagi föstudaginn 20. maí.** En þeir sem það vilja geta skilað svarumslaginu á skrifstofu félaganna til kl. 15.00 þriðjudaginn 24. maí.

Reykjavík, 10. maí 2011.

**Kjörstjórn**
**Flóabandalagsins**

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör



NAUTA-MÍNÚTUSTEIK FERSK

46% afsláttur

1.889 kr/kg
áður 3.498 kr/kg

# VERÐUR **GRILLVEÐUR** UM HELGINA?



GRILLBORGARAR
4 x 80 G

31% afsláttur

379 kr/pk.
áður 549 kr/pk.



SVÍNAHNAKKASNEIÐAR
FERSKAR

50% afsláttur

999 kr/kg
áður 1.998 kr/kg



KJÚKLINGAVÆNGIR
TEX-MEX

40% afsláttur

359 kr/kg
áður 598 kr/kg



LAMBALÆRISSNEIÐAR
SALT & PIPAR

21% afsláttur

1.579 kr/kg
áður 1.989 kr/kg



SIRLOINSNEIÐAR
KRYDDAÐAR

1.499 kr/kg
áður 1.698 kr/kg



CAPRI SÚKKULAÐIBITAR
200 G

28% afsláttur

179 kr/pk.
áður 249 kr/pk.



RED ROOSTER
ORKUDRYKKUR
250 ML

51% afsláttur

69 kr/stk.
áður 139 kr/stk.



KANTALÓPUR
MELÓNUR

50% afsláttur

189 kr/kg
áður 378 kr/kg

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

**Tilboðin gilda 12. - 15. maí**
eða meðan birgðir endast



**GRAFIÐ EFTIR MÓNU LÍSU** Í klaustri heilagrar Úrsúlu í borginni Flórens á Ítalíu er nú hafin leit að jarðneskum leifum Lísu Gherardini svo ganga megi úr skugga um hvort hún hafi verið fyrirmynd málverks Leonardos da Vinci af Mónu Lísu. NORDICPHOTOS/AFP

Þjóðkirkjan og heilbrigðisstofnanir eru undanþegnar gjaldtöku samkvæmt lögum:

# Þurfa ekki að greiða gatnagerðargjöld

**STJÓRNSÝSLA** Þjóðkirkjan og húsnæði tengd heilbrigðisþjónustu eru einu stofnanir landsins sem þurfa ekki að greiða gatnagerðargjöld samkvæmt lögum. Alþingi, ráðuneytin og opinberar byggingar á vegum ríkis og sveitarfélaga þurfa að greiða gjöldin, sem og eigendur annarra lóða.

Fréttablaðið komst að þessu þegar rætt var við Ágúst Jónsson, framkvæmdastjóra eignasviðs Reykjavíkurborgar, vegna umfjöllunar um svæðið í kringum flugvöllinn í Vatnsmýri, en eigendur svæðisins hafa verið undanþegnir greiðslu á gatnagerðargjöldum síðan árið 1989.

Í samþykkt um gatnagerðargjald í Reykjavíkurborg segir að borgin innheimti gjaldið af fasteignum í þéttbýli innan lögsagnarumdæmisins. Gjaldskylda er óháð eignarhaldi á lóðum eða mannvirkjum.

Samkvæmt lögum um kristnisjóð, frá árinu 1970, er sveitarfélögum kaupstaða skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, frá árinu 2007, er sveitarfélögum einnig skylt að láta í té lóðir undir byggingar, ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda og lóðarleigu.

Að öllu jöfnu er gatnagerðargjald fimmtán prósent af byggingarkostnaði fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands. - sv



**KIRKJAN Á SELTJARNARNESI** Samkvæmt lögum þurfa sveitarfélög að láta þjóðkirkjunni lóðir í té án gatnagerðargjalds, bæði fyrir byggingu kirkna og heimili presta í umdæminu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


VELKOMIN Á BIFRÖST

HHS - heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði

Opinn dagur 21. maí



HHS undirbýr nemendur fyrir atvinnumarkað þar sem gerðar eru miklar kröfur og þróun er hröð.

Námið er einnig góður undirbúningur fyrir fjölbreytilegt framhaldsnám á sviði hug- og félagsvísinda. Í því fléttast saman þrjár grunngreinar hug- og félagsvísinda sem oftast eru kenndar hver í sínu lagi. Með því að blanda saman aðferðum heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði verður til óvenjulegt og innihaldsríkt grunnnám sem býr til óvænt og gagnleg sjónarhorn.

Opið fyrir umsóknir á bifrost.is

Upplifðu Bifröst

Komdu í heimsókn og kynntu þér námið í 1 dag til að fullvissa þig um að það henti þér. Á sama tíma geturðu skoðað líkamsræktina, kaffihúsið, leikskólann, golfvöllinn og fleira sem háskólasvæðið hefur upp á að bjóða.

Nánari upplýsingar á bifröst.is.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY




**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Orkuveitan vill nýta jarðhita við Gráuhnúka í Hellisheiðarvirkjun og kveður þá vinnslu engin áhrif munu hafa á loftgæði. Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis vill að fyrirtækið vinni nýja frummatsskýrslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heilbrigðisnefnd mótmælir niðurstöðu OR:

# Óttast loftmengun frá Gráuhnúkum

**UMHVERFISMÁL** Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis mótmælir þeirri fullyrðingu Orkuveitunnar að jarðhitanýting við Gráuhnúka muni engin áhrif hafa á loftgæði.

Skipulagsstofnun fól heilbrigðisnefndinni að veita umsögn um frummatsskýrslu Orkuveitunnar vegna fyrirhugaðrar vinnslu jarðhita við Gráuhnúka fyrir Hellisheiðarvirkjun.

Nefndin segir að viðhald loftgæða og endurheimt loftgæða hafi ekki fengið þá umfjöllun í frummatsskýrslu eins og óskað hafi verið eftir. Minna sé gert úr umhverfisáhrifum en efni standi til. Brennisteinsvetni í andrúmslofti hafi bein áhrif á heilsu og umhverfisgæði almennings í landinu. Tryggja verði lífsgæði almennings.

„Ekki er hægt að fallast á að loftmengun frá virkjunum á Hellisheiði og Nesjavöllum verði til frambúðar við og yfir heilsuverndarmörkum í íbúðar- eða frístundabyggðum í Kópavogi,“ segir heilbrigðisnefndin og bendir á að lögum um umhverfisáhrif sé ætlað að draga eins og kostur sé úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Frummatsskýrslan fullnægir ekki þeim skilyrðum og því ætti Skipulagsstofnun að skikka Orkuveituna til endurskoða skýrsluna frá grunni. Vegna samlegðaráhrifa og ófyrirséðra umhverfisáhrifa ætti að skoða ítarlega hvort ástæða sé til að setja orkuvinnslu og virkjanastaði á Hellisheiðarsvæðinu í sameiginlegt umhverfismat. - gar


Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...



AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins haldin miðvikudaginn 18. maí kl. 16.00, á skrifstofu félagsins að Haukanesi 23, 210 Garðarbæ.

*Dagskrá aðalfundar:*

Venjuleg aðalfundarstörf.

BLÁTT ÁFRAM!
www.blattafram.is



# GUERLAIN





Rouge Automatique

AUTOMATICALLY IRRESISTIBLE.

## 20% afsláttur af Guerlain snyrtivörum

### og spennandi kaupaukar í boði.

Guerlain kynning í verslun Hagkaups Holtagörðum dagana 12.-18. maí. Sérfræðingar Guerlain, Sigrún Inga og Rúna, verða á staðnum til að gefa þér faglega ráðgjöf.

### Kynning á nýjungum:

- Rouge Automatique nýr varalitur frá Guerlain, skartið sem þú verður að eignast. Hann er þægilegur, kynþokkafullur og helst vel á þínum vörum.

### Terracotta er lykillinn að hraustlegu útliti:

- Terracotta Serum, nokkrir dropar og þú viðheldur fallegum lit allt árið.
- Terracotta kastaníuvatn, fallega gylltur litur fyrir allan líkamann við öll tækifæri.
- Second skin effect. Hraustlegt útlit, léttur farði sem dregur fram ljóma húðarinnar.

### Nýtt fyrir húðina:

- Abeille Royale ný formúla hefur litið dagsins ljós. Notað er hunang frá “the black bee” sem finnst á eyjunni Ouessant Island þar finnst hreinasta hunang í heimi. Abeille Royale línan inniheldur; serum, dagkrem og næturkrem.

Gildir til 18. maí á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




1659 KR.KG

ÍSLENSKT HREFNUKJÖT Á GRILLIÐ



Norðanfiskur: Íslensk bleikja beinhreinsuð með roði

1598 KR.KG

BLEIKJA BEINHREINSUÐ M/ROÐI




3598 KR.KG

STÓR PILLAÐUR HUMAR 1 KG



NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS

BAGUETTE BRAUÐ

129 KR.STK




SPÖRUM GAS OG TÍMA

279 KR. 750g

ÞYKKVABÆJAR FORSOÐNAR BÖKUNARKARTÖRFLUR



1298 KR.KG

Ómissandi í frystinn. Þiðnar á klst í köldu vatni.

KS FROSIÐ **LAMBALÆRI** Í SNEIÐUM

Caj-P.
GRILLOLÍA 500ml
ÓMISSANDI Á LAMBAKJÖTIÐ
398 KR.



Nr.1

ÍSLANDS LAMB

VINSÆLASTA LAMBALÆRIÐ Í BÓNUS



1359 KR.KG

**Sérskorið ferskt Bónus lambalæri.** Efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er **meira kjöt og minna bein** á lærinu!

BÓNUS SÉRSKORIÐ **FERSKT LAMBALÆRI**




BESTA BORGARANN FÆRÐU HEIMA

| HAMBORGARA BRAUÐ-STÓR | 120g UNGNAUTA HAMBORGARAR | FABRIKKU-SÓSAN | BEARNAIS SÓSA |
|---|---|---|---|
| 159 KR. | 1598 KR. | 359 KR. | 259 KR. |
| 4 STK | 10 stk. | 300ml | 300ml |




U.Þ.B. 290 KR.PAKKINN

BÓNUS PYLSUR 10 STK 599 KR.KG

BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK 129 KR.



Þykkvabæjar




279 KR. 450g

ÞYKKVABÆJAR KARTÖFLUSALAT M.LAUK OG GRASLAUK

ALI GRÍSARIF FORELDUÐ !

Ali




FRÁBÆR Á GRILLIÐ EÐA Í OFNINN AÐEINS AÐ HITA...






ALI BABYBACK GRÍSARIF 1498 KR.

ALI SPARERIBS 1198 KR.KG.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# 195 kr. helgin í Bónus

Doritos 165g ÞRJÁR TEGUNDIR
195 KR. POKINN

NÝTT NÝTT NÝTT SWEET CHILLI PIPAR

195 kr.
*EUROSHOPPER* SALTHNETUR 500g

BÓNUS *SNAKK* 160g FJÓRAR TEGUNDIR
195 KR. POKINN

195 kr.
*BÓNUS* GRILLSÓSUR 270ml

195 kr.
BÓNUS FROSTPINNAR 15 STK.

195 kr.
BÓNUS KALDAR SÓSUR 400ml

195 kr.
*GÓU* HRAUN & ÆÐI 200g
195 kr. kassinn

BEST MEX
195 kr.
*BEST MEX* TACO SÓSUR 230g

195 kr.
HEINZ TÓMATSÓSA 570g

195 kr.
VOGA ÍDÝFUR 175g

195 kr.
FLORIDA SAFI 1 ltr. flaska

195 kr.
PEPSI & PEPSI MAX 2 ltr. flaska

195 kr.
EGILS MIX 2 ltr. flaska

TVÆR DÓSIR
1 LTR. 195 kr.
195 kr.
EUROSHOPPER
ORKUDRYKKUR 500ml

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

**FRÉTTASKÝRING:** Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar vegna mengunar frá sorpbrennslum á Íslandi

# Sofandaháttur einkennir málið

**Í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar er bent á fjölmörg atriði þar sem heilbrigðisyfirvöld brugðust í framkvæmd reglna um sorpbrennslustöðvar. Bæði umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun hafa ráðist í að stórbæta verklag sitt að undanförnu.**



**SORPBRENNSLA** Umhverfisstofnun hyggst beita Vestmannaeyjabæ dagsektum ef ekki verður brugðist við mengun frá stöðinni. Er það haft til marks um breytt vinnubrögð heilbrigðisyfirvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Ríkisendurskoðun fellir áfellisdóm yfir stjórnsýslu umhverfisyfirvalda vegna sorpbrennslna hér á landi og telur að Umhverfisstofnun og umhverfisráðuneytið hafi brugðist eftirlitsskyldum sínum.

Ríkisendurskoðun birti í gær skýrslu sína þar sem fjallað er um framkvæmd reglna um sorpbrennslustöðvar hér á landi og eftirlit með starfsemi þeirra, en Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra fór þess á leit við Ríkisendurskoðun í janúar að slík úttekt yrði gerð.

Tilefnið var Funamálið svokallaða sem kom upp eftir að díoxín mældist í mjólk á einu lögbýli í Skutulsfirði og í ljós kom að íbúar á Ísafirði höfðu litlar sem engar upplýsingar fengið um mengun frá sorpbrennslunni Funa.

### Undanþága

Árið 2000 gáfu Evrópuþingið og ráðherraráð ESB út tilskipun sem gerði strangari kröfur en áður giltu um hámarkslosun sorpbrennslna á mengandi efnum út í andrúmsloftið. Ákvæði tilskipunarinnar um hámarkslosun þýddu að sumar stöðvar urðu að setja upp fullkomnari brennslu- og reykhreinsunarbúnað en þær höfðu. Vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) bar stjórnvöldum að innleiða hér á landi tilskipanir ESB, þar á meðal á sviði umhverfismála.

Þegar til kom töldu íslensk stjórnvöld að ekki væri rekstrargrundvöllur fyrir sorpbrennslur hér á landi ef ströngustu kröfum yrði fylgt. Því beitti umhverfisráðuneytið sér fyrir því að sorpbrennslurnar hér fengju undanþágu frá tilskipuninni. Rökin voru að hér á landi ríktu sérstakar aðstæður, sorpbrennslur væru svo litlar að mengun frá þeim væri óveruleg og hefði lítil sem engin áhrif á umhverfið. Þá yrði kostnaður við að uppfylla skilyrðin brennslunum ofviða. Framkvæmdastjórn ESB hafði sínar efasemdir enda var reynsla af litlum sorpbrennslum slæm í Evrópu; þær menguðu mikið og voru almennt illa reknar.

### Haldlaus rök

Undanþágan fékkst, og þá hafa rök stjórnvalda hér væntanlega verið tekið góð og gild. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er það hins vegar upplýst að engin kostnaðargreining lá að baki fullyrðingum sveitarfélaga sem ráku sorpbrennslurnar um að þær yrðu knésettar með nýjum reglum. Ekkert lá heldur að baki fullyrðingum um litla mengun frá sorpbrennslum hér eða að stjórnvöld hefðu hugsað út í þann möguleika að fjármagna uppbyggingu mengunarvarnarbúnaðar til að uppfylla skilyrði tilskipunar ESB.

Það sem stingur sérstaklega í augun er að tilurð strangari reglna um mengandi starfsemi má rekja til kröfu Íslendinga á umhverfisráðstefnu sem haldin var í Rio de Janeiro árið 1992. Þar hafði Ísland frumkvæði að því að koma á alþjóðlegum reglum. Ísland fékk því undanþágu frá eigin baráttumáli.

### Skilyrði

Undanþága frá ákvæðum tilskipunarinnar var veitt með skilyrðum árið 2003. Stöðvarnar áttu að mæla losun eiturefnisins díoxíns einu sinni og endurskoða átti undanþáguna að fimm árum liðnum eða þegar ódýrari tækni gerði stöðvunum mögulegt að uppfylla kröfur tilskipunarinnar.

### Ráðuneytið brást

Ríkisendurskoðun telur að umhverfisráðuneytið hafi ekki framfylgt þessum skilyrðum. Hvað endurskoðun undanþágunnar varðar er dómur Ríkisendurskoðunar sá að þar hafi ráðuneytið brugðist með öllu; eðlilegt hefði verið í ljósi íslenskra hagsmuna að tryggja að endurskoðunin yrði framkvæmd innan tilsetts tíma. „Af gögnum málsins verður hins vegar ekki séð að umhverfisráðuneytið hafi haft neitt frumkvæði í þá veru,“ segir í skýrslunni.

Ríkisendurskoðun hnykkir á því að ráðuneytinu beri að hafa hagsmuni íslenskrar náttúru og íbúa á Íslandi að leiðarljósi. Hins vegar hafi öll áhersla umhverfisyfirvalda verið á að fá undanþágu án þess að ábyrgð væri skilgreind eða þá hvernig skyldi haga framkvæmd og eftirliti vegna aðlögunarinnar og tryggja hagsmuni almennings og náttúru á Íslandi.

### Díoxín í stórum skömmtum

Árið 2007 var díoxínlosun mæld hjá þremur af þeim fjórum sorpbrennslustöðvum sem þá störfuðu samkvæmt undanþágu frá tilskipun ESB. Niðurstöðurnar gáfu til kynna að losunin væri langt yfir þeim mörkum sem sett eru í tilskipuninni. Engu að síður fylgdu hvorki Umhverfisstofnun né umhverfisráðuneytið þessum mælingum eftir. Þá sá Umhverfisstofnun ekki til þess að díoxínlosun frá fjórðu stöðinni, á Svínafelli, væri mæld.

Ríkisendurskoðun bendir á að þær sorpbrennslustöðvar sem undanþágan tekur til hafi ítrekað brotið gegn ákvæðum reglugerða sem um þær gilda og að þrátt fyrir að Umhverfisstofnun hafi krafið stöðvarnar um úrbætur hafi ekki verið nóg að gert. Ekki hafi verið lagðar á dagsektir eða þær sviptar starfsleyfum, eins og hún geti gert að vissum skilyrðum uppfylltum.

Ríkisendurskoðun telur því að alvarlegir misbrestir hafi verið á eftirliti og eftirfylgni með sorpbrennslum sem féllu undir undanþágu frá tilskipun ESB um brennslu úrgangs. Árum saman lét eftirlitsaðilinn, Umhverfisstofnun, það líðast að rekstaraðilar þeirra færu ítrekað á svig við ákvæði í starfsleyfum þeirra, lögum og reglugerðum, segir í skýrslunni.

### Hagsmunir fólksins í landinu

Ríkisendurskoðun kveður einna þyngst að orði þar sem rætt er um hagsmuni almennings í skýrslunni. Þar segir að hagsmunir sveitarfélaganna hafi vegið þungt í allri ákvörðunartöku. Ekki hafi verið metið hvaða áhættu undanþágan hefði í för með sér fyrir umhverfi og mannlíf í nágrenni þeirra stöðva sem féllu undir hana.

„Þá höfðu umhverfisyfirvöld ekkert frumkvæði að því að kynna niðurstöður díoxínmælinga sem gerðar voru 2007 fyrir íbúum viðkomandi sveitarfélaga eða almenningi almennt,“ segir í skýrslunni.

### Áfellisdómur

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi segir skýrsluna áfellisdóm og sofandahátt yfirvalda einkenni málið allt. „Umhverfisyfirvöld gerðu ekki það sem þeim bar að gera. Allt við málið einkennist af því öll orkan fór í að komast hjá því að uppfylla skilyrði um mengun eða kosta nokkru til, sem virðist hafa ráðið úrslitum hvað þetta varðar.“

Bæði ráðuneytið og Umhverfisstofnun sendu frá sér tilkynningar í gær þar sem úttektinni er fagnað. Þar koma fram fjölmargar hugmyndir um bætt vinnubrögð.

Sveinn túlkar viðbrögð Umhverfisstofnunar og umhverfisráðuneytisins sem viðurkenningu á því að yfirvöld hafi brugðist. „Hins vegar hafa yfirvöld tekið verulega við sér eftir að þessi mengunarmál urðu umtalsefni og bætt verulega sín vinnubrögð,“ segir Sveinn.




Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is


## Viðbrögð umhverfisyfirvalda við skýrslu Ríkisendurskoðunar

### Umhverfisráðuneytið:

- Í skýrslunni koma fram mikilvægar ábendingar til ráðuneytisins um það sem betur hefði mátt fara í eftirfylgni með mengunareftirliti Umhverfisstofnunar með starfsemi sorpbrennslustöðva, um nauðsyn þess að styðja við faglegt starf Umhverfisstofnunar, um stefnumörkun í úrgangsmálum og um eftirfylgni ráðuneytisins þegar kom að endurskoðun undanþágu sem Ísland fékk frá tilskipun ESB um brennslu úrgangs árið 2003.
- Ráðuneytið tekur þessar ábendingar alvarlega og hefur þegar óskað eftir upplýsingum frá Umhverfisstofnun um hvernig einstök fyrirtæki hafa uppfyllt starfsleyfisskilyrði sín fyrir mengandi starfsemi. Þá mun ráðuneytið fara með Umhverfisstofnun yfir þvingunarúrræði sem hún hefur í því skyni að styrkja framkvæmd mengunarvarnalöggjafarinnar og skoða leiðir til að styrkja lagagrunn eftirlitsins svo sem með upptöku stjórnvaldssekta vegna mengunarbrota.

### Umhverfisstofnun:

- Umhverfisstofnun tekur undir ábendingar Ríkisendurskoðunar sem fram koma í skýrslu um málefni sorpbrennslna. Gerðar voru umfangsmiklar breytingar á Umhverfisstofnun á fyrri hluta árs 2008 og í kjölfarið mörkuð stefna til framtíðar. Í ljós kom meðal annars að bæta þyrfti eftirlit stofnunarinnar og þá sérstaklega eftirfylgni og beitingu þvingunarúrræða. Fyrir 2008 heyrði það til undantekninga að þvingunarúrræðum stofnunarinnar hafi verið beitt, eins og Ríkisendurskoðun bendir á, en frá árinu 2009 hefur þeim fjölgað hratt.
- Stofnunin mun beita viðeigandi þvingunarúrræðum en slíkum ákvörðunum hefur fjölgað mikið frá árinu 2009.
  - Lagt verður til við umhverfisráðuneytið að stofnunin fái heimild til að beita stjórnvaldssektum.
  - Gerð verður erlend úttekt á eftirliti stofnunarinnar.
  - Starfsmenn í eftirliti fái endurmenntun og starfsþjálfun.
  - Auglýst hefur verið eftir tveimur nýjum starfsmönnum í eftirlitsverkefni.
  - Fjölgað verður verulega óundirbúnum eftirlitsferðum.
  - Nýr vefur var opnaður í mars með upplýsingum um öll þau fyrirtæki sem stofnunin hefur eftirlit með.
  - Óskað verður í ríkara mæli við umhverfisráðuneytið eftir gjaldtökuheimildum til þess að standa undir verkefnum.
- Allar þær úrbætur sem Umhverfisstofnun tiltekur í skýrslu Ríkisendurskoðunar eru verkefni sem þegar hafði verið ákveðið að ráðast í til þess að styrkja starfsemi stofnunarinnar á grundvelli nýrrar stefnu frá árinu 2008. Til þess að svo megi verða þarf stofnuninni að vera búinn sambærilegur rekstrargrundvöllur og öðrum eftirlitsstofnunum, til dæmis þeim er hafa eftirlit með fjármálastofnunum, eins og Ríkisendurskoðun bendir á.
- Stofnunin fagnar því að umhverfismál séu meira til umfjöllunar en áður og því aðhaldi sem opinni umræðu fylgir. Markmið Umhverfisstofnunar er að vernda hag almennings og umhverfisins.


Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga




Ársfundur LSR og LH verður haldinn fimmtudaginn 19. maí nk. á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, kl. 15:00.

Dagskrá
- Skýrslur stjórna
- Tryggingafræðilegar úttektir
- Fjárfestingarstefna
- Ársreikningar 2010
- Skuldbindingar launagreiðenda
- Önnur mál

Fundurinn er opinn öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.

LSR Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Bankastræti 7 · Sími: 510 6100 · lsr@lsr.is · www.lsr.is

olís
Vinur við veginn

# 20% afsláttur af gasi
## í sumar

*Hrefna Rósa Sætran, yfirkokkur og eigandi Fiskmarkaðarins, notar Smellugas frá Olís.*




Þegar þú skilar inn tómum 9 kg stálkút, færðu 11 kg stálkút fylltan með gasi á aðeins

**4.380 kr.**

með 20% AFSLÆTTI AF INNIHALDI




### 20% AFSLÁTTUR AF GASI Í 2–11 KG STÁL- OG TREFJAKÚTUM

Á síðasta ári innleiddi Olís **Smellugas** sem er einfalt og þægilegt kerfi við gasnotkun. Þrýstijafnarann þarf ekki lengur að skrúfa á stútinn – honum er einfaldlega smellt á. **Þú færð þrýstijafnarann þér að kostnaðarlausu á næstu Olís-stöð.**

Nánari upplýsingar fást á smellugas.is, í síma 515 1100 og á næstu Olís-stöð.




**Smellugas fyrir grillið, útileguna og heimilið!**

PIPAR\TBWA • SÍA

# neytendur
*hagur heimilanna*

**813 KRÓNUR** er lítraverðið á rjóma samkvæmt nýjustu mælingu Hagstofu Íslands. Lítraverðið var 654 krónur snemma árs 2008 og hefur síðan hækkað um 24 prósent.

## GÓÐ HÚSRÁÐ Skipta tertubotni

*Botninn skorinn með tvinna*



Þegar skipta þarf tertubotni í tvennt, til dæmis til að setja fyllingu á milli, þá er gott að nota tvinna eða tannþráð svo skurðurinn verði jafn.

Fyrst skaltu skera beina línu með hníf allan hringinn og síðan leggur þú spottann í skurðinn, heldur í báða endana og dregur tvinnann í gegnum botninn.

Einnig er hægt að nota þessa aðferð þegar skera á köku í jafnar sneiðar.

**NEYTANDINN:** ERNA HAUKSDÓTTIR FRAMKVÆMDASTJÓRI

## *Gönguskór bestu kaupin*



Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, þarf ekki að hugsa sig lengi um þegar hún er spurð um bestu kaupin sem hún hafi gert.

„Það eru tvímælalaust gönguskórnir mínir. Ég keypti þá fyrir átján árum og nota þá enn í dag. Þeir voru mjög dýrir á sínum tíma en reyndust hverrar krónu virði.“

Svo skemmtilega vill til að verstu kaup sem Erna hefur gert tengjast einnig hreyfingu eða mögulega hreyfingarleysi.

„Ég gerði mín verstu kaup þegar ég fjárfesti í þrekhjóli á sínum tíma. Það er eitthvað það allra leiðinlegasta sem ég hef eignast og endaði með því að eftir nokkrar árangurslausar tilraunir gaf ég bróður mínum það. Ég keypti mér í staðinn alvöru hjól, sem reyndist mun betri fjárfesting.“

Skeljungur kærði ÓB vegna tungubrjóts í auglýsingu:

# ÓB var heimilt að auglýsa besta veðrið

ÓB, sem er í eigu Olíuverzlunar Íslands, mátti auglýsa að þar væri besta veðrið, samkvæmt úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála.

Skeljungur kærði ÓB til Neytendastofu á síðasta ári vegna auglýsingu bensíns ÓB. Auglýsingin var lesin í útvarpi og hljóðaði svo: „ÓB, besta veðrið.“

Að mati Skeljungs fól auglýsingin í sér brot gegn ákvæðum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. „Nokkuð augljóst sé að ÓB geti ekki staðið við það að á bensínstöðvum þess sé besta veðrið. Kærandi telji því að í auglýsingunni sé verið að vísa til þess tungubrjóts að segja „veðrið“ í staðinn fyrir „verðið“ og öfugt, sbr. tungubrjótinn: „Það er farið að verða verra ferðaveðrið.“ [...]“, er kemur fram í úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála. Fram kemur einnig í bréfi kæranda að Orkan, sem er rekin af Skeljungi, sé í flestum tilfellum með ódýrara bensín en ÓB.

ÓB hætti útsendingu auglýsinganna og ákvað Neytendastofa því ekki að aðhafast meira í málinu. Þá niðurstöðu staðfesti áfrýjunarnefndin eftir að Skeljungur áfrýjaði málinu í upphafi árs. - sv




**GOTT VEÐUR HJÁ OLÍS** ÓB tók auglýsingu úr birtingu eftir kæru Skeljungs.

# Móðir lét vita af ofnæmisvaldi í köku

**Innköllunum vegna ofnæmisvalda og ófullnægjandi innihaldslýsinga matvöru hefur fjölgað mjög síðustu vikur. Í gangi er sérstakt eftirlitsverkefni Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits. Fólk fylgist betur með en áður og lætur vita.**

Sérstakt átak Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits með merkingu ofnæmisvalda í matvöru hefur skilað sér í aukinni árvekni neytenda. Jónína Stefánsdóttir, matvælafræðingur hjá Matvælastofnun, segir tíðari fregnir af innköllunum matvæla hafa gert það að verkum að fólk fylgist betur með og ábendingum til stofnunarinnar hafi fjölgað.

Ríflega tveir þriðju hlutar allra innkallana Matvælastofnunar á matvöru það sem af er ári eru vegna ófullnægjandi innihaldslýsingar. Þá er yfir helmingurinn til kominn frá því í aprílbyrjun þegar eftirlitsátakið til að fylgjast með merkingum matvæla hófst.

Meðal nýlegra innkallana má nefna kjúklingasúpu frá Ektafiski þar sem hveitis var ekki getið í innihaldslýsingu, en það er algengur ofnæmisvaldur. Sama átti við um innköllun á Gunnars kokteil-, hamborgara-, sinneps-, graflax- og Dijon hunangssósum.

Þá skorti á að í kassa með íspinnum frá Emmessís, merktum Topp 5, væri getið um óþols- og ofnæmisvaldana sojalesitín og hnetur (möndlur) sem er að finna í Daimtoppum.

Alvarlegt jarðhnetuofnæmiskast drengs sem flytja varð á sjúkrahús varð til þess að móðir hans lét vita af því að Kryddkaka frá bakaríinu Hjá Jóa Fel væri ekki rétt merkt. Í kjölfarið kannaði Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur málið og lét kalla inn vöruna.

Jónína segir annars allan gang á því hvað verði til þess að vara sé innkölluð, hvort það sé eftirlit heilbrigðiseftirlits, ábendingar einstaklinga eða heilbrigðisstarfsfólks þar sem hægt hefur verið að greina uppruna ofnæmiskasta.

Á vef Matvælastofnunar er áréttað að til að vernda heilsu neytenda sem þjást af fæðuofnæmi, eða -óþoli, sé mikilvægt að tryggja að fyrir liggi ítarlegar upplýsingar um samsetningu matvæla. Fjöldi innkallana vegna vanmerktra ofnæmis- og óþolsvalda á umbúðum hafi orðið til þess að stofnunin hafi á vef sínum birt sérstaka upplýsingasíðu um merkingar ofnæmis- og óþolsvalda og leiðbeiningar um hvernig beri að merkja þá á matvörum.

olikr@frettabladid.is



**Í BÚÐINNI** Alla jafna er innihaldslýsing vöru ítarleg enda löggjöf sem kveður á um hvernig að henni skuli staðið orðin nokkurra ára gömul. Nokkur misbrestur hefur hins vegar reynst á að ofnæmis- og óþolsvalda sé getið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ofnæmisvaldar

Fram kemur á vef Matvælastofnunar (www.mast.is) að samkvæmt reglugerð séu helstu ofnæmisvaldar: „Allt korn sem inniheldur glúten (hveiti, rúgur, bygg, hafrar, spelt og kamut), egg, fiskur, jarðhnetur, sojabaunir, mjólk (þ.m.t. laktósi), hnetur (möndlur, heslihnetur, valhnetur, kasúhnetur, pekanhnetur, pistasíuhnetur og macadamia-hnetur), sellerí, sinnep, sesamfræ, brennisteinsdíoxíð og súlfít, úlfabaunir, krabbadýr og lindýr.“

## Innkallanir Matvælastofnunar það sem af er ári*

| Dags. | Mál | Vara |
|---|---|---|
| 07.02.11 | Mengun af völdum nóróveira | Alletiders Frugt Hindbær |
| 09.02.11 | Grunur um díoxín | Íslandsnaut hamborgarar/lasagne og Bónus borgarar |
| 14.02.11 | Grunur um listeríu | Reykás grafinn lax |
| 08.03.11 | Vanmerktir ofnæmis- og óþolsvaldar | Hagkaup pizza (pepperoni/skinka) |
| 11.03.11 | Lyfjavirk efni í vaxtarræktarvöru | SuperPump 250 |
| 18.03.11 | Vanmerktir ofnæmis- og óþolsvaldar | Grænn kostur Hummus og döðluvefja |
| 18.03.11 | Vanmerktir ofnæmis- og óþolsvaldar | Krónan Kartöflusalat |
| 18.03.11 | Vanmerktir ofnæmis- og óþolsvaldar | Krónan „Lasagne ferskt“ |
| 24.03.11 | Vanmerktir ofnæmis- og óþolsvaldar | Bónus Hrásalat og Kartöflusalat |
| 25.03.11 | Vanmerktir ofnæmis- og óþolsvaldar | Kjarnafæði kartöflu- og hrásalat |
| 31.03.11 | Vanmerktir ofnæmis- og óþolsvaldar | Fjöldi salata frá Salathúsinu |
| 04.04.11 | Mítlar í blönduðum ávöxtum | Hagver blandaðir ávextir |
| 06.04.11 | Kristallamyndandi efni í fóðri | Icelandpet gæludýrafóður |
| 07.04.11 | Vanmerktar umbúðir | Goði blóðmör og Goði lifrarpylsa |
| 07.04.11 | Vanmerktir ofnæmis- og óþolsvaldar | Emmessís Skafís/Rjómaís með Daim-kúlum |
| 08.04.11 | Óleyfileg litarefni í fæðubótarefnum | EAS Myoplex og Finish |
| 13.04.11 | Vanmerktir ofnæmis- og óþolsvaldar | Euroshopper Fish Fingers |
| 15.04.11 | Vanmerktir ofnæmis- og óþolsvaldar | Krónan Bragðarefur |
| 26.04.11 | Vanmerktir ofnæmis- og óþolsvaldar | Kryddkaka frá Hjá Jóa Fel |
| 26.04.11 | Vanmerktir ofnæmis- og óþolsvaldar | Topp5 ís frá Emmessís |
| 03.05.11 | Vanmerktir ofnæmis- og óþolsvaldar | Gunnars Majones sósur |
| 09.05.11 | Vanmerktir ofnæmis- og óþolsvaldar | Kjúklingasúpa frá Ektafiski |

**Frekari upplýsingar um vöruheiti, framleiðanda og framleiðsludagsetningar innkölluðu vörunnar er að finna á vef Matvælastofnunar, www.mast.is.*



# Það eru 318.452 Íslendingar í kjaraklúbbi Múrbúðarinnar

## Gott verð fyrir alla - alltaf







### Byggingarefni á Múrbúðarverði!

- Gifsplötur
- Stálstoðir
- Krossviður
- Spónarplötur
- Mótakrossviður
- MDF plötur
- Steinull
- Byggingatimbur
- Styrkleikaflokkað timbur
- Heflað timbur

**MÚRBÚÐIN**
**GRÓFVARA**
Bakkabraut 9-11, Kópavogi
Sími: 517 6062

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

## Málning, gólfefni, múr- og þéttiefni fyrir húsið

**Reykjavík** Kletthals 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
**Suðurnes** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18
**Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
**Húsavík** Garðarsbraut 50. Opið virka daga kl. 8-18
**Vestmannaeyjar** Flatir 29. Opið virka daga kl. 8-18

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

**216,8** **STIG VAR GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR** í lok síðustu viku. Gengi krónunnar hafði þá ekki verið veikara í tæpt ár, eða frá 27. maí árið 2010.

Breski seðlabankinn spáir minni hagvexti á árinu:

# Líklegt að stýrivextir hækki fyrir árslok

Verðbólga í Bretlandi verður líklega yfir markmiðum og hagvöxtur minni en áætlað var næstu tvö árin, samkvæmt ársfjórðungsspá Englandsbanka sem birt var í gær. Breska dagblaðið The Guardian hefur eftir seðlabankastjóranum Mervyn King að horfur til skamms tíma hafi versnað frá því í febrúar.

Í spánni kemur fram að almenn hækkun á vöruverði samhliða hækkun á virðisaukaskatti í Bretlandi muni koma illa við neytendur. Það hægi svo á efnahagsbatanum eftir fjármálakreppuna.

Breski seðlabankinn gaf síðast út verðbólguspá í febrúar. Þar er gert ráð fyrir því að verðbólga verði í kringum 2,0 prósent um næstu áramót en einu prósentustigi hærri að ári. Í nýju spánni er gert ráð fyrir að verðbólga verði í kringum 5,0 prósentin næstu tvö ár og að hagvöxtur verði 1,7 prósent um áramótin í stað 2,0 prósenta. Gert er ráð fyrir 2,2 prósenta hagvexti á næsta ári í stað 3,0 áður. Greiningaraðilar höfðu almennt reiknað með því að Englandsbanki myndi draga úr




**NEFJUM STUNGIÐ SAMAN** Breski seðlabankastjórinn Mervyn King, sem hér ræðir við kollega sinn Ben Bernanke, segir hækkun á hrávörumörkuðum hægja á efnahagsbatanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

horfum frá í febrúar, ekki síst þar sem hagvöxtur var 0,3 prósentustigum undir hagspá bankans á fyrsta ársfjórðungi.

Dagblaðið hefur eftir seðlabankastjóranum King að erfitt sé að spá fram í tímann, einkum vegna öfgafullra sveiflna á hrávöruverðsmörkuðum. Ekki megi útiloka að stýrivextir verði hækkaðir fyrir árslok einmitt til að hindra að verðbólga fari úr böndunum. **- jab**

Tveir bandarískir bankar vinna með Íslendingum:

# Eiga að ákveða sölu á Iceland-keðjunni

Slitastjórn gamla Landsbankans hefur ráðið bankana UBS og Bank of America Merrill Lynch sem ráðgjafa um framtíð bresku matvörukeðjunnar Iceland Foods. Síðastnefndi bankinn vinnur jafnframt með Icelandic Group um hugsanlega sölu á erlendum eignum.

Gamli Landsbankinn á 67 prósenta hlut í Iceland Foods. Í netútgáfu breska viðskiptablaðsins Financial Times í gær sagði að bankarnir myndu leggja mat á það hvort selja ætti fyrirtækið fljótlega eða bíða betri tíma.

Malcolm Walker, stofnandi og forstjóri Iceland Foods, lagði fram tilboð í verslunina í fyrra upp á einn milljarð breskra punda, jafnvirði tæpra 190 milljarða króna á núvirði. Því var ekki tekið. Financial Times segir skilanefndina geta fengið talsvert hærri upphæð fyrir hana, 1,8 til tvo milljarða punda, allt að 370 milljörðum króna. **- jab**

**Hæstiréttur Írlands**

**VARÐANDI ALLIED IRISH BANKS P.L.C. OG VARÐANDI (STÖÐUGLEIKA) LÖG UM LÁNASTOFNANIR 2010 ("LÖGIN")**

Þann 14. apríl 2011 gaf Hæstiréttur Írlands út úrskurð um víkjandi skuldaábyrgðir samkvæmt 29. gr. laganna, *inter alia* um breytingu á ákveðnum skilmálum og/eða kjörum víkjandi skulda Allied Irish Banks plc. (´AIB´) með eftirfarandi ISIN kóðum:-

XS0498532117; XS0498531069; XS0498530178; XS0435957682; XS0435953186; XS0368068937; XS0232498393; XS0214107053; XS0208845924; XS0197993875; XS0180778507; XS0100325983; XS0227409629; XS0120950158; XS0208105055; XS0257734037; XS0257571066; IE0000189625

Dómstóllinn tilkynnti að úrskurðurinn um víkjandi skuldaábyrgðir væri endurskipulagningarráðstöfun vegna tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins frá 4. apríl 2001 nr. 2001/24/EC.

Samkvæmt 31.gr. laganna er hægt að setja fram beiðni til Hæstaréttar Írlands, Four Courts, Inns Quay, Dublin 7, Írlandi, með tillögu um fyrirvara byggðan á eiðsvarinni yfirlýsingu, eigi síðar en fimm virkum dögum eftir úrskurðinn um víkjandi skuldaábyrgðir, í því skyni að að víkja til hliðar úrskurðinum um skuldaábyrgðir samkvæmt skilyrðum þar í.

Samkvæmt 64 (2) gr. laganna er áfrýjun vegna úrskurðar um víkjandi skuldaábyrgðir til hæsta dómsstigs óheimil án leyfis Hæstaréttar. Hægt er að nálgast afrit af úrskurðinum hjá aðalskrifstofum Hæstaréttarins með því að senda tölvupóst á: listroomhighcourt@courts.ie



**GÁMAR Á HAFNARBAKKANUM** Hættulegt getur verið að flytja inn meira en flutt er úr landi, að sögn forstöðumanns greiningar Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Mikilvægt að draga úr einkaneyslunni

**Efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS hefur gengið eftir og landið er að snúa úr djúpri kreppu í lítils háttar hagvöxt. Ekkert má út af bregða og mikilvægt er að halda kúrs, segir forstöðumaður greiningardeildar Arion banka.**

„Við höfum góð spil á hendi og nú er mikilvægt að við spilum rétt úr þeim. Það er undir okkur sjálfum komið hvernig til tekst," segir Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka.

Í nýrri hagspá bankans sem birt var á þriðjudag kemur fram að hagkerfið sé að snúa úr dýpsta samdráttarskeiði um áratugaskeið í lítils háttar hagvöxt. Deildin gerir ráð fyrir um eins prósents hagvexti á þessu ári en um 2,0 á næsta ári. Til samanburðar spáir Seðlabankinn 2,3 prósenta hagvexti á þessu ári.

Ásdís segir að markmið Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafi verið að Ísland rétti úr kútnum. Það hafi gengið eftir og efnahagslíf landsins liti vel út í alþjóðlegum samanburði.

„Þetta er vissulega ekki mikill



**ÁSDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR**

hagvöxtur, batinn er brothættur þótt hann hafi verið sársaukafullur og lítið má út af bera til að við förum úr hagvaxtarskeiði í samdrátt aftur," segir hún.

Ásdís bendir á mikilvægi þess að halda kúrs. „Við erum að koma okkur upp úr hruninu og erum búin að taka á erfiðum málum. Nú þurfum við að horfa fram á veginn og passa okkur á því að leysa þau verkefni sem fram undan eru. Við þurfum að skila afgangi af ríkisrekstri, halda áfram að fylgja þeirri áætlun eftir sem við höfum sett okkur og greiða niður skuldir.

Þá þurfum við að skila afgangi af viðskiptum við útlönd. Við megum ekki sjá neysluna fara í gang. Ef hún gerir það þurfum við að flytja meira út. Það hefur ekki gengið eftir og því verðum við að halda neyslu í skefjum," segir hún og bendir á tölur um kröftugan vöxt í innflutningi máli sínu til stuðnings.

Ásdís segir nýlega samninga ASÍ og SA um launahækkanir ekki það sem hagkerfið þurfi á að halda um þessar mundir. „Þetta er ein hættan. Við erum að horfa á of miklar launahækkanir og keðjuverkandi áhrif af þeim. Launakostnaður fyrirtækja hækkar, það eykur verðbólgu og getur aukið atvinnuleysi þar sem fyrirtækin geta ekki borið kostnaðinn. Að mínu mati förum við fram úr okkur," segir Ásdís.

**jonab@frettabladid.is**

Íslenskur hugbúnaður vekur athygli í helstu tölvu- og tæknitímaritum heims:

# Alltaf þörf á góðum forritum

„Hugbúnaðurinn hefur vakið gríðarlega mikla athygli enda var mikil þörf á honum. Við fáum nú tíu þúsund heimsóknir á vefsíðu okkar á dag í stað sjötíu," segir Pratik Kumar, stofnandi og framkvæmdastjóri hugbúnaðarfyrirtækisins App Dynamic. Pratik hefur verið búsettur hér í meira en áratug, hóf störf hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Oz og er íslenskur ríkisborgari.

Fyrir hálfum mánuði hóf fyrirtækið sölu á hugbúnaðinum AirServer. Hann gerir þeim sem eiga tækjabúnað frá Apple, svo sem iPad, iPod Touch og iPhone-snjallsíma, kleift að streyma hljóð- og myndefni úr tækjunum í annan tækjabúnað frá Apple og spila efnið í borð- og fartölvum sem tengja má við sjónvarp. Fyrir á markaðnum var hugbúnaðurinn Banana TV. AirServer kostar þrjá Bandaríkjadali, rúmar 340 krónur, sem er þriðjungur af verði hugbúnaðar keppinautarins, auk þess að búa yfir fleiri möguleikum. Þar að auki er hægt að keyra hugbúnaðinn á tæplega tíu ára gömlum Appletölvum.

Hugbúnaðinn byggir Pratik á öðrum forritum sem hann hefur smíðað í gegnum tíðina, svo sem Remote HD, sem um nokkurt skeið var á lista forritaverslunar Apple (AppStore) yfir þau forrit sem seldust best og skiluðu hvað mestu í kassann.

Helstu fjölmiðlar heims sem fjalla um tölvur og tækni ráku augun í hugbúnaðinn fljótlega eftir að hann kom á markað og hafa skrifað um hann lofsamlegar greinar. Þar á meðal eru MacWorld, Wired, Gizmodo og Wall Street Journal.

Eins og fram kom í ítarlegu viðtali við Pratik í Fréttablaðinu seint í síðasta mánuði stofnaði hann App Dynamic fyrir um ári. Hann hefur búið til ýmsan hugbúnað fyrir tækjabúnað frá Apple sem hann hefur selt með góðum árangri í forritaverslun Apple. AirServer er hins vegar fyrsta forrit Pratiks sem hann kýs að selja sjálfur fremur en í versluninni.



**HÖFUNDUR AIRSERVER** Fjöldi heimsókna á vefsíðuna þar sem hugbúnaðurinn AirServer er seldur fór úr sjötíu á dag í tíu þúsund eftir umfjöllun erlendra tímarita. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Pratik segir erlend tæknifyrirtæki hafa sýnt hugbúnaði hans mikinn áhuga og hann eigi í viðræðum við alþjóðleg fyrirtæki um smíði sambærilegs hugbúnaðar fyrir sjónvörp.

Þeir sem vilja geta skoðað hugbúnaðinn á vefsíðunni www.airserverapp.com. **- jab**



Fyrirtæki sem lokið hafa úrvinnsluferli Beinu brautarinnar eru laus við **óvissu** og geta starfað af **krafti**.



## Beina brautin

# Það **skiptir** máli að koma hlutunum á hreyfingu

**230** lítil og meðalstór fyrirtæki í viðskiptum við Arion banka hafa lokið úrvinnsluferli **Beinu brautarinnar** og eru nú reiðubúin að láta til sín taka í atvinnulífinu.

Það er ekki einungis mikilvægt fyrir fyrirtækin sjálf og starfsmenn þeirra heldur ekki síður mikilvægt fyrir íslenskt samfélag að fyrirtækin séu laus við óvissu og geti starfað af krafti, sjálfsöryggi og gert áætlanir til framtíðar.

**Beina brautin** felur í sér samkomulag um að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum aðstoð við fjárhagslega endurskipulagningu. Að samkomulaginu standa fjármálafyrirtæki, hagsmunasamtök atvinnulífsins, efnahags- og viðskiptaráðuneytið og fjármálaráðuneytið fyrir hönd ríkissjóðs.

**Forskot er dýrmætt í atvinnurekstri. Þess vegna hvetjum við þau fyrirtæki sem ekki hafa enn skilað inn gögnum til að hafa samband við okkur.**







Getur þitt fyrirtæki komist á **Beinu brautina?** Hafið samband við okkur fyrir **1. júní.**





Markmið stjórnvalda með **Beinu brautinni** er að öll fyrirtæki sem uppfylla skilyrðin fái tilboð fyrir **1. júní.**

Arion banki hefur boðið 90% allra fyrirtækja sem eru í viðskiptum við bankann og falla undir skilyrði **Beinu brautarinnar** tilboð um úrlausn.




Hafðu samband við okkur í síma **444 7000**, á **arionbanki.is** eða komdu í næsta útibú. **Við tökum vel á móti þér.**

Arion banki

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kynferðisbrotakærum rignir yfir lögreglu.

## Efla verður kynferðisbrotadeild

Stöðug fjölgun kynferðisbrota á borði lögreglu er mikið áhyggjuefni. Jafnvel þótt líklegt teljist að kynferðisbrotum hafi í raun ekki fjölgað jafnmikið og þeim málum sem koma á borð lögreglu heldur skýrist fjölgunin að minnsta kosti að hluta af góðu heilli þverrandi umburðarlyndi í samfélaginu gagnvart slíkum brotum, eins og Helgi Gunnlaugsson afbrotafræðingur bendir á í frétt í blaðinu í dag.

Helgi bendir einnig á að vaxandi vitund borgaranna um kynferðisbrot og meiri umræða í fjölmiðlum geti skýrt fjölgun kynferðisbrotamála hjá lögreglu.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Það eru út af fyrir sig góðar fréttir að hærra hlutfall þeirra sem fyrir kynferðisbrotum verða skuli fara með þau til lögreglu. Ekki er þó hægt að loka augunum fyrir því að sá möguleiki er vissulega fyrir hendi að um fjölgun brota sé að ræða. Eins og Helgi bendir á þá er ekki hægt að útiloka að fjölgun brotanna endurspegli sérhyggju og græðgi góðærisáranna „sem líkja má við siðrof“.

Yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Björgvin Björgvinsson, sagði í frétt blaðsins í gær að kynferðisbrotamál kæmu yfirleitt í bylgjum til lögreglu en að nú væri aukningin hins vegar stöðug. Þetta sagði hann valda lögreglunni miklum áhyggjum. „Við höfum hreinlega ekki undan,“ sagði hann.

Hver sem skýringin er á fjölgun kynferðisbrotamála hjá lögreglu þá hljóta viðbrögðin að felast í að efla kynferðisbrotadeildina. Lágt hlutfall kæra í kynferðisbrotamálum og enn lægra hlutfall dóma er þekkt staðreynd. Þegar við bætist að rannsóknardeildin annar ekki málafjöldanum verður útlitið enn svartara. Því blasir við að byggja verður kynferðisbrotadeildina upp þannig að hún ekki bara anni málum heldur nái helst að auka hraðann við vinnslu þeirra.

Skilvirkt starf kynferðisbrotadeildar er ekki bara lykillinn að því að fjölga ákærum og dómum í kynferðisbrotamálum heldur sjálfsögð þjónusta við þolendur afar sársaukafullra brota. Það blasir við að löng bið brotaþola eftir því að rannsóknadeild ljúki störfum sínum þannig að unnt sé að taka ákvörðum um ákæru hlýtur að taka mjög á og draga úr kjarki til að halda málinu til streitu. Sömuleiðis hlýtur vitneskja um að kynferðisbrotadeild anni illa verkefnum sínum að bera í sér fælingarmátt frá því að kæra kynferðisbrot til lögreglu.

Mikill sigur felst í því að þagnarhjúpnum hefur verið svipt af kynferðisbrotum þannig að þeim þolendum kynferðisofbeldis sem bera harm sinn í hljóði fer fækkandi. Við megum ekki gleyma því að ekki er nema um það bil aldarfjórðungur síðan bæði kynferðisbrot, ekki síst gagnvart börnum, og ofbeldi í nánum samböndum lágu nánast í þagnargildi.

Næsta verkefni er að bjóða þolendum kynferðisofbeldis upp á skilvirka rannsókn á málum þeirra, allt frá móttöku í kjölfar brots. Í framhaldinu væri svo eðlilegt að sjá fjölgun ákæra og dóma í kynferðisbrotamálum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óskhyggja

Gunnar Bragi Sveinsson og þrír aðrir alþingismenn stigu í pontu í gær og lýstu yfir vanþóknun sinni og áhyggjum af málflutningi og orðfæri þingmanna. Lögðu þeir áherslu á að ef Alþingi ætli sér að vinna traust almennings á nýjan leik verði þingmenn að haga orðum sínum með siðaðri hætti. Lofsvert er að benda á þetta mein og krefjast úrbóta, en því miður er þar sennilega um óskhyggju að ræða og ólíklegt að bragarbót verði þar á. Er vísað til sögunnar í þeim efnum.



### Siðrof?

Í umræðunum var minnst á að siðrof hefði orðið í kjölfar hrunsins. Svo má vera, en það er ekki eins og pólitískt skítkast manna á milli sé eitthvað nýtt. Ýmsir gullmolar hafa fengið að fljúga á þingi í gegnum árin, eins og „afturhaldskommatittur“, „skítlegt eðli“, „gunga og drusla“ og þar fram eftir götunum.

Sumt breytist einfaldlega ekki.

### Afsökunarbeiðni

Í dálkinum á þriðjudag var fullyrt að úttekt Ríkisendurskoðunar hefði leitt í ljós að Ólafur Haukur Johnson, skólastjóri Menntaskólans Hraðbrautar, hefði „misfarið með almannafé í áraraðir“. Slíka fullyrðingu er ekki að finna í úttekt Ríkisendurskoðunar þótt þar séu ýmsar athugasemdir gerðar við rekstur Hraðbrautar og samskipti menntamálaráðuneytisins við skólann. Orðalag í dálkinum var sömuleiðis óviðeigandi og á köflum meiðandi í garð Ólafs. Fréttablaðið biðst afsökunar á mistökunum.



thorgils@frettabladid.is, ritstjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Bótaskylda vegna breytinga

Skipulagsmál

Magnús Skúlason

arkitekt og formaður Íbúasamtaka miðborgar



Er hræðsla borgaryfirvalda um væntanlegar bætur ef undið væri ofan af skipulagsmistökum síðari ára á rökum reist? Brýn þörf er á að breyta deiliskipulagi vegna varðveislu gömlu byggðarinnar innan Hringbrautar og Snorrabrautar. Það þýðir í reynd fækkun fermetra í nýbyggingum. Er víst að það valdi einhverjum fjártjóni? Verða ekki fermetrar í gömlu húsi í fallegu umhverfi verðmætari en í nýju húsnæði sem jafnvel treður á umhverfi sínu? Á ekki að láta reyna á „tjónið“ fyrir rétti? Í hverju tilviki þarf þá „tjónþoli“ að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni. Það er nefnilega ekki sjálfsagt að allar breytingar á skipulagi og varðveisla húsa valdi tjóni nema síður sé. Af hverju eru t.d. Þjóðverjar að byggja upp borgarmiðjur í Dresden og Frankfurt í takt við það sem áður var? Væntanlega af því það borgar sig.

Sýnt hefur verið fram á það út um allan heim ekki síst á meginlandinu og vestanhafs að það getur verið arður af arfinum. Þarna spilar ánægja borgaranna inn í. Í hvers konar umhverfi þrífst fólk best? Hér í Reykjavík vantar skýra stefnu í húsvernd og skipulagi innan Hringbrautar og Snorrabrautar. Á árunum 1995-1997 voru unnar tillögur að „Húsvernd Í Reykjavík“ Sú vinna varð aldrei hluti Aðalskipulags eins og nauðsynlegt er. Tók heldur ekki á Laugavegssvæðinu. Aftur voru unnar tillögur um sama efni sem nefnist „Borgar- og húsverndarstefna Reykjavíkur, skýrsla vinnuhóps/maí 2008“. Sú skýrsla er enn að velkjast í kerfinu. Skipulagsyfirvöld segjast vera að vinna í málinu og það tengist gerð nýs aðalskipulags og Þróunaráætlunar miðborgarinnar. Ekki er enn ljóst hvað út úr því kemur. Að mínu mati á hin almenna regla að vera sú að varðveita nánast öll eldri hús á svæðinu og nýbyggingar séu vandaðar og taki fullt tillit til byggðarinnar sem fyrir er. Þetta þýðir endurskoðun á því deiliskipulagi sem í gildi er og síðan verða borgaryfirvöld að taka slaginn hvað bætur varðar ef einhverjar verða.

Það voru orð í tíma töluð í leiðara Fréttablaðsins sl. mánudag þar sem segir um borgaryfirvöld: „Vilja þau halda áfram og sökkva dýpra í fen skipulagsmistaka fortíðarinnar – sem er líka dýrt – eða vilja þau höggva á þennan hnút og hlúa að að gömlu húsunum í miðbænum?“.

Ef til vill er það ekki eins dýrt og menn halda. Látum á það reyna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Erum við of fá?

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Oft heyri ég sagt, einkum eftir hrun, að Íslendingar séu of fáir til að geta haldið uppi hagsælu og heilbrigðu samfélagi. Þessi skoðun hvílir á tveim meginstoðum. Önnur er þessi: Lítið land líður fyrir skort á hæfum mannskap. En þá segi ég: Fólk er að jafnaði alls staðar eins að upplagi hvort heldur í litlum löndum eða stórum. Eini markverði munurinn á fólki frá einu landi til annars er sá, að sum lönd hlúa betur en önnur að sínu fólki. Málið snýst um þróunarstig, ekki fólksfjölda. Hráefnið er alls staðar eins, en það er af manna völdum mislangt komið á þroskabrautinni. Í Aþenu til forna bjuggu 200.000 manns og vegnaði vel. Feneyjar og Flórens blómstruðu á miðöldum með 115.000 og 70.000 íbúa.

**Fámenni: Böl eða blessun?**

Hin stoðin undir þeirri skoðun, að fámennið sé „mesta félagsböl Íslendinga," eins og Einar Benediktsson skáld komst að orði (Íslendingar voru þá um 100.000), er þessi: Fámennið kallar á innherjaviðskipti, klíkuskap og spillingu, því að allir þekkja alla og hylma yfir með öllum. Þessu er ég ekki heldur sammála. Í fámennum löndum ætti að veitast auðveldara en ella að reisa skorður við spillingu einmitt vegna þess, að allir vita, hvar skórinn kreppir. Hér er að ýmsu að hyggja, bæði rökum og reynslu.

Löndum heimsins hefur fjölgað verulega síðustu ár, og þau eru nú að meðaltali fámennari en fyrr. Árin 1990-1994 urðu til tuttugu ný lönd við hrun Sovétríkjanna og af öðrum ástæðum. Smæðin gerir nú minna til en áður, þar eð greið millilandaviðskipti gera hverju landi kleift að bæta sér upp óhagræði smæðarinnar með viðskiptum við útlönd.

Smæð, það er fólksfæð, hefur bæði kosti og galla. Grísku heimspekingarnir Platon og Aristóteles héldu fram kostunum. Platon færði rök að því, að réttur fjöldi heimila hvers lands væri 5.040; þetta er ekki prentvilla. Miðað við tíu manns í heimili (börn, gamalmenni, þræla og annað búalið) þýðir þetta um 50.000 manns í allt. Platon vildi, að fólksfjöldinn væri ekki meiri en landið þolir. Aristóteles taldi, að hvert ríki þyrfti að vera nógu lítið til að láta að stjórn og jafnframt nógu stórt til að geta staðið undir sér. Rök Aristótelesar hafa staðizt tímans tönn. Kjarni málsins er sá, að smálönd eru samheldnari en stór lönd og hafa því jafnan færri sérhagsmunahópa og að því skapi skárri stjórn á sínum málum í friði fyrir úlfúð og sundurþykkju, sem einkennir sum fjölmenn samfélög, þó ekki Japan. En smæðin kostar sitt, því að færri skattgreiðendur standa þá bak við fastakostnaðinn við opinbera þjónustu. Smálönd þurfa að bæta sér upp óhagræði smæðarinnar með skilvirkri hagstjórn og eru ólíklegri til að búa yfir nægum auði til að hafa ráð á góðri og óspilltri stjórnsýslu. Þannig getur smæð leitt af sér spillingu og einnig í gegnum fákeppni, klíkuskap og refsileysi í skjóli meðvirks ákæruvalds og dómskerfis. Auk þess eiga stjórnvöld í litlum löndum auðveldara með að halda fjölmiðlum í skefjum. Hagkvæmni stærðarinnar er þó ekki heldur einhlít, þar eð í stórum löndum geta stjórnvöld í krafti stærðarinnar stundum kreist meira út úr auðlindum lands og sjávar til að friðþægja bakhjarla sína og komast því upp með verri stjórnarhætti en ella. Af þessum rökum á báða bóga má ráða, að við þurfum að spyrja: Hvort vegur þyngra, kostir smæðarinnar eða gallarnir?

> Ef fólksfæð dregur úr spillingu og örvar hagvöxt, svo sem rannsóknir virðast benda til, bæta þau tíðindi horfur Íslands.

**Fegurð smæðarinnar**

Hér koma reynslurökin til skjalanna. Rannsóknir sýna, að spilling er á heildina litið minni í litlum löndum en stórum, ef eitthvað er. Smæðin virðist efla aðhaldið að spillingaröflunum meira en hún ýtir undir spillinguna. Spilling er alvarlegt vandamál í Indlandi og Kína, tveim langfjölmennustu löndum heims. Rannsóknir sýna einnig, að litlum löndum vegnar að jafnaði betur en stórum í efnahagslegu tilliti. Kostir smæðarinnar yfirgnæfa gallana. Risunum tveim í Asíu fleygir samt fram. Ég gerði fyrir nokkrum árum eigin athugun á málinu og komst að sömu niðurstöðu og flestir aðrir. Einn lykillinn að velgengni smálandanna virðist vera, að þeim tekst oft að velta ýmsum fastakostnaði smæðarinnar yfir á herðar fjölmennari vinaríkja líkt og Íslendingar létu Atlantshafsbandalagsþjóðirnar kosta varnir Íslands í meira en 60 ár, þar til herinn hvarf á braut um árið gegn vilja íslenzkra stjórnvalda.

Ef fólksfæð dregur úr spillingu og örvar hagvöxt, svo sem rannsóknir virðast benda til, bæta þau tíðindi horfur Íslands. Reynslan sýnir að auki, að minni spilling glæðir vöxtinn. Vandi Íslands er því ekki fólksfæðin, heldur spillingin auk annars. Það er gott, þar eð það er miklu hampaminna að uppræta spillinguna en margfalda fólksfjöldann. Við þurfum að snúast gegn spillingunni með hug og orði. Þess vegna lagði ég til hér í Fréttablaðinu 8. júlí 2010, að sérstök stofnun yrði sett á fót til að hamla spillingu á Íslandi líkt og gert var í Svíþjóð 2006, óspilltu landi að kalla. Nú leyfi ég mér að ítreka tillöguna.

AF NETINU

## Hagsmunir og klíkur

Nú skilst mér að fram sé komið frumvarp um breytingu á stjórnun fiskveiða, eða hvað svo sem það heitir; kallað kvótafrumvarp.

Ég sé að flokkssystir mín hún Ólína Þorvarðardóttir, biður fólk um að bíða með að tjá sig mikið um frumvarpið fyrr en eftir að það hefur verið birt en ég er alveg ósammála henni þar.

Einfaldlega vegna þess að það átti fyrir löngu síðan að vera búið að birta það.

Ég er kominn með bölvaða leyndarhyggjuna upp í kok og þegar þingmaður biður mig að tjá mig ekki strax, kasta ég hlutum. Og ég er alls ekki viss um að þetta frumvarp geti talist efndir á kosningaloforðum og stjórnarsáttmálum.

blog.eyjan.is/sludrid
**Björgvin Valur Guðmundsson**

## Af hverju?

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um sjávarútvegsmál er loksins komið fram. Það nær auðvitað ekki nógu langt til að gleðja þá sem vildu fara lengst í breytingum, og heldur ekki nógu stutt til að gleðja hina sem engu vildu breyta. Og nú verður rifist um það fram og til baka á næstunni hvað það þýðir. Sem mér finnst í rauninni stórskrýtið. Þetta er mál sem ætti að vera búið að ræða í þaula.
Allir ættu að vera búnir að koma sér upp viðamikilli þekkingu á jafnvel hinum fínustu blæbrigðum kvótakerfisins. Og vita nákvæmlega hvaða afleiðingar hvaða breytingar hafa.

blog.eyjan.is/illugi
**Illugi Jökulsson**

FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN




BESTU RITDEILURNAR, ÁDREPURNAR, SKAMMIRNAR OG ALLAR HINAR AÐSENDU GREINARNAR ERU Á VÍSI.

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Meira úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í topp–upplausn með greiðara og einfaldara aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir

alain mikli ™ ®

Alain Mikli í Linsunni



Sýning á gleraugum frá Alain Mikli fimmtudag, föstudag og laugardag

Einstök ný hönnun og fallegir litir
Komdu – Mátaðu – Upplifðu

LINSAN
Aðalstræti 9 • 551 5055


# Á að senda skattborgurunum reikninginn?

Sjávarútvegur


Einar K. Guðfinnsson
alþingismaður




Margt er sagt um skuldir sjávarútvegsins og því miður ýmislegt mjög ýkjukennt. Það er því einnar messu virði að skoða þau mál eilítið. Nú vill svo til að Hagstofan hefur nýverið birt gögn um þessar skuldir. Samkvæmt þeim voru nettóskuldir sjávarútvegsins 450 milljarðar króna í árslok 2009. Nauðsynlegt er að tala um nettóskuldir. Þá er búið að draga frá birgðir, sem geta verið mis miklar um áramót og skekkja myndina sé ekki tekið tillit til þeirra í samanburði.

Þetta er ekki lág tala, en hún er óralangt frá þeim ýkjufréttum sem sagðar hafa verið af skuldum greinarinnar. Tölur Hagstofunnar eru í samræmi við það sem áður hefur komið fram frá útgerðunum og það sem Birna Einarsdóttir bankastjóri Íslandsbanka sagði um mitt ár í fyrra. Í máli hennar kom fram að 82% lána til sjávarútvegsfyrirtækja væru í skilum, 10% í endurskipulagningu, 8% á athugunarlista og vanskil engin. Þegar horft er til allra útlána bankans til fyrirtækja eru 46% í skilum, 41% í endurskipulagningu, 9% á athugunarlista og 4% í vanskilum.

Þessar tölur tala sínu máli og ástæða til þess að leggja þær á minnið til þess að forðast óábyrgt tal um sjávarútveginn.

### Að hvíla stálið

En rétt er það hins vegar að sjávarútvegurinn er skuldugri nú en áður. Og hvernig ætli standi á því?

Í öllum fiskveiðiréttarkerfum, þar sem takmarka þarf aðgang að auðlindinni, verður tilhneiging til þess að draga úr sóknartengdum kostnaði. Aðlaga afköst skipastólsins að afrakstursgetu fiskistofnanna. Sem betur fer. Það er ekki mikil skynsemi í því að vera með ofvaxinn skipastól, sem ekki er hægt að beita til veiða. Við kölluðum það oft að hvíla stálið, hér áður og fyrr. Það er líklegra til árangurs fyrir útgerðirnar, sjómennina, starfsfólkið í sjávarútvegsfyrirtækjunum og umfram allt þjóðarbúið, að sækja hinn takmarkaða afla með sem minnstum tilkostnaði. Það er meðal annars forsenda þess að sá sem hefur heimild til að nýta auðlindina geti greitt eigandanum, ríkinu, það afgjald sem við teljum eðlilegt. Ein forsenda þess er að binda ekki óþarflega mikið fjármagn í skipum, sem ekki má nýta nema með takmörkuðum hætti til veiða.

Svo virðist sem margir skauti framhjá þessari augljósu staðreynd. Fyrir vikið verður umræðan svo ruglingsleg, eins og við höfum svo lengi fylgst með.

> Hvor leiðin er betri og réttlátari, sú sem sendir útgerðarmönnunum reikninginn eða sú sem sendir hann til skattborgaranna?

### Aukin hagkvæmni

Í fiskveiðiréttarkerfi, eins og kvótakerfinu, reyna menn að draga úr hinum sóknartengda kostnaði. Fækka skipunum, en nýta þau betur og hagkvæmar. Heildartekjurnar minnka hvorki né vaxa fyrir vikið, en afraksturinn verður meiri. Þetta er einn meginkostur þess aflahlutdeildarkerfis sem við búum við. Í okkar sjávarútvegskerfi er það útgerðin sem fjármagnar þessa mikilvægu aðlögun skipastólsins að afrakstursgetunni. Og auðvitað á það sinn þátt í skuldum greinarinnar.

Það er hins vegar sjávarútvegurinn sjálfur sem ábyrgð ber á þessum skuldum. Ekki ríkissjóður og ekki skattborgararnir. Það hlýtur að vera aðalatriði.

### Reikningurinn sendur skattborgurunum

Í öðrum ríkjum reyna menn líka að laga afkastagetuna í flotanum að afrakstursgetu fiskistofnanna. En almennt eru það ekki útgerðirnar sem borga brúsann, heldur ríkissjóðirnir. Á mæltu máli; það eru skattborgararnir sem fá reikninginn.

Tökum dæmi um ESB. Evrópusambandið er með gríðarlega víðáttumikið styrkjakerfi fyrir sjávarútveg, sem á ensku heitir European fisheries fund (EFF). Þessir styrkir ná til áranna 2007 til 2013 og nema alls um 700 milljörðum króna, eða 100 milljörðum á ári. Til fróðleiks eru tekjur íslenska ríkisins á þessu ári áætlaðar um 470 milljarðar og tekjuskattur einstaklinga í kring um 110 milljarðar. ESB ver sem sagt árlega álíka upphæð í styrki til sjávarútvegsins og svarar til alls tekjuskatts einstaklinga hér á landi.

Álitlegur hluti þessara fjármuna rennur til þess að draga úr flotastærð og betrumbóta á skipum og skyldra hluta. Þessir styrkir nema 185 milljörðum á tímabilinu, eða 25 milljörðum á ári.

### Hvort er meira í þágu almannahagsmuna?

Þetta er munurinn. Okkar sjávarútvegur tekur á sig kostnaðinn við að aðlaga flotann að því sem við megum fiska. Skattborgararnir fá sendan reikninginn frá útgerðum innan ESB. Er það sú leið sem menn vilja fara? Hvor leiðin er betri og réttlátari, sú sem sendir útgerðarmönnunum reikninginn eða sú sem sendir hann til skattborgaranna? Og svo ég riti hér á blað hugtak, almannahagsmunir, sem menn nota svo oft í þjóðmálaumræðunni um þessar mundir og spyrji enn: Hvort þjónar almannahagsmunum betur, að láta útgerðirnar sjá um þessa nauðsynlegu aðlögun, eða fela almenningi í landinu að gera það með aurunum úr veskinu sínu?

# Skógrækt eða náttúruvernd

Skógrækt


Snorri Baldursson
líffræðingur og áhugamaður um náttúruvernd




Helgi Gíslason skrifar grein í Fréttablaðið þann 7. apríl sl. þar sem hann leggur út af fyrri grein minni í sama blaði, 22. febrúar sl. Þar lýsti ég þeirri eindregnu skoðun að skógræktarstarf landsmanna, eins og það er nú stundað með miklum ríkisstyrkjum en litlu regluverki, væri gengið út í öfgar. Hertar reglur um innflutning og dreifingu framandi tegunda, þar með talið trjátegunda, eins og boðaðar eru í frumvarpi að nýjum náttúruverndarlögum væru því fagnaðarefni en ekki tilefni hótana. Þetta hefur lengi verið einlæg skoðun mín og kemur núverandi og fyrrverandi störfum ekkert við (sjá t.d. grein mína í Mbl 28. október 2001).

Náttúruverndarlögum, eins og nafnið bendir til, er ætlað að vernda náttúru landsins og „tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt“, eins og segir í 1. grein laganna. Skógrækt með stórvöxnum erlendum tegundum tryggir ekki þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum heldur breytir henni á afgerandi hátt; tryggir þróun náttúrunnar eftir forskrift skógræktarmanna. Skógrækt af því tagi er þess vegna ekki náttúruvernd heldur afbrigði landbúnaðar og getur átt fullan rétt á sér sem slík ef hún er framkvæmd af fyrirhyggju og umhyggju fyrir landinu. Endurheimt birkiskóga með friðun lands eða öðrum hóflegum inngripum manns ins er hins vegar náttúruvernd því hún er í takt við eðlilega þróun íslenskrar náttúru.

> Endurheimt birkiskóga með friðun lands eða öðrum hóflegum inngripum er náttúruvernd

Semsagt skógrækt getur verið náttúruvernd en er það ekki alltaf og alls ekki þegar menn eru að rækta blandskóga eða hreina barrskóga í íslenskum úthaga. Þetta þurfa menn að hafa á hreinu því um þetta snýst ágreiningurinn. Þarna þarf að greina algerlega á milli til að vitræn umræða um ríkisstyrkta skógrækt geti farið fram.

Það er því ótækt að talsmenn skógræktar feli sig á bak við náttúruvernd þegar þeir eru í raun að tala fyrir hreinni jarðrækt. Blandskógrækt með fjölda erlendra tegunda á ekkert skylt við endurheimt horfinna gróðurlenda landsins. Það líka ótækt að talsmenn skógræktar, sem hafa mikil ítök meðal almennings, skuli ítrekað snúa Samningnum um líffræðilega fjölbreytni upp í andhverfu sína. Það er ekkert í þeim samningi sem heitir „líffræðileg fábreytni“ og samningurinn mælir fortakslaust gegn því að notaðar séu framandi tegundir til að endurheimta spillt vistkerfi.

Skógræktin hefur vissulega stuðlað að friðun birkiskóga, en oftar en ekki var upprunalegi tilgangurinn sá að gróðursetja í þá stórvaxnari tegundir. Þetta sjáum við á Þingvöllum, í Vaglaskógi, Hallormsstaðaskógi og víðar. Skaftafelli og Þórsmörk var hins vegar „bjargað frá“ Skógræktinni. Talsmenn ríkisstyrktrar skógræktar segja að þeir gróðursetji ekki lengur barrtré í birkiskóga landsins. Hvernig væri þá að taka skrefið til fulls og greina algerlega á milli skógræktar með innfluttum tegundum til viðarframleiðslu, á takmörkuðum landbúnaðarsvæðum, og skóggræðslu með innlendum tegundum í þágu náttúruverndar utan ræktarlanda?

A Member of
The Linde Group
AGA





# AGA GAS ER ÖRUGGT VAL HEIMA OG Í FRÍINU

Þú getur verið afslappaður og öruggur við grillið með AGA gas. Öruggur um að þú ert að nota gæðavöru og að þú fáir góða þjónustu þegar þú þarft áfyllingu á gashylkið, hvort sem þú nýtir þér heimsendingarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu eða þegar þú heimsækir söluaðila AGA. Sem stærsti söluaðili própangass á norðurlöndunum býður AGA upp á margar stærðir og gerðir gashylkja. Sérfræðingar AGA geta veitt þér góð ráð um hvaða hylki hentar best miðað við aðstæður og hvernig best er að meðhöndla própangas.

Farðu á www.gas.is og finndu nálægan sölustað eða sæktu öryggisleiðbeiningar og fáðu upplýsingar um AGA gas.

**ÍSAGA ehf. • www.gas.is**
**Breiðhöfða 11 • 110 Reykjavík • Sími 5773000**

***Söluaðilar ÍSAGA ehf. á höfuðborgarsvæðinu:***
*ÍSAGA:* Breiðhöfða 11 og Eyrartröð 8, Hafnarfirði - ***Verslanir BYKO***

***Umboðsmenn ÍSAGA ehf á landsbyggðinni:***
*Selfoss:* Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548. ***Vestmannaeyjar:*** Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar, s. 481 3226. ***Sauðárkrókur:*** Byggingarvörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626. ***Reyðarfjörður:*** Landflutningar–Samskip, s. 458 8840. ***Ísafjörður:*** Þröstur Marsellíusson hf, s. 456 3349. ***Akureyri:*** Sandblástur og málmhúðun hf, s. 460 1515.

# Hneisa í Hörpu

Menning
Þröstur Ólafsson
hagfræðingur



Daginn eftir vígslutónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu 4. maí s.l. komu ýmsir að máli við mig og spurðu undrandi, hvernig stæði á því að þeim skyldi ekki hafa verið sjónvarpað. Landsmenn ættu heimtingu á að taka þátt í þessum einstaka viðburði. Þeir vissu sem var að frá síðasta starfi mínu hafði ég tengsl bæði til hljómsveitarinnar og Hörpu og héldu að ég hlyti að vita ástæðuna. Fannst þeim sem við mig ræddu það fáheyrt að sjónvarpa ekki frá slíkum atburði. Ég sagði eins og var að ég hefði ekki hugmynd, en taldi í fljótfærni minni að um væri að kenna áhugaleysa sjónvarpsins á alvöru menningu. Þar á bæ væri áhugi fyrir ódýru og heldur lágkúrulegu dagskrárefni. Síðan las ég á visir.is að sjónvarpið hefði verið reiðubúið til að sýna frá atburðinum, en stjórnendur Hörpu hefðu bannað það. Svo fylgdi í kjölfarið yfirlýsing frá kynningarfulltrúa Hörpu þess efnis að ástæða synjunarinnar væri að ekki hefði verið búið að ganga nægilega frá húsinu til að sjónvarpa það kvöld. En allt yrði klárt kvöldið eftir. Þá yrðu aðrir tónleikaranir teknir upp og sýndir einhverntíma seinna. Þetta fannst mér kyndug útskýring. Ekki sá ég neitt inní Eldborg þann 4. maí sem benti til þess að ekki væri í lagi að sjónvarpa þaðan. Hvað skyldi það hafa verið sem var svo ófrágengið þann 4. en komið í gott lag þann 5. maí? Þetta var mér ráðgáta.

> Stjórnendur Hörpu féllu því miður á fyrsta prófinu.

Ég hafði því samband við framkvæmdastjóra sinfóníuhljómsveitarinnar og tjáði hann mér að þar á bæ hefði verið búið að finna kostunaraðila fyrir útsendinguna, en stjórnendur Hörpu sögðu nei. Ástæðuna viss hann ekki. Ég fór því að velta fyrir mér hvað gæti legið þarna að baki. Skýring kynningarfulltrúa Hörpu var augljóslega klaufalegt yfirvarp. Þá minntist ég viðtals, sem ég annaðhvort las eða sá, við Þórunni Sigurðardóttur, forstjóra Hörpu, þar sem hún sagði að sinfónían ætlaði að halda sína fyrstu tónleika 4. maí en opnunarhátíðin yrði 13. maí. Þetta var skýringin. Sinfóníuhljómsveit Íslands, með Níundu Beethovens, Ashkenazy og Víking Heiðar mátti ekki vígja húsið formlega og þar með skyggja á hina formlegu opnunarhátíð. Því varð að skipta þessu upp. Annars vegar sinfónían með sína tónleika, hins vegar hinir sem opna formlega, þar sem bein útsending er leyfð. Stjórnendur Hörpu féllu því miður á fyrsta prófinu. Það er hneisa að vígsla hússins með fyrrnefndu stjörnuliði hafi ekki hlotið náð fyrir augum stjórnendanna og að þeir hafi gripið til þess örþrifaráðs að banna hljómsveitinni og sjónvarpinu að senda út beint frá atburðinum. Hverra hagsmuni var verið að vernda er ósvarað, því allt sem er afbrigðilegt á Íslandi tengist sérhagsmunum.

Vonandi verður þetta hneyksli ekki að reglu, þannig að stjórnendur Hörpu ætli sér í framtíðinni að beita húsbóndavaldi gegn útsendingum á afburða listviðburðum, sem kunna að skyggja á aðra sem þar verða haldnir. Slíkt vald má ekki liggja hjá stjórnendum Hörpu, sem er greinlega ekki treystandi fyrir því, heldur hjá flytjendum sjálfum. En fall er fararheill. Vígsluhátíðin var í senn glæsileg og virðuleg og hæfði þessari fallegu og ofur vönduðu tónlistarhöll. Íslendingar mega vera stoltir af því að alltaf var haldið ótrautt áfram með byggingunna þrátt fyrir margan andbyr. Nú eigum við loksins menningarhelgidóm sem þolir hvaða samanburð sem er við erlend tónlistarhús. Þökkum forsvarsfólki ríkis og borgar á framkvæmdatíma fyrir framsýni, áræðni og hugvit að byggja slíkt eftirlætisheimili fyrir tónlistina, þá dýru list. Gæfa fylgi Hörpu.

AF NETINU

## Talsmáti á Alþingi og sátt þjóðar og þings



Stjórnmálin eru í uppnámi eftir hrun. Endurnýjun þingmanna var nokkur í kosningunum 2009 en ekki nóg. Endurskoðun á stefnumálum er komin lítt áleiðis. Stjórnmálaflokkarnir eru tregir til umræðu um ábyrgð og mynda innanflokksbandalög til að þagga niður samræður um hvað hafi farið úrskeiðis í starfi og stefnu.

Virðing Alþingis bíður hnekki vegna vanrækslu stjórnmálaflokka eftir hrun að gera upp. Játning á mistökum er forsenda fyrirgefningar samfélagsins.

Talsmáti þingmanna sem ekki kunna sig er þeim til vansa. Alþingi verður samt sem áður ekki tekið í sátt þótt þeir orðljótu héldu sér saman.

pallvil.blog.is

**Páll Vilhjálmsson**




# Nýtt úrræði til að bæta geðheilsu

Geðrækt
Valgerður Baldursdóttir
yfirlæknir á geðsviði Reykjalundar
Inga Hrefna Jónsdóttir
forstöðusálfræðingur Reykjalundar

Starfsfólki geðsviðs Reykjalundar er sönn ánægja að kynna útgáfu handbókar um hugræna atferlismeðferð, sem bæði er komin út í bókarformi og í netútgáfu, þar sem sækja má hljóðskrár með texta bókarinnar. Í fyrsta sinn er slíkt efni á íslensku sett inn á veraldarvefinn þ.e. efni sem getur nýst almenningi til sjálfshjálpar, þegar lífið reynir á.

Opnað var formlega fyrir vefsíðu bókarinnar þann 7. apríl s.l. en bókina má nálgast á vefsíðunni www.ham.reykjalundur.is eða á vefsíðu Reykjalundar www.reykjalundur.is. Gegn vægu gjaldi er hægt að kaupa aðgang að netútgáfu bókarinnar í 3 mánuði hið minnsta. Þar er hægt að hlusta á textann og hlaða niður í eigin tölvu og síðan setja inn á önnur tæki ef vill. Þar er hægt að stækka letrið, setja litaðan bakgrunn, vista verkefnablöð í eigin tölvu o.fl. Allt er þetta hugsað til að ná til sem flestra.

Reykjalundur hefur boðið upp á hugræna atferlismeðferð frá árinu 1997, að undirlagi Péturs Haukssonar geðlæknis. Meðferðarhandbókin hefur verið í stöðugri þróun en aldrei fyrr hefur hún verið gefin út fyrir almennan markað í vönduðu bókarformi. Forsagan er sú að margir af okkar skjólstæðingum áttu við lesblindu eða einbeitingarörðugleika að stríða og áttu því erfiðara með að nýta sér meðferðina sem skyldi. Eftir því sem hugmyndin þróaðist blasti veraldarvefurinn við sem nærtækasti miðillinn. Við fengum síðan áheyrn og í kjölfarið ómetanlegan stuðning líknarfélags, sem ásamt stjórn Reykjalundar gerði okkur kleift að koma verkefninu í framkvæmd. Bókin er upphaflega samin sem meðferðarhandbók í hugrænni atferlismeðferð við þunglyndi og þannig munum við nota hana áfram sem hingað til bæði í einstaklings- og hópmeðferð.

Hugræn atferlismeðferð byggir á þeirri kenningu að neikvæðar hugsanir valdi vanlíðan og hafi auk þess áhrif á hvernig maður bregst við þ.e. á hegðun. En depurð, framtaksleysi og neikvæðar hugsanir einskorðast ekki við þá sem eiga við alvarlegt þunglyndi að stríða. Við vitum að margir hans átta sig á ástandinu. Fyrir þá sem eiga við vægt þunglyndi að stríða getur sjálfshjálp með aðstoð svona efnis jafnvel dugað til að brjótast út úr vanlíðaninni, en þegar um alvarlegri einkenni er að ræða geta augun opnast fyrir því að leita þurfi frekari hjálpar í heilbrigðiskerfinu. Hópmeðferð eða námskeið byggð á hugrænni atferlismeðferð nýtast mörgum. Með hjálp meðferðaraðila er hægt að nota þessa nálgun hugrænnar atferlismeðferðar til að vinna dýpra með vandann á einstaklingsmiðaðan hátt. Alvarlegt þunglyndi er mikilvægt að meðhöndla með öllum tiltækum ráðum þ.m.t. lyfjameðferð og í sumum tilvikum þarf þverfaglega endurhæfingu til að ná árangri.

Ekki þarf að fjölyrða um þann vanda sem steðjar að Íslendingum með hruni efnahagskerfisins fyrir hálfu þriðja ári. Umtalsverður hluti þjóðarinnar er í sárum og fleiri en við viljum kannast við búa við krappari kjör en við höfum þekkt hér á landi í áratugi. Reynsla annarra þjóða segir okkur að afleiðingar alvarlegrar kreppu á andlega líðan þjóðarinnar nái hámarki þegar 2–3 ár eru liðin frá hruninu.

> Ekki þarf að fjölyrða um þann vanda sem steðjar að Íslendingum með hruni efnahagskerfisins fyrir hálfu þriðja ári.

Íslendingar eiga nú við að stríða andlega vanlíðan, óvirkni, framtaksleysi, áhyggjur og kvíða.

Fullyrða má að efni bókarinnar á erindi til almennings, enda snýst það um að ná utan um þá þætti í lífinu sem eru nauðsynlegir til að viðhalda andlegu heilbrigði. Í dag er sjálfshjálp víða viðurkennd sem fyrsta skrefið til að takast á við vanlíðan af ýmsum toga. Við vitum að margir hafa ekki haft sig í að leita sér aðstoðar, hafa ekki haft trú á því að utanaðkomandi hjálp geti gert þeim gott eða jafnvel haft fordóma fyrir slíkri hjálp. Greitt aðgengi að þessu efni gæti m.a. auðveldað fólki að komast yfir þann þröskuld að leita sér hjálpar.

Þunglyndi þróast oft á löngum tíma þannig að hvorki einstaklingurinn sjálfur né umhverfi

Hugmyndir styrktaraðila okkar féllu vel að okkar eigin um tilgang verkefnisins þ.e. að auka aðgengi almennings að efni sem getur reynst hjálplegt í andlegri vanlíðan, dregið úr fordómum og aukið líkurnar á að fólk leiti sér hjálpar.

Okkur er sönn ánægja að kynna þetta „tæki" til að viðhalda og bæta geðheilsu og vonumst til að sem allra flestir muni geta notið góðs af í framtíðinni.

**Stjórnarskrá lýðveldisins varðar okkur öll**

Fylgist með störfum Stjórnlagaráðs og hafið áhrif á endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins.
Bein útsending frá sameiginlegum fundi ráðsins er á hverjum fimmtudegi kl. 13 á vefsíðu ráðsins:
**www.stjornlagarad.is.** Fundirnir eru opnir almenningi. Öll gögn ráðsins má finna á vefsíðunni.

Vefslóð Stjórnlagaráðs: www.stjornlagarad.is




Stjórnlagaráð, Ofanleiti 2, 103 Reykjavík - sími: 422-4400 - netfang: skrifstofa@stjornlagarad.is - vefslóð: www.stjornlagarad.is


STJÚPUR
10stk
999 kr
1499
STJÚPUR
20stk
1.699 kr
2.998
STJÚPUR
30stk
2.499 kr
4.497
STJÚPUR
verðsprengja
allt að 100sm
Sýpris
1490 kr
Blómvendir
á betra verði!
Aðeins
1190 kr
Liljur og
blandaðir vendir
Blómaportið
fimmtudag, föstudag og laugardag
tilboð
GARÐABLÁMI
5 kg.
1.135 kr
10 kg.
1.995 kr
25 kg.
4.895 kr
GARÐABLÁMI
Alhliða garðáburður
Aðeins brot af úrvalinu
Frostþolnir
útipottar
18 cm á hæð 1.490 kr
24 cm á hæð 1.990 kr
31 cm á hæð 2.990 kr
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

# tímamót

timamot@frettabladid.is



37 **SÓLEY TÓMASDÓTTIR** borgarfulltrúi er 37 ára í dag.

*„Við erum einstaklingar og það er alltof mikil einföldun að flokka fólk í tvennt og eigna því ákveðin áhugamál eftir því í hvaða hópi það lendir.“*



## 55 ára afmæli

Í tilefni þess að ég verð 55 ára 13. maí nk. býð ég vinum og ættingjum til veislu þann dag að Gjábakka, Fannborg 8, Kópavogi (jarðhæð), milli kl. 17.30 og 20.00.

**Sigurður R. Höskuldsson**

áður til heimilis að Lundi, nú til heimilis að Hamraborg 32, Kópavogi.

GRASAGARÐURINN Í REYKJAVÍK 50 ÁRA: NÝTT STÓRT TRJÁSVÆÐI TEKIÐ Í NOTKUN

# Nær tvöfalt stærri garður

Nú í sumar eru fimmtíu ár liðin frá stofnun Grasagarðs Reykjavíkur í Laugardal. Vegleg afmælisdagskrá verður í gangi í allt sumar en auk þess verður almenningi opnaður aðgangur að mun stærri garði en unnið hefur verið að stækkun garðsins upp á 2,4 hektara um nokkurt skeið. Garðurinn er í dag um þrír hektarar og verður því í heild nær tvöfalt stærri.

„Þetta er stækkun á svokölluðu trjásafni garðsins, og verður í sama dúr og það, með grasflötum sem hægt er að setjast á, trjám og runnum. Um þessar mundir er verið að vinna að því að gera gönguleiðir upp að nýja svæðinu og tengja það garðinum, en nýi hlutinn er norðan við núverandi trjásafn garðsins. Formleg opnun á þessari stóru viðbót verður á afmælisdaginn sjálfan, 18. ágúst,“ segir Hildur Arna Gunnarsdóttir, fræðslustjóri Grasagarðs Reykjavíkur. Núverandi trjásafn var opnað árið 1989 en í grasagarðinum eru átta safndeildir, Flóra Íslands, fjölærar jurtir, rósir, lyngrósir, skógarbotnsplöntur, trjásafn, steinhæð og nytjajurtagarður.

Grasagarðurinn var stofnaður árið 1961 með gjöf hjónanna Jóns Sigurðssonar, skólastjóra Laugarnesskóla, og Katrínu Viðar píanókennara en þau gáfu borginni safn með 200 plöntum úr íslenskri flóru, sem var komið fyrir í tveimur aflöngum beðum – á 700 fermetra svæði. Í dag eru um 5.000 tegundir plantna í Grasagarðinum.

„Það eiga allir hlutdeild í Grasagarðinum og hann á sér stað í hjörtum margra. Fólk á sér jafnvel sína uppáhaldsstaði og uppáhaldsplöntur og við höfum marga fastagesti á öllum aldri. Afmælinu verður því fagnað með fjölbreytilegum hætti og sumardagskráin verður sérstaklega vegleg,“ segir Hildur og bendir gestum garðsins á dagskrána í heild á heimasíðunni grasagardur.is. Í dag klukkan 17 er til dæmis boðið upp á fræðslugöngu um Grasagarðinn þar sem hátíðaliljur í blóma verða skoðaðar undir leiðsögn Hjartar Þorbjörnssonar, safnvarðar og forstöðumanns Grasagarðsins. Gangan hefst við aðalinnganginn.

„Fyrir utan sjálfan afmælisdaginn í ágúst má af öðrum dagskrárliðum nefna að í júní verður haldið upp á Dag villtra blóma og í júlí er farin svokölluð Rósaganga. Tónlistarmennirnir Páll Óskar Hjálmtýsson og Monika Abendroth hafa alltaf haldið tónleika á sumarstólstöðum í júnímánuði í Grasagarðinum en í ár verða tónleikarnir ekki fyrr en í september og eru lokapunkturinn í þessari sumardagskrá,“ segir Hildur og lofar spennandi sumri í Laugardalnum.

juliam@frettabladid.is



**HJARTFÓLGINN STAÐUR** „Það eiga allir hlutdeild í Grasagarðinum og hann á sér stað í hjörtum margra. Fólk á sér jafnvel sína uppáhaldsstaði og uppáhaldsplöntur,“ segir Hildur Arna Gunnarsdóttir, fræðslustjóri Grasagarðs Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

---



†

*Ástkær sambýlismaður minn, faðir, tengdafaðir, stjúpfaðir, afi og langafi,*

**Andrés Hjörleifsson**

sem lést a Hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 5. maí, verður jarðsunginn frá Seljakirkju á morgun, föstudaginn 13. maí, kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Rósa Jóhannesdóttir**
**Ástríður Andrésdóttir**
**Runólfur Þór Andrésson**
**Ólafur Andrésson**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðmunda Ögmundsdóttir**

Tjarnarmýri 39, Seltjarnarnesi,

sem andaðist á líknardeild Landspítala Landakoti fimmtudaginn 5. maí, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 13. maí kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkað en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Flateyjarkirkju á Breiðafirði. Minningarkort fást í versluninni Sjávarborg í Stykkishólmi, s. 438 1121, og hjá Gunnari, s. 824 5651.

**Guðný Gerður Gunnarsdóttir**
**Ögmundur Gunnarsson** **Rannveig Stefánsdóttir**
**Gunnar Freyr Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Laufey Guðlaugsdóttir**

frá Lundi, Grenivík,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar miðvikudaginn 4. maí. Jarðarförin fer fram frá Grenivíkurkirkju laugardaginn 14. maí kl. 13.30.

**Hallgrímur Svavar Gunnþórsson** **Guðbjörg Herbertsdóttir**
**Þórey Gunnþórsdóttir** **Guðgeir S. Helgason**
**Guðlaugur Gunnþórsson** **Stella D. Guðjónsdóttir**
**Hjalti Gunnþórsson** **Nanna Kr. Jóhannsdóttir**
**Emilía Kr. Gunnþórsdóttir** **Árni Pálsson**
**og ömmubörnin**

---



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Þórður Haraldsson**

skipasmíðameistari, Fjallalind 84 í Kópavogi,

lést á heimili sínu þann 5. maí síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Seljakirkju þriðjudaginn 17. maí klukkan 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð.

**Þórdís Harðardóttir**
**Sveinbjörn Grétarsson** **Guðrún Hauksdóttir**
**Þór Þórðarson** **Sonja Gísladóttir**
**Eva Dís Þórðardóttir**
**Sara Rós Þórðardóttir**
**stjúpbörn og barnabörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur og afi,*

**Haukur Nikulásson,**

lést á Landspítalanum 9. maí sl.

Jarðarförin fer fram þann 18. maí kl. 15.00 í Áskirkju. Aðstandendur vilja færa sérstakar þakkir til starfsfólks deildar 13-E á Landspítalanum við Hringbraut.

**Nanna Guðrún Waage Marinósdóttir**
**Nikulás Sveinsson**
**Kjartan Reynir Hauksson** **Ingibjörg Daðadóttir**
**Páll Arnar Hauksson** **Lára Björg Þórisdóttir**
**Hákon Freyr Waage Friðriksson**
**Einar Nikulásson** **Herdís Jóhannsdóttir**
**Sveinn Nikulásson**
**Haraldur Daði Þorvaldsson**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Páll Marteinsson**

Brekkugötu 36, Akureyri,

lést laugardaginn 7. maí. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 19. maí kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Heimahlynningu á Akureyri.

**Ásdís Sigríður Þorsteinsdóttir**
**Sæmundur Örn Pálsson** **Þóra Ellertsdóttir**
**Þorsteinn Pétur Pálsson** **Bergþóra Björk Búadóttir**
**Kristinn Sigurður Pálsson** **Sólveig Alfreðsdóttir**
**Marta Þuríður Pálsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jens Jóhannes Jónsson**

Dalseli 33, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 7. maí, verður jarðsunginn frá Áskirkju í Reykjavík mánudaginn 16. maí kl. 15.00.

**Sólveig Ásbjarnardóttir**
**Anna Jensdóttir** **Sigurður V. Viggósson**
**Ásbjörn Jensson** **Vilborg Tryggvadóttir Tausen**
**Jón Haukur Jensson** **Berglind Björk Jónasdóttir**
**Ástríður Jóhanna Jensdóttir** **Ragnar Kjærnested**
**Erla Sesselja Jensdóttir** **Gunnar Friðrik Birgisson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAIK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is



**Antonio Banderas og Salma Hayek** eru mætt á kvikmyndahátíðina í Cannes, sem hófst í gær, og gáfu sér tíma til að pósa fyrir myndavélarnar. Rauður leðurkjóll Sölmu vakti sérstaka athygli ekki síður en fjaðrirnar sem hún bar við.




**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473



ÞESSI FRÁBÆRI Í NÝJUM LIT





teg 81103 - saumlaus en með blúndu í BC skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.990,-

Misty -fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur



Eirberg

Hita- og kælibakstar

Bjóðum úrval kæli og hitabakstra fyrir bak, háls og herðar. Má hita í örbylgjuofni og kæla í frysti.

Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 -18
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is





LÉTTIR OG ÞÆGILEGIR SUMARSKÓR Í ÚRVALI

KOMDU OG LÁTTU FÆTUR ÞÍNA NJÓTA ÞESS BESTA.





hjá Hrafnhildi

KENNEL & SCHMENGER SCHUHMANUFAKTUR

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is


Edda Sif Pálsdóttir íþróttafréttamaður drepur víða niður fæti í þægilegum fötum.

# Blómakjólar og leðurjakki með göddum



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Edda Sif Pálsdóttir, íþróttafréttamaður á RÚV, hefur fjölbreytt áhugasvið og fataskápurinn endurspeglar þá víðáttu en í honum segir hún jafnt vera að finna leðurjakka með göddum og blómakjóla. Edda er að ljúka BA-gráðu í íslensku og almennum málvísindum frá Háskóla Íslands en hefur alltaf haft mikinn áhuga á tísku, sem hún fann meðal annars farveg í því að stofna nettískutímaritið NUDE magazine ásamt mágkonu sinni en níu tölublöð hafa verið gefin út á netinu frá árinu 2009.

„Ef ég horfi yfir fataskápinn minn er í raun allt þar að finna. Bæði mikið af blómakjólum, blúndudót, gallabuxur og svo leðurjakka með göddum. Það fer alveg eftir skapi hverju ég klæðist og mér hefur yfirleitt þótt koma best út að blanda saman fatnaði úr ólíkum áttum eða tímabilum. Ég er þó mikið í kjólum, gammósíum, flatbotna skóm og þægilegum fatnaði þar sem ég er á stöðugum hlaupum í vinnunni,“ segir Edda Sif.

Hún segist yfirleitt kaupa fötin sín erlendis og nýta vel útsölur. „Þennan gallajakka keypti ég fyrir mörgum, mörgum árum á útsölu GAP í New York og þótt ég reyni að gefa öðrum gallajökkum séns enda ég alltaf í þessum. Mér finnst þessi árstími frábær; að geta hvílt dúnúlpuna og farið í gallajakkann.“

*juliam@frettabladid.is*


Gerið gæða- og verðsamanburð





IQ-CARE

HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi





PROFLEX

Úrval af stillanlegra heilsurúma

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Sjá nánar verð og ný tilboð á www.svefn.is

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**Skósíðir hversdagskjólar,** sem hafa verið á undanhaldi í allmörg ár, sjást nú í auknum mæli og verða eflaust áberandi í sumar. Þeir passa líka vel við íslenskt sumar enda er oft vindasamt og kalt þó að sólin skíni.

# Glamúr í Sydney

**Tískuvikan í Sydney fór fram í lok apríl. Þar sýndu bæði gamalreyndir og upprennandi ástralskir tískuhönnuðir nýjustu línur sínar.**

Alex Perry er einn þekktasti hönnuður Ástrala og þá helst fyrir síða samkvæmiskjóla. Leikkonur á borð við Jennifer Lopez, Evu Longoria og Natalie Portman hafa allar klæðst kjólum eftir hann á rauða dreglinum en hönnun hans þykir henta vel í Hollywood.

Perry olli aðdáendum sínum ekki vonbrigðum á mánudaginn var þegar sýningarstúlkurnar svifu fram í síðum flæðandi kjólum í öllum regnbogans litum. Gagnrýnendur sögðu hann þó ekki hafa komið á óvart með nýjungar, línan þótti kunnugleg. Öðrum þótti það þó hans helsti styrkleiki.

*- rat*



Hollywood-leikkonur leita gjarnan í smiðju Perrys á rauða dreglinum.

# Athygli á netinu hvetjandi

**Vefsíðan Coolhunting.com fjallaði um íslenska skartgripahönnuði nú fyrir helgina. Milljónir lesenda um allan heim fylgjast með vefsíðunni, sem leitar uppi það áhugaverðasta í hönnun, mat og menningu.**

Evan Orensten, útsendari vefsíðunnar coolhunting.com, þræddi sýningar íslenskra hönnuða á HönnunarMars í mars síðastliðnum. Coolhunting.com er einn vinsælasti hönnunarvefurinn í heiminum með blaðamenn um allan heim og milljónir lesenda á mánuði. Umfjöllun á vefnum getur því haft mikið að segja fyrir viðkomandi hönnuð.

Orensten hefur öðru hvoru birt umfjallanir um það sem honum þótti áhugavert á HönnunarMars, og fyrir helgina fór hann fögrum orðum um íslenska skartgripi. „Öll jákvæð umfjöllun, hvort sem er í netheimum, í blöðum eða manna á milli hefur áþreifanlega þýðingu fyrir mig,“ segir Steinunn Vala Sigfúsdóttir, hönnuður Hring eftir hring. „Því hærra sem miðillinn er skrifaður í heimi hönnunar, þeim mun meiri er ávinningurinn. Umfjöllunin á Coolhunting skilaði mér samdægurs fyrirspurnum frá Ítalíu, Ástralíu og Bandaríkjunum,“ segir hún og í sama streng taka Hafsteinn Júlíusson, hönnuður Growing jewellery, og Helga Mogensen. Gaman sé að rekast á eigin hönnun á jafn virtri og víðlesinni síðu. „Þetta hefur virkilega hvetjandi áhrif á mig sem hönnuð,“ segir Helga, en Orensten var hrifinn af því hvernig hún breytti grófu hráefni í fallegt skart.

Skartgripalínuna Cut, vinningstillögu Maríu Kristínar Jónsdóttur vöruhönnuðar í samkeppni Hendrikku Waage á síðasta ári, segir Orensten glæsilega. „Það er afar ánægjulegt að sjá faglega umfjöllun um eigin hönnun á vef sem ég nota sjálf til að fylgjast með því sem er að gerast í hönnun á alþjóðavísu,“ segir María Kristín. Íslensk hönnun hefur áður fangað athygli útsendara coolhunting og ef slegið er inn leitarorðið icelandic á síðunni má sjá fyrri umfjallanir.

*heida@frettabladid.is*



Íslenskt skart fangaði auga útsendara coolhunting.com á HönnunarMars. Hringur úr línunni Hring eftir hring.



Helga Mogensen notar gróf efni í skartgripi sína.





Cut-skartgripalína eftir Maríu Kristínu Jónsdóttur vöruhönnuð vann samkeppni Hendrikku Waage á síðasta ári.



Hring eftir hring eftir Steinunni Völu Sigfúsdóttur nýtur sívaxandi vinsælda.



Growing jewellery eftir Hafstein Júlíusson vöruhönnuð.



Hringur úr línunni Cut.




NÝ SENDING AF SPARIFATNAÐI

BASLER

Skipholti 29b • S. 551 0770

TÍMI KLOSSANNA RUNNIN UPP!




SPENNANDI

Opið
**mán.fim** 12–18, **fös.** 12–16,
Sími **694 7911**
Eikjuvogur 29, 104 Rvk.

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir

Kjólar fyrir öll tilefni



- Útskriftir
- Brúðkaup
- Afmæli
- Eða bara sumarið
- Ótrúlegt úrval af nýjum sumarkjólum

FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
**Bergþór Bjarnason skrifar frá Nice**



# Á stuttum buxum á löngum sumardögum

Í sumar er eins gott að veðrið verði gott, að minnsta kosti fyrir herrana, þó vorið hafi farið hægt af stað heima á Fróni. Herratískan er fáguð en frjálsleg og karlarnir verða mjög herralegir hvað varðar stílinn. En fyrst og fremst verða fötin létt, úr þunnum, mjúkum efnum. Líkt og stuttbuxur fyrir konur eru bermúdastuttbuxurnar enn og aftur ómissandi í klæðaskáp herranna þó auðvitað geti það farið eftir hitastigi hvort hægt er að spóka sig um með kríkana bera án þess að stofna heilsu sinni í hættu. Það er hins vegar áhugavert að sjá að jakkaföt með stuttum buxum eru að skapa sér varanlegan sess í herratískunni sem eins konar sumarútgáfa af jakkafötum. Og af hverju skyldu herrar ekki breyta síddinni á buxum sínum yfir sumarið líkt og konur sem klæðast styttri pilsum?



Fyrir einum fimmtán, tuttugu árum man ég eftir Maríusi Sverrissyni söngvara í jakkafötum með bermúdabuxum, sem þá þótti auðvitað afskaplega skrítið. En nú eru aðrir tímar og tuttugu árum seinna er þetta aðal málið. Reyndar er fleira sumarlegt á komandi mánuðum eins og skyrtur og jakkar sem oft eru úr hör eða bómull. Gamli góði pólóbolurinn stendur fyrir sínu í sumar og sannar að aldrei á að henda neinu sem er í heilu lagi og sæmilega nothæft því tískan fer alltaf í hringi og það sem var úti í gær er inni í dag.

Litirnir eru ljósari en oft áður fyrir herrana, hvítt er ómissandi, bæði í buxum og jökkum og hvítur blazer ómissandi í öllum fataskápum sem hægt er að nota með hvítum eða drapplitum buxum, bermúdabuxum eða gallabuxum. Annars er mikið um ljósa beige-liti eða fölgrátt. Í sumar er bleika æðið sem einkenndi síðustu sumur algjörlega horfið en fyrir þá sem myndu segja að litirnir séu fölir og óspennandi í sumar þá eru hálsklútar í ýmsum sterkum litum notaðir til að hressa upp á yfirbragðið og þá í staðinn fyrir bindið. Sömuleiðis geta þeir verið ágætir til að halda á sér hita þegar vindur er napur þannig að tískan getur stundum verið parktísk.

Hafi leðursandalar oft verið í sumartískunni þá held ég að þeir hafi aldrei sést eins mikið og í eins mörgum útgáfum og í sumar. Þeir geta verið með mörgum böndum úr leðri, bundnir um ökkla, opnir með aðeins tveimur leðurböndum sem fara í kross yfir ristina eða þá með leðurbandi á milli stórutánnar og hinna (tongs). Og þá er bara að óska körlum landsins þægilegs hitastigs til að geta notið fjölbreytni tískunnar.

*bergb75@free.fr*



Sruli Recht mun hanna fimm nýjar vörulínur fyrir fylgihlutafyrirtækið Nooka. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hannar fyrir Nooka

**Hönnuðurinn Sruli Recht mun hanna fimm nýjar vörulínur fyrir bandaríska fylgihlutafyrirtækið Nooka.**

„Við fáum frjálsar hendur til að endurhanna formin frá grunni,“ segir Sruli Recht en bandaríska hönnunarfyrirtækið Nooka hefur fengið hann til að hanna fyrir sig fimm nýjar vörulínur í takmörkuðu upplagi.

Nooka var stofnað árið 2005 og er þekktast fyrir framúrstefnuleg armbandsúr í skærum litum, þar sem tíminn er settur fram á óhefðbundinn hátt. Hönnuðir á borð við Karim Rashid og John Fluevog hafa hannað úr fyrir Nooka.

Aðspurður segist Sruli þegar búinn að ákveða hvernig hann nálgist verkefnið. Hann vill þó ekkert gefa upp um hvernig vörurnar muni líta út, vinnan sé enn á frumstigi og ekki sé ákveðið hvenær þær komi á markaðinn. *- rat*


Kynning

# Töff föt fyrir sumarið



**VORSPRENGJA Í MÖST C**
Suðurlandsbraut 50

**20-80% afsláttur af öllum vörum**



**BELLADONNA**
Skeifunni 8

**Kjóll blár/rauður verð 13.980**

www.belladonna.is



**BASIC PLUS**
Háholt 13-15 Mos

**Kjóll 18.990**



**TÖSKU OG HANSKABÚÐIN**
Skólavörðustíg 7

www.th.is



Sigfús Aðalsteinsson segir íslenskt hráefni gera gæfumuninn á Rizzo pizzeria. MYND/GVA

# Ekki bara pizzur á matseðli

**Rizzo pizzeria er matsölustaður þar sem hægt er að setjast inn, taka með eða fá sent heim að dyrum. Matseðillinn er fjölbreyttur og inniheldur ekki bara pizzur.**

„Eldbakaðar pizzur eru okkar sérgrein en í dag eru einnig grill og grænir réttir stækkandi hluti af rekstrinum," segir Sigfús Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri veitingastaðarins og heimsendiþjónustunnar Rizzo pizzeria.

Rizzo pizzeria fagnar sjö ára starfsafmæli í ár en fyrsti staðurinn var opnaður í Hraunbæ árið 2004. Árið 2007 voru kvíarnar færðar út og tveir staðir opnaðir til viðbótar, í Bæjarlind og á Grensásvegi, en árið 2009 keypti Bjarni Ásgeir Jónsson og fjölskylda hans stærstan hluta fyrirtækisins og rekur það í dag.

Sigfús segir einvala starfslið eiga stærstan heiðurinn að velgengni fyrirtækisins gegnum árin en hátt í 60 manns starfa hjá Rizzo Pizzeria. Eins sé áhersla lögð á íslenskt hráefni sem geri gæfumuninn.

„Það hefur alltaf verið markmið okkar að selja hágæða vöru og ekki sakar að hana er hægt að gera að mestu úr íslensku hráefni," segir Sigfús. „Við notum til að mynda íslenska osta og íslenskt grænmeti í matargerðina og einungis það besta og ferskasta hverju sinni. Eins notum við íslenskt hráefni þegar kemur að öðrum þáttum í rekstri fyrirtækisins, allt frá kössunum utan um pizzurnar og til viðarins sem brennur í pizzaofninum. Þessi atriði gera þessa farsæld ad verkum," segir Sigfús en fyrirtækið veltir hátt í fjögurhundruð milljónum á ári. „Reksturinn hjá okkur er skuldlaus og hjá okkur vinna hátt í sextíu starfsmenn í ýmsum starfshlutföllum."

Veitingastaðurinn Græni risinn var stofnaður af eigendum Rizzo pizzeria árið 2009 þar sem áhersla var lögð á heilsusamlegan og ferskan mat. Græni risinn var sameinaður undir nafni Rizzo pizzeria í lok ársins 2010 og bættust þar með hollir réttir risans við matseðil Rizzo.

„Á matseðlinum okkar eru ekki bara pizzur heldur er þar að finna grillrétti, hamborgara, vefjur og salöt, fisk og heilsupizzur, bakaðar úr spelti, auk hinnar rómuðu eldbökuðu Rizzo pizzu," segir Sigfús og bætir við að auk þess að geta borðað matinn á staðnum eða heima í sófa sé hægt að bjóða upp á Rizzo þegar gestum er boðið heim en Rizzo pizzeria rekur einnig veisluþjónustu fyrir hópa sem telja fleiri en 10.

Til að kynna sér matseðilinn og veisluþjónustuna má fara inn á síðuna www.rizzo.is.



**● OPNA VEITINGASTAÐ Á SPÁNI** Rizzo mun opna veitingastað á Spáni um næstu mánaðamót í bænum Dona Pepa, rétt við Torrevieja. Þar verða eldbakaðar Rizzo-pizzur í hávegum hafðar, sem og heilsuréttir, steikur og grillréttir. Eftir margar ferðir eigenda Rizzo á þessar slóðir fannst þeim tími til kominn ad kynna heimamönnum og ferðalöngum matargerð Rizzo, sem og að veita Íslendingum aðgang að þessum sívinsæla matsölustað.



**●RIZZO EXPRESS** Rizzo express var stofnað árið 2009 til að koma til móts við óskir viðskiptavina um hraða og einfalda þjónustu. Heimsendingar voru teknar út og vörum fækkað á matseðli en með því var hægt að lækka verð verulega og koma til móts við viðskiptavini. Breytingarnar voru gerðar fyrst í Bæjarlind og svo í Hraunbæ nokkrum mánuðum seinna. Á Rizzo express er notað sama hráefni og uppskriftir og á Rizzo pizzeria










Þórdís Lóa, eigandi Pizza Hut á Íslandi.



Það er ómótstæðilegt að leyfa bragðlaukunum að upplifa pönnupizzur á Pizza Hut.

# Frægar pönnupizzur og fjölskyldudekur

**Pizza Hut fagnar nú 25 ára afmæli sínu, en staðurinn er heimsfrægur fyrir gómsætar pönnupizzur sínar.**

„Pizza Hut er fyrst og fremst fjölskylduveitingastaður þar sem börn eru velkomin með allt sitt æskufjör og starfsfólkið sérþjálfað í að veita fjölskyldum góða þjónustu og vellíðan, spjalla við börn og hafa þau hlaupandi í kringum sig án þess að fipast við að bera fram mat og drykk," segir Þórdís Lóa Þórhallsdóttir eigandi og framkvæmdastjóri Pizza Hut í Smáralind um heimsfræga veitingahúsakeðjuna sem opnaði fyrst á Íslandi fyrir aldarfjórðungi síðan. Fyrirtækið stofnuðu tveir bræður í litlum kofa í Wichita í Kansas árið 1958, en keðjan dregur einmitt nafn sitt af kofanum góða. Þeir bræður byrjuðu smátt og fengu 70 þúsund krónur lánaðar hjá móður sinni en hratt óx orðsporið um pizzurnar góðu og í dag eru yfir tólf þúsund Pizza Hut veitingastaðir í heiminum og vörumerkið eitt það þekktasta í veröldinni.

„Pizza Hut er frægast fyrir leyniuppskrift sína að pönnupizzu sem Íslendingar hafa snætt af bestu lyst í 25 ár. Enn panta 9 af hverjum 10 gesta okkar pönnupizzu, sem í raun er engu lík í nostursamri deiggerðinni sem tekur heila 8 tíma að gera áður en pizzan má fara í ofninn. Pönnupizzur eru þykkar, matarmiklar og gómsætar, en aðall Pizza Hut er hágæða hráefni og erum við eifn fárra staða sem nota 100% mozzarella-ost á pizzurnar," segir Þórdís Lóa. Pizza Hut býður einnig upp á þunnbotna og hefðbundnar ítalskar pizzur og svo pizzur með ostafylltum kanti, sem einnig er þeirra eigin lostæta uppfinning.

„Pizzur Pizza Hut eru því ekki skyndibiti, heldur fullkomin máltíð í afslöppuðu og skemmtilegu umhverfi þar sem stjanað er við gesti í kósíheitum og kertaljósum."

Á heimasíðu Pizza Hut má sjá fjölbreyttan matseðil, sem og freistandi tilboð sem henta afmælum og öðrum tilefnum. Þá er ótalinn ísbarinn þar sem börn geta útbúið sinn eigin ísrétt í eftirmat.

Pizza Hut er í Vetrargarðinum í Smáralind. Sjá www.pizzahut.is.






# Castello pizzur hafa slegið í gegn

**Bræðurnir Armend og Dardan Zogaj hafa ferðast um víða veröld, unnið á mörgum pizzastöðum og smakkað á enn fleiri pizzum. Það kom þeim vel þegar þeir ákváðu að ráðast í opnun Castello pizzastaðarins á Dalvegi 2 nánast beint upp úr efnhagshruninu.**



Armend hefur unnið á mörgum pizzustöðum víða um heim. MYND/GVA

„Við höfðum fulla trú á verkefninu enda hefur það gengið mjög vel," segir Armend. „Við hönnuðum staðinn fyrst aðeins þannig að fólk gat tekið pizzurnar með sér en fljótlega fundum við að viðskiptavinir okkar vildu setjast niður og fá sér jafnvel vín með pizzunum. Við ákváðum því að opna annan stað, Castello veitingastað, í Dalshrauni 13 í Hafnarfirði árið 2009 og hann hefur gengið mjög vel. Nú ætlum við að opna stað í Reykjavík og erum að leita að staðsetningu."

En hvað skiptir öllu máli í pizzagerð? „Brauðið", segir Armend og brosir, „brauðið. Eftir öll okkar ferðalög erum við bræðurnir orðnir góðir bakarar og brauðið verður að vera „kríspí" að utan en mjúkt að innan." Hann segir vinsælustu pizzuna á Castello vera Rucola en hún er með klettasalati, parmaskinku og parmesanosti. „Annars eru þær allar vinsælar," segir hann og hlær. „Við erum líka alltaf með tilboð, bæði hádegis- og heimsendingartilboð en líka ef fólk sækir. Þannig kostar níu tommu pizza með þremur áleggstegundum og kók í dós ekki nema 1.090 kr. í hádeginu. Það kostar 2.490 kr. að senda heim miðstærð af pizzu með tveimur áleggstegundum, litlar brauðstangir og 1 líter af gosi. Ef fólk vill sækja kostar stór pizza með tveimur áleggjum 1.790 kr. Við reynum þannig að koma til móts við flesta án þess að það komi niður á gæðunum."

Þeir bræðurnir segja að ef til vill megi rekja áhuga þeirra á pizzum til þess hve heimaland þeirra Kosovo sé nálægt Ítalíu, þar sem flest sé gert úr brauðdeigi. „Pizzagerð hefur orðið okkar líf og yndi og markmið okkar er að búa til fyrsta flokks pizzur úr fyrsta flokks hráefni. Castello á að vera gæðastimpill."

# Italiano fagnar eins árs afmæli sínu

**Veitingastaðurinn Italiano að Hlíðasmára 15 býður upp á girnilegar þunnbotna pizzur sem bakaðar eru í funheitum steinofni.**

Högni Jökull Gunnarsson, sem er eigandi veitingastaðarins og pizzeríunnar Italiano ásamt Mörtu Halldórsdóttur, hefur lifað og hrærst í pizzuheiminum um langa hríð. „Ég byrjaði á botninum og hef unnið mig upp á við,“ segir hann glaðlega en Högni hóf störf sem pizzasendill meðfram námi, gerðist síðar pizzubakari, þá yfirmaður og tók loks við rekstri pizzastaðar. Um tíma átti hann hlut í Hróa Hetti en fyrir ári stofnaði hann veitingastaðinn Italiano sem hefur mælst vel fyrir hjá pizzuunnendum á Íslandi.

„Við bjóðum upp á þunnbotna pizzur með ferskri sósu, ostinum undir og fyrsta flokks hráefni ofan á. Pizzan er bökuð á steini í ofni og verður þannig ákaflega bragðgóð,“ lýsir Högni og telur upp fleira sem er í boði á Italiano. „Við bjóðum upp á fersk salöt sem hægt er að bæta í kjúklingi, humar, nachos og nánast hverju sem er. Við erum með speltpizzur, brauðstangir og hvítlauksbrauð og því geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi,“ segir hann.

Andrúmsloftið á Italiano er afar þægilegt. Salurinn tekur allt að 80 manns í sæti og þar er hægt að setjast niður og eiga góðar stundir. „Gestir okkar sitja oft lengi og spjalla enda spilum við notalega tónlist á staðnum,“ segir Högni og bætir við að gestir geti einnig gætt sér á rauðvíni eða hvítvíni með matnum enda staðurinn með vínveitingaleyfi.

Italiano er afar fjölskylduvænn. „Við erum með mjög gott barnahorn þar sem börn geta leikið sér, lesið eða horft á dvd,“ segir Högni en börnin geta komið sér notalega fyrir undir teppum og með púða. „Við viljum að fjölskyldan geti átt notalega stund saman og að krakkarnir þurfi ekki að láta sér leiðast meðan þau bíða eftir matnum.“

Góðri kvöldstund á Italiano má svo ljúka með dýrindis eftirrétti en gestir geta valið milli hins ítalska tíramísú, heitrar súkkulaðitertu og vanilluíss með súkkulaðisósu auk ekta ítalsks illy-eðalkaffis. Fólk ætti því ekki að verða fyrir vonbrigðum með máltíð á Italiano Pizzeria.



Italiano er í alfaraleið við Reykjanesbraut beint fyrir ofan Smáralind.



Högni er með áratugareynslu í pizzabakstri og velur steinofna.



Í opnunarpartíi Italiano fyrir ári spiluðu Sjonni Brink og Gunni Óli við mikinn fögnuð viðstaddra.


Börnum líður vel í barnahorninu.

## Pizza er ekki bara pizza

Á veitingastaðnum Italiano er boðið upp á ýmis girnileg tilboð. Hádegistilboð er í boði alla daga frá 11 til 14. Ávallt er boðið upp á pizzu mánaðarins og er hún með verulegum afslætti í sal.

Á föstudögum er upplagt að slaka aðeins á en þá er boðið upp á 2 fyrir 1 af köldum bjór með keyptum mat.

Sunnudagar eru fjölskyldudagar á Italiano. Þá fá börn upp að 12 ára aldri frítt að borða. Það er ein barnamáltíð fylgir frítt með þegar fullorðinn kaupir mat og drykk. Í barnamáltíð felst pizza, calzone eða brauðstangir og drykkur. Auk þess fá öll börn glaðning sem þau fá að velja úr stórum dalli.

Starfsfólk Italiano tekur vel á móti hópum og býður sérstök tilboð fyrir þá. Til dæmis geta hópar sem telja fleiri en 10 fengið hlaðborð af ýmsum pizzum af matseðli. Þannig getur fólk smakkað margar pizzur. Við það myndast skemmtileg stemning enda gaman fyrir fólk að geta smakkað pizzur sem það venjulega pantar ekki.

Einnig er Italiano í samstarfi við limo.is sem býður upp á hvítan Hummer sem tekur 16 farþega. Hægt er að panta fyrir hópa pizzur, drykki og akstur með limo.is fyrir aðeins 3.900 krónur á mann.

Þeir sem sækja pizzuna á staðinn og fara með heim njóta góðs af. 20% afsláttur er veittur af matseðilspizzu en 30% afsláttur ef viðskiptavinir velja áleggið sjálfir.

Italiano
Pizzeria

1 árs

Í tilefni af
eins árs afmæli
Italiano Pizzeria
viljum við þakka
frábærar viðtökur
með því að veita,

50%

afslátt af öllum
pizzum í sal.
Gos á 100 kr með mat
Rautt, hvítt og öl á
300 kr með mat
dagana 12-18 maí.

Þú ert velkomin(n)

Italiano
Pizzeria

55 12345

HLÍÐASMÁRA 15 • www.Italiano.is
BEINT FYRIR OFAN SMÁRALIND

# Lengsta, stærsta og dýrasta

**Í ýmsu má slá heimsmet. Pitsur eru þar ekki undanskildar. Í heimsmetabók Guinness er að finna heimsmet sem sett hafa verið í pitsugerð.**



● **Dýrasta pitsan** sem almenningur getur fest kaup á er þunnbotna, eldbökuð pitsa sem fæst öðru hvoru á veitingastaðnum Maze í London en enginn annar en kokkurinn Gordon Ramsey er eigandi staðarins. Pitsan kostar lítil 100 pund eða 18.500 krónur. Ástæðan er dýrindis álegg á borð við laukmauk, trufflumauk, fontina ost, baby mozzarellaost, nýsprottið mizuna-kál. Ofan á allt þetta er rifin hvít truffla sem er eitt dýrasta hráefni heims.

● **Sá maður sem búið hefur til stærsta pitsabotninn á tveimur mínútum** er Tony Gemignani. Hann hnoðaði 500 g af deigi og bjó til pitsabotn sem mældist 84,33 cm í þvermál. Metið sló hann í verslunarmiðstöðinni Mall of America í apríl 2006. Tilefnið var sjónvarpsþáttur sem Food Network sjónvarpsstöðin stóð fyrir í tilefni af viku Guinness-heimsmeta.

● **Hæsta pitsabotnskastið** á Joe Carlucci. Hann kastaði 567 gramma pitsubotni 6,52 metra upp í loftið í apríl 2006.

● **Paul Fenech** og félagar hans í CanTeen Charity og STA Travel eiga metið fyrir lengstu heimsendinguna. Þeir skutluðust með pitsu frá veitingastaðnum Opera Pizza í Madrid á Spáni til Niko Apostolakis í Wellington á Nýja-Sjálandi. Leiðin var 19.870 km. Hún hófst 28. júní 2006 og lauk 1. júlí.



**Pítsabotni hefur hæst verið kastað 6,52 metra upp í loftið.**



● **Sá staður sem sent hefur með flestar pitsur** á einn stað er Papa John's. Hann afhenti 13.500 pitsur í NASSCO skipasmíðastöðinni í San Diego í Kaliforníu 8. júní 2006.

● **Lengsta pitsa í heimi** mældist 1.010,28 metrar. Hún var búin til af teymi kokka í Póllandi 29. ágúst 2010.

● **Starfsfólk Domino's í Taft í Kaliforníu** á metið yfir flestar pitsur sem búnar hafa verið til á sólarhring. Það bjó til 6.838 pitsur 22. til 23. október 2010.

● **Brian Edler hjá Domino's pizza í Ohio** í Bandaríkjunum á metið í flestum pitsum sem búnar hafa verið til á klukkutíma. Brian bakaði 26 pitsur hinn 9. desemer 2010.








**Evert segir hugmyndina að baki Eldofninum einfalda: „Hún snýst um að gleðja bragðlauka með því að búa til bestu eldbökuðu pizzurnar sem fólk hefur smakkað."**

# Gleður bragðlaukana

**Hann fæddist nánast í eldofni einnar svölustu pizzugerðarsmiðju bæjarins, Eldsmiðjunnar á Bragagötu, og nú rekur hann eina ásamt foreldrum sínum, Eldofninn í Grímsbæ.**

„Mamma og pabbi, Eva Karlsdóttir og Ellert A. Ingimundarson, voru meðal fyrstu starfsmanna Eldsmiðjunnar og það má segja að þar hafi ég alist upp með annan fótinn. Nú rekum við öll Eldofninn í nafla Reykjavíkur, Grímsbæ," segir Evert Ellertsson og stendur staðfastur á þessum nýja nafla. „Hugmyndin að baki Eldofninum er afar einföld, hún snýst um að gleðja bragðlauka annarra með því að búa til bestu eldbökuðu pizzurnar sem fólk hefur smakkað. Við búum allt til sjálf, deigið, sósurnar og olíurnar okkar tvær sem við erum afskaplega stolt af. Hér getur fólk slappað af á veitingastaðnum og borðað bökurnar með bjór eða léttu víni eins og rauðvíni eða hvítvíni eða tekið þær með sér.

Í veitingasalnum getur fólk fylgst með bakstri og bökun og þaðan kemur rómantískur ljómi frá eldofninu sem yljar líka fólki. „Þá er eldhúsið opið, svo það er einnig hægt að sjá starfsfólkið vinna þar. Þetta skapar mjög skemmtilega stemningu, það er líf og fjör á staðnum og mikil samskipti á milli viðskiptavina og starfsfólks. Þetta er svona ítölsk-íslensk stemning og sérstök fyrir staðinn. Eldofninn á núna tveggja ára afmæli og auðvitað munum við halda upp á það svo eftir verður tekið, enda erum við einstaklega ánægð og þakklát fyrir viðtökurnar."

Eldofninn sinnir bæði menningarvitum og fótboltaáhugamönnum. Á veitingastaðnum eru reglulega myndlistarsýningar og á skjánum er boltinn í beinni. „Hvort tveggja hefur slegið alveg í gegn," segir Evert brosandi. En hvað skyldi honum nú finnast skemmtilegast í pizzageiranum? „Æ, ég veit að þetta hljómar væmið en mér finnst það vera viðskiptavinirnir og samskiptin við þá. Þau geta verið svo skemmtileg. Það er fátt sem gleður jafnmikið og ánægður viðskiptavinur."



**HEIMAPIZZA** fajitas kjúklingur 120g **295,-**



**250,-**
**STÄM** pizzahnífur L17cm. Ýmsir litir



**HEIMAPIZZA** pizzaostur 300g **445,-**

**STRÅLANDE** rifjárn L28cm Ryðfrítt stál/dökkgrátt **895,-**

# Hver er sinnar pizzu smiður



**STRÅLANDE** saxari H20cm. Hvítt **1.290,-**





**HEIMAPIZZA** hvítlauksolía 300ml **595,-**



**HEIMAPIZZA** maískurl 300g **295,-**

EUROVISIONTILBOÐ

**95,-**
**HEIMAPIZZA** pizzadeig 380g ~~175,-~~



**HEIMAPIZZA** pizzanet 12" **995,-** pizzanet 14" **1.145,-**

**MAGASIN** kökukefli L43cm. Gegnheilt birki **695,-**



**HEIMAPIZZA** steikt beikon 120g **275,-**



**FRANK'S** sterk vængjasósa 354ml **525,-**



**685,-**
**HEIMAPIZZA** sterkir vængir 800g



**HEIMAPIZZA** rótsterkt pepperoni 120g **285,-**



**595,-**
**HEIMAPIZZA** brauðstangaolía 300g

© Inter IKEA Systems B.V. 2011



**DRÄLLA** mjúk skurðarbretti B29×L37cm Ýmsir litir **495,-/2 í pk.**

**ENVIS** penslar L20 og 18cm. Hvítt/rautt **695,-/2 í setti**

## Pizzakynning
## föstudag og laugardag kl. 13-17

**Ókeypis máltíð fyrir börnin**

Þegar þú kaupir máltíð fá börnin, tíu ára og yngri að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.



EUROVISIONTILBOÐ

**1.990,-**

**Inniheldur: Heimapizza deig 2 stk., Heimapizza pizzaostur, pizza/pastasósa, Heimapizza grænmetisbakki, Heimapizza pepperoni, Heimapizza skinka og 2L gos**

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

**www.IKEA.is**

# Nokkur tilbrigði við **pitsabotn og álegg**



Það getur verið skemmtilegur leikur að láta áleggið taka meira pláss en pitsubotninn sjálfan.



Girnilegur ristaður pitsubotn.

**Pitsa er að því leytinu svo skemmtilegt fyrirbæri að það er endalaust hægt að leika sér með áleggið ofan á og gera tilraunir. Það þarf ekki síður að eiga við um pitsubotninn.**

● **Mjög grófur botn.** Margir vilja aldrei neitt annað en hvítan hveitibotn undir pitsuáleggið sitt en það er áskorun sem kemur mörgum á óvart að prófa mun grófari mjöl- og korntegundir í heimagerðu pitsuna. Ekki er nauðsynlegt að finna til nýjar uppskriftir heldur má nota hefðbundnu heimilisuppskriftina en hveitimagninu er þá einfaldlega hægt að skipta út fyrir grófara mjöl, svo sem heilhveiti, spelt, bókhveiti, hrísgrjónamjöli, maísmjöli, möndlumjöli og svo framvegis.

Ofan á grófa pitsubotna getur komið vel út að sleppa rauðri sósu og skvetta í stað þess ólífuolíu og sjávarsalti yfir botninn og svo áleggi þar ofan á. Laukur, grænn aspas og svartar ólífur passa sérstaklega vel saman.

● **Áleggið tekur meira pláss en botninn.** Marga rétti, sem ekki endilega er ætlað að sitja ofan á pitsabotni, getur verið gaman að máta ofan á pitsadeig. Má þar nefna ýmsa sjávarréttadiska sem samanstanda af ýmis konar góðgæti og grænmeti. Í staðinn fyrir að bera þá fram á hvítum diski er sniðugt að baka einfaldan pitsubotn, skreyta hann jafnvel með sesamfræjum og stilla svo matnum ofan á. Rækjur, túnfiskur, humar og smá kavíar er samsetning sem kæmi vel út á pitsubotni.



Pitsubeygla er einföld og fljótleg í framleiðslu.

● **Beyglur fyrir hraðframleiðslu.** Beyglur eru vinsælar hérlendis en þá einkum í brauðristina og smurðar með smjöri og osti. Þær geta hins vegar komið mjög vel út í smá hraðframleiðslu á pitsum. Þá er pitsusósu einfaldlega skellt á þær, osti og jafnvel smá kjötáleggi. Beyglan þarf ekki að vera nema nokkrar mínútur inni í ofni, eða þar til osturinn er bráðinn.



Falleg litasamsetning áleggs ofan á grófari gerð pitsubotns; aspas, svartar ólífur og laukur.

● **Ristaður pitsubotn.** Öðruvísi nálgun á pitsubotninn er að baka hann án áleggs og rista síðan í sneiðum í brauðristinni sem gefur honum stökka áferð. Hver og einn raðar þá áleggi ofan á sína sneið. Gott getur verið að sleppa þá pitsusósu en leyfa ostum, olíu og grænmeti að leika stórt hlutverk.



● **MEIRI OST Á PITSUNA,** takk! Aukaostur er vinsæl beiðni pitsuunnenda og þriðja vinsælasta pitsuálegg heims. Mozzarella er hinn eini sanni pitsuostur, en æ fleiri pitsugerðarmenn eru farnir að spreyta sig á fleiri ostategundum ofan á pitsur, enda allt undursamlega ljúffengt. Vinsælir ostar í bland við mozzarella eru provolone, ricotta, romano, gorgonzola og parmesan.



● **PITSA MEÐ NÝGIFTUM HERTOGAHJÓNUM** Brúðkaup Vilhjálms Bretaprins og Kate Middleton varð mörgum að innblæstri, eins og bresku pitsakeðjunni Papa John's sem stóðst ekki mátið og bjó til sína eigin konunglegu pitsu með mósaíkmynd af brúðhjónunum úr deigi, osti og áleggi með hjálp snjalls matarlistamanns. Þannig er slör Kate gert úr sveppum, kjóllinn úr osti og klæði Vilhjálms úr salamipylsu og paprikum. Allt úr fyrsta flokks hráefni og að sögn Papa John's hin ljúffengasta máltíð. Sannarlega vel gert og svipmikið.

SAMLOKUBAKKAR
tilvalið fyrir fundinn eða starfsmannapartýið!



Veisluþjónusta SAFFRAN býður upp á ljúffengar, hollar, ferskar og framandi veislur á verði sem fær þig til að brosa!

SMÁRÉTTIR, STEIKARHLAÐBORÐ
ÞRIGGJA RÉTTA MATSEÐLAR
OG HÓPMATSEÐLAR

VEISLUÞJÓNUSTA
SAFFRAN
S. 578 7875 SAFFRAN.IS



Vilhelm Einarsson, framkvæmdastjóri Wilson's pizza, og Grétar Már Oddsson fjármálastjóri hafa engan áhuga á amerískum pizzakeðjum, heldur vilja frekar byggja upp alvöru íslenskt fyrirtæki.

# Fimm ára gamalt verð á öllum pizzum hjá Wilson's

**Wilson's pizza fagnar sex ára afmæli um þessar mundir og býður af því tilefni fimm ára gamalt verð á öllum sóttum pizzum til 22. maí.**

„Við verðum sex ára núna föstudaginn 13. maí," segir Vilhelm Einarsson, framkvæmdastjóri Wilson's pizza, „og af því tilefni ákváðum við að bakka aftur um fimm ár og bjóða fimm ára gamalt verð á öllum pizzum hjá okkur. Við vorum svo hlægilega ódýrir þegar við byrjuðum að við gátum ekki farið alveg svo lágt. En þetta er mjög gott verð: 16 tommu pizza, brauðstangir og gos á 1.850 krónur, það gerist nú ekki betra."

Wilson's pizza er á þremur stöðum í borginni; í Gnoðarvogi, Ánanaustum og Eddufelli og gildir tilboðið að sjálfsögðu á öllum stöðunum ef sótt er. Tilboðið gildir ekki í heimsendingu, en ýmis önnur tilboð er hægt að fá send heim og bætast þá 1.000 krónur ofan á tilboðsverðið.

Wilson's pizza hefur skapað sér þá sérstöðu að vera eini pizzastaðurinn á höfuðborgarsvæðinu sem býður upp á tvær gerðir af pepperóní og Vilhelm segir ástæðuna vera akureyrskan uppruna eigendanna. „Okkar sérstaða er að bjóða upp á mjótt pepperóní sem er okkar tenging við Akureyri, þar sem eigendurnir eru þaðan. Þetta er það akureyrska pepperóní sem fólk þekkir og það fer svona álíka mikið af því og hinu hefðbundna pepperóní sem við erum að sjálfsögðu með líka."

Fleiri nýjungar eru á döfinni á afmælinu, ný vefsíða er í smíðum og verður tekin í gagnið í sumar. Vilhelm segir hana verða mjög fullkomna og mun auðveldara muni verða að skoða það sem í boði er og panta það sem hugurinn girnist. Hann segir viðskiptin blómgast sem aldrei fyrr og þótt undarlegt megi kannski virðast hafi þau aukist eftir hrun. „Við erum búnir að vera í stöðugri aukningu eftir hrun," segir hann. „Og við erum ennþá í aukningu svo við hljótum að vera að gera eitthvað rétt. Reyndar er það nú bara þannig að fólk leitar bara eftir þrennu þegar það velur sér vörur; gæðum, góðu verði og góðri þjónustu, og allt þetta bjóðum við í Wilson's pizza upp á í ríkum mæli."

En hefur Wilson's pizza einhvern áhuga á að færa út kvíarnar með yfirtöku Domino's? „Nei, við höfum engan áhuga á útbrunninni bandarískri pizzakeðju, viljum frekar byggja upp alvöru íslenskt fyrirtæki," segir Vilhelm.

# Ferskasta sósan á markaðnum

Wilson's pizza er komin í samstarf við Kaupás, Nóatún og Krónuna um að þessir aðilar selji pizzudeig, pizzusósu og útflatningarhveiti, Durum-hveiti, frá Wilson's pizza. „Þetta er sama deig og við notum í okkar pizzur og sama sósa líka," segir Vilhelm. „Við teljum þetta að sjálfsögðu vera bestu pizzusósu á markaðnum og það var haft samband við okkur og við beðnir að framleiða hana fyrir neytendamarkað, þar sem það sem hefur verið í boði á þeim markaði er því miður engan veginn nógu gott. Okkar sósa er gerð úr hökkuðum tómötum, ekki tómatsósu, og er mun ferskari en sú sósa sem fáanleg hefur verið hingað til." Vilhelm segir einnig skipta miklu máli að nota Durum-hveitið við útflatningu deigsins, þar sem þannig náist hið rétta pizzubragð og áferð. „Þetta er gult hveiti sem skiptir algjörlega sköpum fyrir rétta pizzubragðið," segir hann.

Viðtökurnar hafa verið góðar að sögn Vilhelms og hann segir jafnvel koma til álita að bæta við fleiri vörutegundum seinna ef áhugi sé fyrir hendi.



Allt sem þú þarft til pizzagerðar heima; deig, sósa og Durum-hveiti frá Wilson's pizza.





**● DROTTNINGARPITSAN MARGARÍTA** Ítalski bakarinn Raffaele Esposito á heiðurinn af vinsælustu pitsusamsetningu margra og ekki síst barna. Raffaele vann á pitsustaðnum Pietro...e basta cosi sem stofnaður var 1880 og er enn starfræktur undir nafninu Pizzeria Brandi. Árið 1889 átti Raffaele von á Umberto I konungi og drottningu hans, Margarítu af Savoy í mat, og bakaði fyrir komu þeirra þrjár mismunandi pitsur, þar sem drottningin féll kylliflöt fyrir pitsu í ítölsku fánalitunum með áleggjunum basil (grænt), mozzarella-osti (hvítt) og tómötum (rautt). Var pitsa Raffaele því nefnd Margaríta drottningunni til heiðurs.



**● PITSAN Á GRILLIÐ** Að grilla pitsu gefur sérstakt bragð og verður flatbakan nánast eins og eldbökuð.

Best er að nota sérstaka grillpönnu sem kaupa má víða en hún er með götum á botninum. Deigið má ekki vera of þykkt og best að hafa pitsurnar þunnbotna og áleggið ekki of þykkt. Annars er pitsan búin til eins og venja er, sett á grillpönnu, sett á heitt grillið og því lokað. Pitsan er látin bakast þar til osturinn er gullinbrúnn.

Fyrir þá sem vilja prófa eitthvað nýtt má nefna að með því að setja viðarbúta í álpappír og setja ofan á grillið verður til reykjarbragð af pitsunni sem er áhugavert.






Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar

Gámargrind til sölu. 3. öxla á tvöföldu, skipti hugsanleg. Uppl í s. 894 5275

## Mótorhjól



Yamaha FZ6 Fazer árgerð 2007. Fallegt og vel með farið hjól. Ekið 9500 km. Hentar byrjendum mjög vel. Verð 900.000. Upplýsingar í s. 865 5317.



**Husaberg FE450 2008 - sem nýtt**
Endurohjól á hvítum númerum, ekið aðeins 55 tíma, aldrei keppt. 100% viðhald. Akrapovic púst, RaceTec fjöðrun, nýleg dekk, stýrishækkun og hærra sæti. Verð aðeins 870.000. Sími 663 2508.

## Fjórhjól




Eigum til úrval nýrra og notaðra fjórhjóla. VDO Verkstæðið Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is



Polaris 500, 6 hjól. Árg. '05 ek. 5000. V. 1.180 þús. Uppl. í s. 864 8338.

## Reiðhjól



**RAFMAGNS REIÐHJÓL**
Samgöngutæki framtíðarinnar.
EL-BIKE.IS v/Kópavogshöfn
sími 864 9265
ICEFIN.IS
póstverslun sími 820 7746




**Kría Hjól**
Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól. Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.534 9164. kriacycles.com

## Kerrur



Brenderup 3250S Innanmál: 250x142x35cm -burðargeta 600kg - 13" dekk - verð kr. 285.000 m/VSK. Lyfta.is - 421 4037 - Njarðarbraut 1 Reykjanesbæ.



Gæðakerrur - Góð reynsla Ýmsar stærðir 1 eða 2ja öxla. Íslensk smíð. www.brimco.is Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. s. 894-5111 Opið 13-16.30

## Hjólhýsi

Til sölu 3. metra fortjald á hjólhýsi a mál 9,60. Uppl. í s. 696 9350.

## Tjaldvagnar

Til sölu nýr (árg. 11) Combi Camp Valley með eldhúsi. Fæst á góðu veðri ef samið er strax. johannes@sts.is.

Til sölu Combi Camp Valenzia árg. 04. V. 650 þ. johannesvald@gmail.com

## Vinnuvélar




## Hjólbarðar



Nýjar felgur til sölu, 4 stk. 4x100 dýpt 38. V. 79.900. Uppl. í s. 899 9066.

4 stk. dekk 175/70 13" á álf. á 20þ. 4 stk. 185/65 14" á 5 gata álf. á 20þ., 4 stk. 275/70 16" á álf. á 30þ., 1 stk. 255/55 18" á 5þ., 2 stk. 165/60 14" á 8þ., 4 stk. 205/60 16" á 15þ., 4 stk. 175/65 14" á 15þ., 1 stk. 215/60 16" á 5þ., 1 stk. 215/70 15" á 5þ. S. 896 8568.

## Varahlutir

**BILAPARTAR.IS**
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

## Bílar til sölu

# ÚRVAL notaðra bíla



**Verð: 3.650.000**
Kia Sorento EX
árg. 2007, ekinn 42 þús. km.
2500cc, dísil, sjálfsk.



**Verð: 1.420.000**
Audi A4 2.0
árg. 2001, ekinn 119 þús. km.
2000cc, bensín, sjálfsk.

TILBOÐSBÍLL! Áður 1.590.000



**Verð: 1.350.000**
Volkswagen Polo
árg. 2007, ekinn 56 þús. km.
1400cc, bensín, sjálfsk.

4 ár eftir af ábyrgð!



**Verð: 2.190.000**
Kia cee'd
árg. 2008, ekinn 58 þús. km.
1582cc, dísil, beinsk.



**Verð: 2.990.000**
Mercedes Benz B-Class
árg. 2007, ekinn 55 þús. km.
1700cc, bensín, sjálfsk.



**Verð: 4.450.000**
Mercedes-Benz E200 Kompressor
árg. 2005, ekinn 44 þús. km.
1800cc, bensín, sjálfsk.

**Allt að 70% fjármögnun í boði.**

**Opið virka daga kl. 9-18 og laugardaga kl. 12-16**

ASKJA
Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík
Sími 590 2100 · askja.is

## Til sölu

# Rain-X í maí

**20% afsláttur af RAIN-X rúðuþurrkum og rúðuvökva í maí**




Verðdæmi á Rain-X standard rúðuþurrkum:
20" kr. 1.192
22" kr. 1.512
24" kr. 1.592
verð. m afsl.

Rúðuvökvi 3.78L
kr. 1.192
verð. m afsl.

**Opnunartími verslunar:**
Virka daga frá kl. 8-18.
Lokað um helgar.

Vagnhöfði 23 - **S: 590 2000**
benni.is - verslun@benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# Þjónustuauglýsingar Sími 512 5407

CMT ORANGE TOOLS
**CMT sagarblöð og fræsitennur**
Ásborg vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

**FJARÐARBÓLSTRUN ehf** Sími 864 - 4188
Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta.
Metum og gerum við.
Margra ára reynsla.
Netfang: www.fjardarbolstrun.is
Sími: 864-4188

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**Hleðslugrjót og garðamold**
Til sölu:
- Holtagrjót og sprengigrjót í hleðslur - til í ýmsum stærðarflokkum
- Sérunnin garðamold í beð og undir torf

S. 660 6101
S. 545 1805
VERKTAKAR MAGNI

**OSEA Öryggiskerfi**
Vertu þinn eigin öryggisvörður og áttu þitt eigið öryggiskerfi.
Tilboðsverð kr. 36.136
1 stk. hreyfiskynjari
1 stk. hurðaskynjari
2 stk. fjarstýringar
Dalvegi 16b s:554-2727
Hugna.is

Bemar.is **ódýrari**
Vefhýsing og heimasíðugerð
**Vefhýsing:** 500MB þitt c-panel stjórnborð ótakmörkuð e-mail og margt fleirra aðeins 1.000kr á mánuði.
**Heimasíða:** fullgerð og birt 48.000kr. (ATH verð án vsk.)

**BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS**
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

**www.tomstundahusid.is**
SAVAGE X 4.6
Fjarstýrðir bílar í miklu úrvali.
Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 587-0600
Tómstundahúsið

**Allt á einum stað**
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

**ALLT EFNI TIL SKARTGRIPAGERÐAR**
Glernámskeið, leirmótunarnámskeið og ýmis skartgripanámskeið.
Mikið úrval af skartgripaefni, gott verð.
Allt til glervinnslu og leirvinnslu.
www.glit.is
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411

*Trúin flytur fjöll við flytjum allt annað*
553 5050
Allir bílar með posa
SENDIBÍLASTÖÐIN H.F
Klettagarðar 1 // Sími: 553 5050 og 533 1000
www.sendibilastodin.is // stodin@sendibilastodin.is

**Til leigu**
Bjóðum til leigu vel útbúnar hjólagröfur með rototilt og ýmsum gerðum af skóflum
KRAFTVÉLALEIGAN
Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3570 / www.kraftvelaleigan.is

XPRENT -merkir allt!
Sólarfilmur og sandblástursfilmur
www.xprent.is - s.777 2700 - xprent@xprent.is

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

**ÓSKUM EFTIR**
HÁRSNYRTISVEIN EÐA MEISTARA SEM FYRST.
HLUTASTARF · FULLT STARF · STÓLALEIGA
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 581 3090 · 897 5222
EÐA Á STAÐNUM.
GREIFAN
HÁALEITISBRAUT 58-60

**Gabriel demparar í 40 ár**
Gabriel
GS varahlutir
Bíldshöfða 14 • Rvk • S. 567 6744 • gsvarahlutir.is

**Umhverfisvænt Hreinsiefni**
fyrir heita potta og sundlaugar - einfalt í notkun
Jafnvægisstillir PH gildi vatnsins.
Lyktarlaust og mýkra vatn
Vatnið gælir við húðina
Hreinsar bakteríur úr pottum og lögnum
Laugin ehf
Sendum í póstkröfu hvert á land sem er.
Funahöfði 17 - 110 Reykjavík - sími: 578 3030 GSM: 824 0240 - laugin@laugin.is - www.laugin.is

B.S.VERKTAKAR
Málun bílastæða
Vélsópun
Malbiksviðgerðir
Bílastæðaskilti
Hellulagnir
5514000-www.verktak.is

GARÐÁLFARNIR GARÐAÞJÓNUSTA
Trjáklippingar
Trjáfellingar
Sláttur
Heimapúttvellir
Fáið tilboð ykkur að kostnaðarlausu!
577 4444

Glæsilegur undirfatnaður frá Vanity Fair og Lauma.
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

ÁSTANDSSKOÐUN
**FASTEIGNA**
HÖNNUN & EFTIRLIT
Ástandsskoðun fyrir fasteignakaupendur / seljendur
Þar sem farið er yfir helstu atriði sem máli í sambandi við galla, leka eða önnur mál sem gætu kostað mikla fjármuni.
S: 445 9545 gsm: 863 1668
www.honnunogeftirlit.is

**Hársnyrtistofan Lydía ehf. á Eskifirði óskar eftir starfsfólki,**
4 árs nema, svein eða meistara.
Upplýsingar veitir María Anna í síma 863-6151
LYDÍA

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR**
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

**Alla fimmtudaga** gunny@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is

## Tilkynningar

# AUGLÝSING

## um breytt deiliskipulag Akurgerði, Stóru-Vogaskóli, Vogatjörn, Sveitarfélaginu Vogum.

Með vísan til ákvæða 1. mgr. 43. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 28. apríl, 2011 samþykkt að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulag á reitnum Akurgerði, Stóru-Vogaskóli, Vogatjörn, Sveitarfélaginu Vogum.

Tillagan er sett fram á uppdrætti og í greinargerð dags. 14.04.2011 og felur meðal annars í sér að deiliskipulagssvæðið er stækkað til austurs að Vogagerði norðan Tjarnargötu en minnkað að sunnanverðu. Vestan Vogagerðis kemur ný gata með þremur einbýlishúsalóðum auk þess sem við Vogagerði verður bætt við lóð. Einnig eru gerðar ýmsar leiðréttingar í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Uppdráttur að tillögu liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins Iðndal, 2, 190 Vogum svo þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir.

Tillöguna að deiliskipulagi er einnig að finna á vef sveitarfélagsins http://www.vogar.is/Skipulag/

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 fimmtudaginn 23. júní, 2011 og skal athugasemdum skilað skriflega til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogum. Hver sá sem ekki gerir athugasemd við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

Vogum, 10. maí, 2011
F.h. bæjarstjórnar
Eirný Vals, bæjarstjóri

# AUGLÝSING

## um deiliskipulag Kálfatjörn, Vatnsleysuströnd, Sveitarfélaginu Vogum.

Með vísan til ákvæða 1. mgr. 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 28. apríl, 2011 samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Kálfatjörn, Vatnsleysuströnd, Sveitarfélaginu Vogum.

Tillagan er sett fram á uppdrætti og í greinargerð dags. 25.09.2010 og br. 14.03.2011 og felur m.a. í sé skipulag fyrir 18 holu golfvöll, golfskála, hótel, áhaldahús og skýli á æfingasvæði. Einnig er gert ráð fyrir undirgöngum undir Vatnsleysustrandarveg, þjónustuvegum og stígum á golfvelli. Þá eru skilgreindar lóðir undir kirkju og þjónustuhús sem tilheyrir Kálfatjarnarkirkju og lóð undir Norðurkot og Skjaldbreið sem tilheyrir Minjafélagi Vatnsleysustrandar.

Uppdráttur að tillögu liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins Iðndal, 2, 190 Vogum svo þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir.

Tillöguna að deiliskipulagi er einnig að finna á vef sveitarfélagsins http://www.vogar.is/Skipulag/

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 fimmtudaginn 23. júní, 2011 og skal athugasemdum skilað skriflega til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogum. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

Vogum, 10. maí, 2011
F.h. bæjarstjórnar
Eirný Vals, bæjarstjóri

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



Mósaíknámskeið haldið laugardaginn 14. maí. Skráning í síma 514 9602 eða á www.tskoli.is Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins.



Smáskipanámskeið fjarnám. 20. maí - 20. ágúst. Skemmtibátanámskeið fjarnám. 20. maí - 20. ágúst. Skráning í síma 514 9602 eða á www.tskoli.is Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



**Pomma hvolpar til sölu**
Hreinræktaðir yndislegir Pomeranian hvolpar til sölu án ættbókar. Verð 130þús. Uppl. í s 848 6525.



Siberian Husky hvolpar til sölu. 2 tíkur eftir. Tilbúnir til afhendingar, ættbók frá HRFI, bólusettir, örmerktir og heilsufarsskoðaðir. Nánari upplýsingar í síma 841 9697 Birna.



Hreinræktaðir Íslenskir fjárhundshvolpar til sölu með ættbók frá HRFÍ. Tilbúnir til afhendingar. www.iseyjar.is isey@hive.is S. 894 1871.

## Ýmislegt




## Fasteignir

# FRÍTT & SKULDBINDINGALAUST VERÐMAT FYRIR SÖLU.

Láttu Gunnar Valsson selja fyrir þig.
Hringdu núna - s: **699 3702**



Gunnar Valsson
gunnar@landmark.is
s: 699-3702

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
Magnús Einarsson lgf.

## Til sölu

**EFLING**
STÉTTARFÉLAG

# Fundir um kynningu kjarasamninga á almennum markaði

Efling-stéttarfélag heldur fundi um kynningu nýrra kjarasamninga á almennum markaði á eftirtöldum stöðum:

**Reykjavík** Gullteigur á Grand Hótel
**Mánudaginn** 16. maí kl. 18.00

**Hveragerði** Fundarsalur Austurmörk 2
**Miðvikudaginn** 18. maí kl. 18.00

**Þorlákshöfn** Ráðhúskaffi Hafnarbergi 1
**Miðvikudaginn** 18. maí kl. 20.00

Félagsmenn eru hvattir til að mæta og kynna sér efni nýrra kjarasamninga.

Mætum vel og stundvíslega.

**Stjórn - Eflingar stéttarfélags**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Dags- og vikuleiga.**

**GISTIHÚSIÐ EGILSBORG**
**sími 896 4661**

2ja herb. 50fm íbúð til leigu við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði. Uppl. s. 899 7004

Ný uppgerð, ný innréttuð 30 fm einstaklings íbúð (bakhús) til leigu í Hlíðunum. Uppl í síma 775 0584 eftir kl 17

Stúdíó eða herbergi. Skammtíma-eða langtímaleiga. S. 821 4848.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

**Cafe Haiti**
Óskum eftir að taka á leigu 4 herb. íb. í vesturbæ eða miðbæ til lengri tíma helst sem næst kaffi húsinu öruggar greiðslur, góð umgengni og reglusemi uppl. í s: 6615621 / methusalem@simnet.is

## Sumarbústaðir



Framleiðum sumarhús, 20 ára reynsla, sjá heimasíðu: sumarhus.com s. 615-2500.

**Til sölu ca 40 fm sumarhús**
Í Selvogi, með 14 fm geymslu. 1/2 h eignarland. V. 6 millj. Hof s. 564 6464

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Bílskúr

Til leigu bílskúr að Móhellu í Hfj. Leiga 35þ/mán. Vinsamlegast hafa samband með tölvupósti til: gudnido@yahoo.com

**BÍLSKÚRSHURÐIR OG OPNARAR**
UPPSETNING, VIÐHALD, VIÐGERÐIR 30 ára reynsla.. Hringið í síma 892 7285

## Gisting

Gisting í 2-3 manna stúdíóíbúð í gistiheimili við Dugguvog. Verð frá 8.000 per nótt. S. 824 6692.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Pylsuvagninn í Laugardal**
**Óskar eftir starfsfólki í aukavinnu. Góð laun í boði fyrir rétt fólk.**
**Umsóknir sendast á pylsuvagninn@gmail.com**

**Ræstingar**
Ræstingaþjónustan auglýsir eftir starfsfólki til framtíðarstarfa við ræstingar á dagvinnutíma. Íslensku- eða góð enskukunnátta og hreint sakavottorð skilyrði fyrir ráðningu. Umsóknir berist á umsokn@rth.is

Vélstjóri óskast á Guðrúnu Guðleifsdóttur IS 25. Vinsamlegast hafi samband í s. 894 5125 eða 894 0340.

Smiðir - járnamenn óskast til starfa í Suður Noregi. Uppl. í s. 893 1918.

Óska eftir vönum byggingarverkarmanni eða lærling. Uppl. í s. 822 5899 eða gummi60@gmail.com

Duglegt starfsfólk óskast til starfa hjá garðyrkjufyrirtæki í sumar. Bílpróf og reynsla nauðsynleg. S. 824 1238.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Heitt spjall Dömuvaktin er flestöll kvöld frá 20-24. Dömurnar á Rauða Torginu, s. 908-6000 og 535-9999, dagskrá á RaudaTorgid.is (sjá: dömuvaktin).

## Atvinna

**Reisum.is**
Byggingaverktaki

Reisum ehf byggingarverktaki óskar eftir að ráða verkstjóra, þarf að hafa mjög haldgóða reynslu af smíði timburhúsa frá grunni til afhendingar, erum að smíða að kanadískri fyrirmynd. Hafa reynslu af smíðum og uppsetningu kraftsperruþaka, vera kunnugur ísetningu PVC glugga og hafa unnið með Hardy/Ivan plank sementstrefja útiklæðningu. Leitað er eftir röskum aðila með góða skipulagshæfileika og næmt auga.

Áhugasamir sendið umsókn á thonusta@365.is merkt "Reisum".



skemmtilegri
Sjáumst í maí!
Á STÖÐ 2
GREY'S ANATOMY
60 MINUTES
modern family
rizzoli & isles
THE MENTALIST
glee
LATIBÆR
NÝTT!
GRILLSKÓLI JÓA FEL
American Idol
ÚRSLIT
VILD
Allt fyrir áskrifendur
Þú safnar allt að 1250 Stöðvar punktum á mánuði
ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
ID. INVESTIGATION DISCOVERY
Discovery ID fylgir frítt með Stöð 2 í maí. Raunveruleg sakamál og sannar sögur. Engin kapalstöð hefur átt eins vaxandi vinsældum að fagna í Bandaríkjunum.
VINSÆLASTA SJÓNVARPSEFNI Í HEIMI OG FRÁBÆR ÍSLENSK DAGSKRÁ
ALLAN SÓLARHRINGINN Á ÞREMUR SJÓNVARPSSTÖÐVUM
FRÁ AÐEINS 229 KR. Á DAG
Tryggðu þér áskrift í dag!
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svava Engilbertsdóttir**
Grænugötu 2, Akureyri,

andaðist að heimili sínu umvafin ástvinum miðvikudaginn 4. maí. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 16. maí kl. 13.30.

**Gunnar Árnason**
**Elísabet Björg Gunnarsdóttir** **Sigurgeir Vagnsson**
**Björgvin Árni Gunnarsson** **Patcharee Srikongkaew**
**Gunnar Viðar Gunnarsson** **Kristín Ólafsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn**



*Hjartans þakkir sendum við öllum sem sýndu okkur samúð, virðingu og stuðning við útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sjafnar Gestsdóttur**
áður til heimilis að Sólvallagötu 31.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Markar fyrir frábæra umönnun, umhyggju, fagmennsku og persónuleg kynni.

**Gestur Þorsteinsson** **Gunnvör Braga Björnsdóttir**
**Svava Þorsteinsdóttir** **Sigurgeir Guðmundsson**
**Ragnar Þorsteinsson** **Hólmfríður Kristjánsdóttir**
**Ársæll Þorsteinsson** **Katla Steinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Jónsdóttir**
„Sigga frá Molastöðum"
Lækjarbakka 9, Steinsstaðabyggð, Skagafirði,

verður jarðsungin frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 14. maí kl. 14. Jarðsett verður í Reykjakirkjugarði.

**Kristján Kristjánsson**
**Rósa S. Eiríksdóttir** **Guðmundur Pálsson**
**Valdimar Eiríksson** **Selma Guðjónsdóttir**
**Helga G. Eiríksdóttir** **Einar Erlingsson**
**Jón Eiríksson** **Jóhanna Valgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Benedikta Þorsteinsdóttir**

sem lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 6. maí sl., verður jarðsungin frá Neskirkju föstudaginn 13. maí nk. kl. 13.00.

**Kristján Sæmundsson** **Vigdís Aðalsteinsdóttir**
**Sverrir Sæmundsson** **Erna Vilbergsdóttir**
**Sigríður Sæmundsdóttir** **Jón Örn Marinósson**
**Viktor Smári Sæmundsson** **Ingibjörg Hafstað**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sveinbjörg Jónsdóttir**
Þjóttuseli 5, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ laugardaginn 7. maí. Útförin fer fram frá Seljakirkju fimmtudaginn 19. maí kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Blindrafélagið. Sérstakar þakkir til starfsfólks Skógarbæjar fyrir góða umönnun og hlýju.

**Jón Helgason** **Stefanía G. Björnsdóttir**
**Björg Gísladóttir**
**Berglind Reynisdóttir** **Samson Magnússon**
**Sveinbjörg Jónsdóttir** **Sigurður Óli Hákonarson**
**Stefán Helgi Jónsson** **Guðbjörg S. Bergsdóttir**
**Rannveig Jónsdóttir**
**og barnabarnabörn**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Halldór Kristinn Magnússon**
Vesturgötu 19, Akranesi,

lést að kvöldi sunnudagsins 8. maí. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 16. maí kl. 13.00.

**Ásta Ágústa Halldórsdóttir**
**Jóhanna Halldórsdóttir**
**Sigurður Teitur Halldórsson** **Watinee Chompoopetch**
**barnabörn, langafabörn og langalangafabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Aron Jónsson**
húsasmíðameistari og fyrrv. byggingafulltrúi, Frostafold 4, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 13. maí kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Parkinsonsamtökin njóta þess.

**Sigurrós Kr. Sigurðardóttir**
**Inda Sigrún Gunnarsdóttir** **Ólafur Sveinsson**
**Jón Ingi Gunnarsson** **Guðrún Haraldsdóttir**
**Sigurður Rúnar Gunnarsson** **Arndís Guðmundsdóttir**
**Guðfinna Unnur Gunnarsdóttir** **Kristján B. Haraldsson**
**Gunnar Hlíðdal Gunnarsson** **Inga Rós Karlsdóttir**
**Gunnur Rós, Ólafur Rúnar, Hekla Lind, Gunnar Aron, Guðmundur Aron, Stefán Már, Sigurður Arnar, Aron Gauti, Ástrós, Björn Henry, Kristján Hlíðdal, óskírður Gunnarsson, Sigurður Karl og Hlynur Ingi.**



*Elskulegur sonur minn og bróðir,*

**Theódór Ásgeir Jónsson**
andaðist 3. maí síðastliðinn.

Útförin fer fram föstudaginn 13. maí kl. 15.00 frá Fossvogskirkju.

**Sigríður Jóhannsdóttir frá Valbjarnarvöllum**
**Steinunn Magnúsdóttir** **Ísleifur Jónsson**
**Jóhanna Magnúsdóttir**
**Alda Haraldsdóttir** **Guðmundur Sveinsson**
**Róbert Guðmundsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**ALLT UNNIÐ AF HEIMAMÖNNUM** Meðal þess sem kaupa má á heimamarkaðnum er villibráð, humarsoð, sauðaostur, jöklaís og beikon.

# Heimamarkaður og háskólalest

Vísindaveisla fyrir alla aldurshópa verður á Höfn í Hornafirði dagana 13. og 14. maí næstkomandi þegar Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Hornafirði tekur á móti Háskólalestinni.

Ferð Háskólalestarinnar vítt og breitt um landið er þáttur í hátíðarhöldum Háskóla Íslands vegna aldarafmælis skólans en rík áhersla hefur verið lögð á víðtækt samstarf við heimamenn.

Á Höfn býðst nemendum í 7. til 10. bekk grunnskólans að sækja valin námskeið úr hinum vinsæla Háskóla unga fólksins á föstudaginn. Þar kynnast nemendur ýmsu, allt frá stjörnufræði og latínu til táknmálsfræði.

Á laugardaginn býðst gestum á öllum aldri að taka þátt í dagskrá Háskólalestarinnar í Nýheimum. Þar má meðal annars finna sýningu félaga úr Sprengjugenginu, eldorgelið mun óma, stjörnutjald verður opið, gestir kynnast sýnitilraunum, teiknirólu, syngjandi skál, tækjum, tólum og japanskri menningu, svo eitthvað sé nefnt.

Heimamenn leggja hönd á plóg til að gera helgina skemmtilega. Menningarmiðstöð Hornafjarðar stendur fyrir frumsýningu myndbands um Hornafjörð,



**ÁHUGAVERT** Háskóli unga fólksins verður á Höfn um helgina.

Jöklasýningin verður öllum opin, ungar hornfirskar hljómsveitir munu opna hljómsveitaraðstöðu sína og margt fleira. Þá stendur Tónskólinn fyrir opnu húsi.

Ríki Vatnajökuls stendur fyrir Heimamarkaði í Pakkhúsinu þar sem öllu því besta sem svæðið hefur upp á að bjóða í framleiddum afurðum verður tjaldað til. Meðal þess sem verður á boðstólum er reyktur makríll, villibráð, humarsoð, sauðaostur, beikon, jöklaís, nautakjöt, kartöflur, sulta, handverk úr handverkshúsinu Handraðanum og margt fleira.

# Skvetta bar sigur úr býtum

Mjólkursamsalan hélt í vetur nafnasamkeppni meðal barna tólf ára og yngri um nafn á mjólkurkúna sem prýðir litlu mjólkurfernurnar. Mikill áhugi var meðal barna en tæplega átta þúsund tillögur bárust. Dómnefnd barna tók þátt í að velja álitlegustu nöfnin en þeirra á meðal voru gæðanöfn á borð við Buna, Drophildur, Klaufey, Mía muu og Ísabella. Það nafn sem þótti þó bera af var Skvetta og mun kýrin heita það í framtíðinni. Kristófer Logi Ellertsson úr Hafnarfirði var einn af 21 sem valdi þetta nafn. Hann varð hlutskarpastur þegar dregið var úr hópnum. Hann hlaut í verðlaun iPod nano og árskort í Húsdýragarðinn.



**KRISTÓFER LOGI ELLERTSSON** Vinningshafinn í nafnasamkeppni MS.


ÚTILÍF
nikerunning.com
HLAUPA
KYNNING
Í DAG VERÐUR SÉRFRÆÐINGUR FRÁ NIKE Í ÚTILÍF KRINGLUNNI FRÁ KL. 17–19.
20% KYNNINGARAFSLÁTTUR AF VÖLDUM NIKE HLAUPASKÓM OG HLAUPAJÖKKUM.
TILBOÐ: 21.592 KR.
PEGASUS +27, KVK.
Vinsælustu hlaupaskórnir frá Nike. Loftpúðar í hæl og undir tábergi gefa góða mýkt.
Almennt verð: 26.990 kr.
TILBOÐ: 21.592 KR.
PEGASUS +27, KK.
Vinsælustu hlaupaskórnir frá Nike. Loftpúðar í hæl og undir tábergi gefa góða mýkt.
Almennt verð: 26.990 kr.
TILBOÐ: 21.592 KR.
LUNARGLIDE +2, KVK.
Léttir hlaupaskór, hámarks-dempun úr LunarFoam efninu sem er þróað af NASA.
Almennt verð: 26.990 kr.
TILBOÐ: 21.592 KR.
LUNARGLIDE +2, KK.
Léttir hlaupaskór, hámarks-dempun úr LunarFoam efninu sem er þróað af NASA.
Almennt verð: 26.990 kr.
TILBOÐ: 17.992 KR.
AIR MAX MOTO +8, KVK.
Góðir hlaupaskór með Nike Zoom loftpúða undir il og Air loftpúða í hæl. Almennt verð: 22.490 kr.
TILBOÐ: 17.992 KR.
AIR MAX MOTO +8, KK.
Góðir hlaupaskór með Nike Zoom loftpúða undir il og Air loftpúða í hæl. Almennt verð: 22.490 kr.
TILBOÐ: 11.192 KR.
DART 8, KVK.
Ódýrir og þægilegir skór.
Almennt verð: 13.990 kr.
TILBOÐ: 11.192 KR.
DART 8, KK.
Ódýrir og þægilegir skór.
Almennt verð: 13.990 kr.
ÍSLENSKA SIA.IS UTI 54973 05/11
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. æsa, 6. tveir eins, 8. hækkar, 9. bein, 11. ekki, 12. kappsamt, 14. ota, 16. nudd, 17. þvottur, 18. mælieining, 20. sjúkdómur, 21. ævintýri.

**LÓÐRÉTT**
1. sálda, 3. tveir eins, 4. ríki í Suðaustur-Asíu, 5. flýtir, 7. duttlungar, 10. fley, 13. ílát, 15. eldhúsáhald, 16. tangi, 19. tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. örva, 6. tt, 8. rís, 9. ríf, 11. ei, 12. ákaft, 14. trana, 16. nú, 17. tau, 18. erg, 20. ms, 21. saga.
**LÓÐRÉTT:** 1. strá, 3. rr, 4. víetnam, 5. así, 7. tiktúra, 10. far, 13. fat, 15. ausa, 16. nes, 19. gg.

HÖFÐI FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

Steinhella Hafnarfirði
Til leigu 165 til 1000 fermetra fullbúnar einingar á þessum eftirsótta stað. Laust strax. **Sanngjarnt leiguverð.**

**Allar upplýsingar veita Runólfur s- 892 7798 og Ásmundur s- 895 03000.- á Höfða fasteignasölu.**

Einbýlishús – Breiðholt.
Til leigu 290 fm. einbýlishús m. bílskúr á fallegum útsýnisstað í Breiðholti.
**Leiguverð 290 þús. Pr. mán.**

**Upplýsingar veitir Runólfur á Höfða s. 892 7798.**

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast. - Ásmundur Skeggjason lögg. fast.

FASTEIGNA-MARKAÐURINN
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Gulaþing- Kópavogi
Einbýlishús með glæsilegu útsýni yfir Elliðavatn



Nýtt og glæsilegt 357 fm einbýlishús á tveimur hæðum, hannað af Baldri Ó. Svavarssyni arkitekt. Eignin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt og skiptist m.a. í stórt eldhús, stofu með arinstæði, borðstofu, 48 fm. hjónaherbergissvítu með fataherbergi og baði, tvö svefnherbergi, skrifstofu, sjónvarpsherbergi og tvö baðherbergi. Sérsmíðaðar innréttingar og sérhönnuð lýsing. Vandaðar flísar og parket á gólfum. Gólfhitakerfi er á öllu húsinu. Tvennar svalir, útsýnissvalir í austur yfir Elliðavatn og stórar suðvestursvalir frá eldhúsi, stofu og baðherbergi. Húsið verður afhent í núverandi ástandi, fullbúið að innan, en ófrágengið að utan. **Mögleiki er þó að fá eignina afhenta fullbúna að innan sem utan.**

# Húsið okkar hún Harpa

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**

Ég var ein af þeim sem áttu ekki til orð yfir öllum þeim milljörðum sem kostnaður við byggingu Hörpunnar fór fram úr áætlun. Fussaði og sveiaði yfir bruðli og flottræfilshætti og fór í fýlu í hvert sinn sem ég keyrði framhjá byggingarsvæðinu við höfnina. „Réttast hefði verið að jafna kumbaldann við jörðu,“ tautaði ég með sjálfri mér.



**GEGNUM** árin hef ég ekki verið tíður gestur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og einungis nokkrum sinnum farið í Óperuna, þá í ódýrustu sæti uppi undir rjáfri. Sýninganna naut ég þó til hins ýtrasta og fékk gæsahúð á hæstu tónum. Þegar salurinn stappaði niður fótum og æpti „bravó“ að sýningu lokinni, svo gömlu svalirnar léku á reiðiskjálfi, fór um mig hrollur af spenningi.

**ENDA** var ég heldur aldrei á þeirri skoðun að ekki væri þörf á sérstöku tónleikahúsi og hef aldrei séð eftir einni krónu sem fer í að borga Sinfóníuhljómsveit Íslands laun, í henni sitja hljóðfæraleikarar á heimsmælikvarða. Ég var bara súr yfir öllum milljörðunum. Þeir sem ætluðu að reisa bygginguna, auk hótels og höfuðstöðva Landsbankans á sama stað, reyndust ekki borgunarmenn fyrir reikningnum svo við hin þurftum að taka við.

**FYRSTU** tónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar í Hörpunnar fóru svo fram 4. maí fyrir troðfullu húsi. Ég reyndi ekki að fá mér miða. Sat bara í eldhúsinu og dundaði mér í tölvunni þetta kvöld eins og svo oft áður. Mundi ekki fyrr en undir lok tónleikanna að þeim væri útvarpað beint og kveikti þá á tækinu, bara til að vera viðræðuhæf meðal fólks daginn eftir.

**GÆSAHÚÐINNI** sem læstist um mig get ég varla lýst, þegar Óðurinn til gleðinnar flæddi inn í eldhúsið hjá mér á fullum styrk. Fagnaðarlætin sem á eftir fylgdu komu mér næstum til að skæla og ég vildi að ég hefði staðið sjálf í síðkjól með perlufesti og klappað frá mér allt vit. Öll súrheit yfir kostnaði ruku út í veður og vind og ég steingleymdi öllum yfirlýsingum um flottræfilshátt og bruðl. Hvað eru einhverjar krónur til eða frá þegar upp er staðið, hugsaði ég með mér og rótaði í fataskápnum að heppilegum kjól.

**UM** helgina er opið hús í Hörpunni. Allir velkomnir og ókeypis inn. Sparikjóllinn og perlufestin hanga tilbúin á herðatrénu, ég á bara eftir að pússa skóna.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SUMAR TILBOÐ

## NÝR 4BLS BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF TILBOÐUM






SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND

LACIE

## 8GB MINNISLYKILL

Minnislykill sem er svo örsmár að þú þarft að passa þig að týna honum ekki

**4.990**

4GB 2.990 • 16GB 9.990

SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND



3 LITIR

LACIE

## 500GB FLAKKARI

Örsmár LaCie Rikiki GO flakkari með innbyggðri USB snúru, fæst í silfur, bláum eða rauðum lit

**12.900**

320GB 9.990 • 1TB 19.900



MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

LACIE

## 1TB FLAKKARI

Stórglæsilegur hágæða USB2 flakkari frá LaCie, sparar orku og slekkur á sér sjálfur

**11.900**

HANNAÐUR AF NEIL POULTON

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo packard bell SONY TOSHIBA

# menning

menning@frettabladid.is

**! KODDU LÝKUR** Myndlistarsýningunni Koddu lýkur næstkomandi sunnudag. Á sýningunni rýna listamenn í góðærið á Íslandi og hrunið sem fylgdi. Sýningin olli nokkru fjaðrafoki vegna leyfislausrar notkunar á bókinni Flora Islandica eftir Eggert Pétursson, sem taldi brotið á sæmdarrétti sínum. Sýningin er í Nýlistasafninu við Skúlagötu og í Alliance-húsinu við Grandagarð.

## Þjófnaðarbálkur Eiríks

Út er komið ritið Ást er þjófnaður eftir Eirík Örn Norðdahl; safn ritgerða um höfundarétt, þjófnað og framtíðina í ótal hlutum, eins og segir í tilkynningu frá Perspired by Iceland sem gefur ritið út.


EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL

Bókin var samin, brotin um og prentuð á einum mánuði. Fyrstu greinina birti Eiríkur Örn á vefsvæði sínu, norddahl.org, 11. apríl en bókin kom út sléttum mánuði síðar.

Ást er þjófnaður fæst hjá perspiredbyiceland.com og norddahl.org – sem rafbók eða pöntuð sem prentuð bók í vasabroti, á 156 síðum.

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

**04.05.11 - 10.05.11**




**1** 10 árum yngri á 10 vikum
Þorbjörg Hafsteinsdóttir




**2** Sláttur - kilja
Hildur Knútsdóttir




**3** Matur sem yngir og grennir
Þorbjörg Hafsteinsdóttir




**4** Konan í búrinu - kilja
Jussi Adler Olsen




**5** Engan þarf að öfunda - kilja
Barbara Demick




**6** Ég man þig - kilja
Yrsa Sigurðardóttir




**7** Mundu mig, ég man þig - kilja
Dorothy Koomson




**8** Sjálfstæð þjóð
Eiríkur Bergmann




**9** Handbók um íslensku
Jóhannes B. Sigtryggsson ritst.




**10** Skurðlæknirinn - kilja
Tess Gerritsen

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872



**BERGLJÓT KRISTJÁNSDÓTTIR** Segir yngra fólk lesa Þórberg Þórðarson með öðrum hætti en þeir eldri, til dæmis lesa yngri greinarhöfundar bókarinnar hann í ljósi erlendra áhrifa frekar en að viðhalda klisjunni um hvað Þórbergur hafi verið þjóðlegur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Klisjan um séríslenska snillinginn á undanhaldi

**Í ritinu Að finna undraljós má finna safn greina um Þórberg Þórðarson. Bergljót Kristjánsdóttir, annar ritstjóra verksins, segir að enn sé stöðugt verið að gera nýjar uppgötvanir á höfundarverki Þórbergs.**

Greinasafnið Að skilja undraljós kom út í fyrra en fór ekki í dreifingu fyrr en nú. Það inniheldur sextán greinar um Þórberg Þórðarson, verk hans og hugðarefni. Flestar eiga þær rætur í fyrirlestrum frá 2008 þegar þess var minnst í Háskóla Íslands og á Þórbergssetri í Suðursveit, að 120 ár voru liðin frá fæðingu þessa sérstæða höfundar.

Hjalti Snær Ægisson og Bergljót Soffía Kristjánsdóttir ritstýrðu safninu, sem Bergljót segir að sé um margt í anda Þórbergs.

„Að því leyti að það er horft á hann frá ýmsum sjónarhornum, ekki bara þröngt svið akademíunnar,“ segir hún.

Höfundarverk Þórbergs gekk í endurnýjun lífdaga á áratugnum sem leið og má það eflaust ekki síst þakka bókum Péturs Gunnarssonar um skáldið, sem og þeim aukna krafti sem hljóp í rannsóknir til dæmis í sambandi við 120 ára afmæli þess. Bergljót segir að upp úr dúrnum hafi komið að Þórbergur eigi sérstaklega upp á pallborðið hjá ungu fólki í dag.

„Ungt fólk drekkur hann í sig. Ég held að það sé rétt sem Pétur Gunnarsson segir að þegar Þórbergur skrifaði Suðursveitarbækurnar, var hann að fjalla um samfélag sem samtíðarmenn hans þekktu og þótti því ekkert merkilegt að fá lýsingu á. Hins vegar stendur ungt fólk nú til dags uppi með lýsingar af samfélagi sem það ætti ekki ef Þórbergs nyti ekki við.“

Bergljót segir yngra fólk einnig lesa í verk Þórbergs með öðrum hætti en þeir eldri.

„Það má til dæmis lesa í greinum Atla Antonssonar og Sigrúnar Margrétar Guðmundsdóttur, sem bæði lesa hann í ljósi erlendra áhrifa en eru ekki föst í gömlu klisjunum um að Þórbergur hafi verið þessi þjóðlegi og allt að því sjálfskapaði snillingur.“

Benedikt Hjartarson setur Þórberg einnig í erlent samhengi og sýnir hvernig jaðarþjóðir í Evrópu komust í tengsl við framúrstefnuhreyfingar í gegnum esperanto.

„Það er leið sem engum hafði dottið í hug.“

Kristján Eiríksson ritar grein um Þórberg og esperanto en hann hefur þýtt efni sem Þórbergur skrifaði á því máli.

„Og þess er beðið með mikilli eftirvæntingu,“ segir Bergljót, „því í ljós kemur að á fjórtán ára tímabili, sem gjarnan hefur verið álitið eyða í hans höfundarferli, var Þórbergur sískrifandi á esperanto.“

Rannsóknum og nýjum uppgötvunum er því síst lokið að sögn Bergljótar.

„Til dæmis er Soffía Auður Birgisdóttir með stóra bók í smíðum um Þórberg, sem ég vona að komi út á þessu ári.“

bergsteinn@frettabladid.is

# Ásgerður flytur sönglög Bjarkar

Ásgerður Júníusdóttir messósópran syngur lög eftir Gunnar Reyni Sveinsson, Björk Guðmundsdóttur og Magnús Blöndal Jóhannsson á hljómdisknum Langt fyrir utan ystu skóga, sem nýkomin er út. Tónskáldin þrjú eiga það sameiginlegt að dansa á mörkum klassískrar tónlistar og annarra tónlistarstefna, til dæmi djass, popps, leikhús-, kvikmynda- og raftónlistar.

Á disknum koma út í fyrsta sinn nýjar útsetningar Jónasar Sen á sönglögum Bjarkar. Björk pantaði útsetningarnar sjálf og voru þær unnar í samráði við hana, en Jónas hefur leikið undir á hljómplötum og á tónleikaferðalögum með Björk. Einnig má á disknum finna nýjan texta eftir skáldið Sjón við fyrstu tónsmíð Bjarkar, lagið Kjarval, sem kom út á hljómplötu þegar hún var tólf ára.

Meðleikarar Ásgerðar á disknum eru Jónas Sen og Sveitin, djasskvartett sem settur var saman fyrir upptökur disksins en í honum eru Pétur Grétarsson, Þórður Högnason, Kjartan Valdemarsson og Óskar Guðjónsson.

Langt fyrir utan ystu skóga er þriðji hljómdiskur Ásgerðar Júníusdóttur. Á sínum öðrum diski, Í rökkri, flutti hún sönglög Magnúsar Blöndal Jóhannssonar en hér hafa þau verið sett í annan búning. Þá eru lög Gunnars Reynis Sveinssonar flutt í nýjum djassútsetningum Péturs Grétarssonar og Sveitarinnar. Smekkleysa gefur diskinn út.



**JÓNAS OG ÁSGERÐUR** Langt fyrir utan ystu skóga er þriðji hljómdiskur Ásgerðar. Þar syngur hún meðal annars sönglög Bjarkar Guðmundsdóttur, sem Jónas útsetti sérstaklega að beiðni Bjarkar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Verslun
Ármúla 26

522 3000

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# EUROVISION TILBOÐ Í HÁTÆKNI




Full HD LED sjónvarp frá LG með 1920 x 1080 punkta upplausn, fjögur HDMI, USB.2.0 og DivX HD stuðningi.

Tilboð **159.995**
Verð áður 189.995
LG
42LE450N




Panasonic TX-P42G20E er 42 tommu NeoPlasma sjónvarp með frábærum myndgæðum, 1920 x 1080 punkta upplausn og 600 Hz tækni og V-Real Pro 5 myndúrvinnslu.

Tilboð **189.995**
Verð áður 249.995
Panasonic
TX-P42G20E




Glæsilegt 47 tommu Full HD LCD sjónvarp með 200 Hz, 1920 x 1080 punkta upplausn, 3 x HDMI, LAN, 2 x USB 2.0, WiFi, DLNA og DivX HD stuðningi.

Tilboð **229.995**
verð áður 279.995
LG
47LD750N



Glæsilegt 400W 2.1 BluRay heimabíó frá LG. Fékk EISA verðlaun 2010-2011 fyrir besta heimabíóið.

Tilboð **99.995**
Verð áður 119.995
LG
HB45E



Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 110246

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 12. maí**

**➜ Tónleikar**

**18.00** Inga Dóra Stefánsdóttir messósópran heldur útskriftartónleika sína frá tónlistardeild Listaháskólans í kvöld kl. 18. Tónleikarnir fara fram í Þjóðmenningarhúsinu.

**21.30** Dúettinn Dúettinn MoR heldur tónleika á Kaffi Rósenberg. Dúettinn skipa Margrét Eir söngkona og Róbert Þórhallsson bassaleikari. Á tónleikunum leika þau lög af plötunni MoRDuran ásamt fleiri tökulögum.

**➜ Útivist**

**17.00** Fræðsluganga verður í Grasagarðinum í dag kl. 17. Skoðaðar verða hátíðaliljur í blóma. Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

# Ekkja Stiegs Larsson í Norræna húsinu

Sænski rithöfundurinn Eva Gabrielsson verður gestur á höfundakvöldi í Norræna húsinu í kvöld.

Gabrielsson er ekkja Stiegs Larsson, höfundar Millennium-þríleiksins sem hefur farið sigurför um heiminn. Eftir fráfall Larssons lenti Gabrielsson í deilum við fjölskyldu hans um réttinn á bókum hans. Parið hafði verið í sambúð um áratuga skeið en þau gengu aldrei formlega í hnapphelduna erfði fjölskylda Larssons réttinn á bókum hans með tilheyrandi auðæfum.

Gabrielsson ræðir meðal annars þetta mál í spjalli við Þóru Arnórsdóttur í Norræna húsinu í kvöld. Gabrielsson hefur skrifað tvær bækur tengdar þessu máli, sem báðar komu út í fyrra: „Sambo: ensammare än du tror“ sem fjallar um vandamál tengd reglum eða lögum um sambúð og bókina: „Millennium, Stieg & jag“.

Í síðarnefndu bókinni fjallar Gabrielsson um hvernig Millennium-trílógían varð til, tímann fyrir andlát Stiegs Larsson og erfðadeiluna við ættingja hans. Þar kemur einnig fram að ýmislegt í bókunum megi rekja til sambands þeirra; hún geti oft ekki sagt með vissu hvað sé nákvæmlega frá honum komið og hvað frá henni. Þá gagnrýnir hún „Stieg Larsson iðnaðinn“, sem hún kallar svo, sem hefur stigmagnast með árunum, ekki síst í Bandaríkjunum, og nær senn hámarki með þremur Hollywood-myndum byggðum á þríleiknum. Norræna húsið og Bjartur standa saman að komu Gabrielsson hingað til lands.


STIEG LARSSON

Höfundakvöld Norræna hússins eru á hverju fimmtudagskvöldi til 9. júní næstkomandi. Meðal væntanlegra gesta eru Svíinn Kasja Ingemarsson, Naja Marie Aidt frá Danmörku og norsk-danski höfundurinn Beate Grimsrud, sem þótti líkleg til að hreppa Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs á dögunum.

Dagskráin hefst klukkan 20 í kvöld og er öllum opin. **- bs**


**EVA GABRIELSSON** Bjó með Stieg Larsson áratugum saman þar til hann féll frá 2004. Hún ræðir meðal annars samband þeirra og erfðadeiluna í kvöld.










# Þjóðarímynd og goðsagnadýr

Listasafn Reykjavíkur

**Jór! Hestar í íslenskri myndlist.**

Sýningarstjóri: Aðalsteinn Ingólfsson

**Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir**

Myndlistarsýningar með viðfangsefni eru nær undantekningarlaust skemmtilegar, aðgengilegar og alþýðlegar. Hér er það íslenski hesturinn sem hefur orðið fyrir valinu. Klassískt viðfangsefni, þó varla hafi það brunnið mjög á íslenskum listamönnum síðustu áratugi.

Á Kjarvalsstöðum má sjá lykilverk eftir lykilmenn og -konur. Beinin hennar Stjörnu eftir Finn Jónsson, portrettmynd eftir Þórarin B., auðvitað málverk eftir Jóhann Briem, Ásgrím, Kjarval, Kristínu Jóns, Louisu Matthíasdóttur, Helga Þorgils, Kristínu Gunnlaugs og marga fleiri, öll stóru nöfnin okkar, glæsileg verk eftir frábæra listamenn. Í fljótu bragði sýnist mér um helmingur verka vera frá því fyrir 1970, en eðlilega breytist úrvalið af hestamyndum eftir miðja síðustu öld. Fígúratíf list hvarf í bakgrunn nýrra stefna, í samfélaginu hætti hesturinn að vera þjóðarímynd og varð tómstundagaman.

Þemu sýningarinnar eru þrjú, hesturinn í þjónustuhlutverki, hesturinn sem náttúra og hesturinn sem goðsagnavera og birtast þau öll í ólíkum myndum. Sjá má hvernig merking myndefnisins breytist með breyttum tímum. Sérstaklega þegar kemur að verkum síðustu áratuga fer ekki hjá því að spurningin vakni; hvenær málar kona hest og hvenær málar kona ekki hest? Hvert er hið raunverulega viðfangsefni listamannsins? Hvað tákna þessi undurfallegu dýr á málverki Kristínar Gunnlaugsdóttur? Hvað á Sigurður Guðmundsson við þegar hann tekur mynd af sjálfum sér við lestur, undir titlinum Hestur/lestur? Er það rímið sem ræður eða er hér líka vísun í íslenska orðið lestrarhestur, sem felur í sér ákveðið og jákvætt viðhorf til hestsins. Tengist málverk Hallgríms Helgasonar, Guð á Sæbraut, íslenska hestinum? Ofangreind verk víkka út viðfangsefnið og það er vel.

Nú er ljóst að hesturinn var eitt viðfangsefna myndlistarmanna á fyrri hluta tuttugustu aldar, þegar þjóðarímyndin var áleitin og birtingarmyndir hennar. Eiginleikar hestsins, þrautseigja og dugnaður, voru æskilegir eiginleikar íslenskrar, vinnusamrar alþýðu.

Birtingarmyndir hestsins í list síðustu áratuga eru af öðrum toga, þær eru ekki innlegg í orðræðu samtímans á sama hátt og málverk fyrri hluta síðustu aldar voru, á tímum sköpunar þjóðar. Á sýningunni kemur þessi breyting vel fram og það er að hluta til markmið hennar.

Ef til vill hefði mátt koma betur fram á sýningunni í hversu miklum mæli það er ekki eingöngu merking myndefnis á myndfletinum sem hefur breyst, heldur einnig staða myndefnisins innan listarinnar og í samfélagslegu samhengi. Eldri verkin eru máluð af velflestum lykilmálurum síns tíma. Í dag eru listamenn mun fleiri og viðfangsefni þeirra fjölbreyttari en áður. Þessi staðreynd, hið breytta, ytra samhengi myndefnisins sem ekki sést á myndfletinum, hefði kannski mátt vera sýnilegri á einhvern hátt, til þess að brengla ekki um of hugmynd hins almenna áhorfanda um mikilvægi íslenska hestsins í íslenskri myndlist síðustu áratugi.

**Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** Klassískt og alþýðlegt viðfangsefni, brýnt á fyrri hluta síðustu aldar en síður eftir 1950. Fyrir þann tíma var myndefnið hluti af orðræðu samtímans og sköpun þjóðarímyndar en staða þess innan samtímalista er önnur. Mikill fjöldi frábærra verka sem ekki eru sýnileg alla jafna. Fín sýning fyrir alla fjölskylduna.

# Elizabeth Arden

## Kynning í verslunum Hagkaups dagana 12.-18. maí.

Undrakremið, Skin Protectant, frá Elizabeth Arden, þarf að vera til á hverju heimili.




**Eight Hour kremin; endast í allt að átta klukkustundir.**

- Skin Protectant, undrakrem sem ætti að vera til á hverju heimili. Mýkir og græðir. Förðunarfræðingar hafa notað kremið í mörg ár.
- Handáburður, gefur fullkominn raka og næringu.
- Varagaldur, verndar og mýkir varirnar. Inniheldur vörn SPF 15.
- Líkamskrem, smýgur strax inn í húðina og viðheldur raka í allt að átta klukkustundir.
- Sólarvörn, nýtt í línunni. Er viðurkennt af alþjóðlegu krabbameinssamtökunum, sjá merkingar á vöru.



**Þessi glæsilega taska fylgir með keyptum vörum í Elizabeth Arden línunni þar af einni vöru í Eight Hour línunni. Sérfræðingar verða í verslunum til að veita þér faglega ráðgjöf um vöruna.**

HAGKAUP
Ein ferð betra verð





**Í SPILARANUM**

**Andrea Gylfadóttir og Blúsmenn** - Rain On Me Rain
Guðmundur - Guðmundur
Cex - Tiny Creature
**Eurovision** - Song Contest Düsseldorf 2011

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Killers vinnur að nýju efni

Las Vegas-hljómsveitin The Killers hefst handa við að semja nýtt efni í næstu viku, samkvæmt trommaranum Ronnie Vannucci.

Vannucci lýsti því yfir í viðtali á útvarpsstöðinni XFM í London að meðlimir The Killers ættu hrúgu af hugmyndum að lögum sem þeir vilji leyfa hver öðrum að heyra. Þá bætti hann við að þeir væru búnir að ákveða að hittast þriðjudaginn 17. maí. „Við ætlum að koma saman og byrja að vinna,“ sagði hann.

The Killers sendi síðast frá sér plötuna Day & Age árið 2008, sem var þriðja plata hljómsveitarinnar. Meðlimir The Killers hafa einbeitt sér að eigin verkefnum undanfarin misseri og söngvarinn Brandon Flowers sendi til að mynda frá sér nokkuð vel heppnaða sólóplötu í fyrra.



**AFTUR AF STAÐ** The Killers hefur látið lítið fyrir sér fara undanfarið, en hyggst byrja á nýrri plötu í næstu viku.



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Lifandi goðsögn á Listahátíð*

Tony Allen er einn af dáðustu trommuleikurum heims. Hann er þekktur sem „maðurinn sem bjó til bítið í afróbít tónlistinni“. Hann var trommuleikari Fela Kuti á hátindi ferilsins, á árunum 1964-1979. Það eru til ótal sögur um Tony. Brian Eno sagði einhvern tímann að hann væri „ef til vill besti trommari sem uppi hefði verið“ og svo er það sagan af því þegar James Brown spilaði í Nígeríu 1970 og setti sínum mönnum fyrir það verkefni að stúdera þennan galdramann sem spilaði á trommur með Fela. Ginger Baker er líka aðdáandi og lærði sitthvað af Tony.

Tony Allen hefur gefið út slatta af sólóplötum sem eru flestar frábærar. Sú fyrsta heitir Jealousy og kom út 1975, en sú nýjasta er Secret Agent sem kom út hjá heimstónlistarrisanum World Circuit fyrir tveimur árum. Fín plata.



**SPILAR Á LISTAHÁTÍÐ** Tony Allen spilar með Stórsveit Samma á Listahátíð 1. júní.

Tony býr í dag og starfar í París. Hann er eftirsóttur til að starfa með og hefur á undanförnu árum m.a. spilað með Sébastien Tellier, Charlotte Gainsbourg, Manu Dibango, Zap Mama og Grace Jones. Árið 2006 fékk Damon Albarn hann með sér í spútniksveitina The Good The Bad & The Queen ásamt Clash-bassaleikaranum Paul Simonon og gítarleikaranum Simon Tong úr The Verve, og fyrir tveimur árum gerðu Tony Allen og Finninn frækni Jimi Tenor saman plötuna Inspiration Information 4.

Koma Tony Allen á Listahátíð er einstakt tækifæri til þess að upplifa mjög áhrifamikinn og öflugan tónlistarmann. Það verður spennandi að sjá hvernig þessum gamla meistara tekst að sameinast Stórsveit Samúels Samúelssonar og sjá og heyra hvaða lög verða á efnisskránni. Tónleikar Tony Allen og Stórsveitar Samma verða í Tjarnarbíói 1. júní.



**STEFNA HÁTT** Okkervil River hefur sent frá sér nýja plötu sem gæti gert hljómsveitina miklu stærri að mati The Guardian.

# Okkervil River reynir að spila með stóru strákunum

**Okkervil River er ekki þekktasta hljómsveit heims, en hefur engu að síður verið dáð af tónlistargrúskurum síðustu ár. Ný plata hljómsveitarinnar markar skil og gefur til kynna að nú stefni hljómsveitin á meginstraumsvinsældir líkt og Arcade Fire.**

Indí-hljómsveitin Okkervil River sendi frá sér plötuna I Am Very Far í vikunni. Plötunni var lekið á netið í apríl og fór í kjölfarið að vekja mikla athygli tónlistargrúskara um allan heim.

Okkervil River hefur farið erfiðu leiðina á ferli sínum og byggt upp vinsældir sínar hægt, en örugglega. Hljómsveitin var stofnuð í Texas í Bandaríkjunum, nánar tiltekið í borginni Austin, árið 1998 og dregur nafn sitt af rússneskri smásögu höfundarins Tatyana Tolstaya. Hljómsveitin gaf sjálf út fyrstu plötuna og kom í kjölfarið fram á South by Southwest-tónlistarhátíðinni í Texas. Plötusamningur fylgdi í kjölfarið og fleiri plötur.

Þemaplatan Black Sheep Boy, sem kom út árið 2005, sló í gegn og var sérstaklega vel tekið af gagnrýnendum. Okkervil River hélt áfram að hamra járnið, kom fram í kvöldþætti Conans O‘Brien og tróð upp með listamönnum á borð við Lou Reed og snillingunum í The National.

I Am Very Far er sjötta plata Okkervil River og sú fyrsta í átta ár sem er ekki þemaplata (e.þ. concept). Gagnrýnendur hafa keppst við að ausa plötuna lofi og Alexis Petridis, gagnrýnandi breska dagblaðsins The Guardian segir að nú sé Okkervil River að gera tilraun til að spila með stóru strákunum – fara upp um deild. Hann segir plötuna grípa strax ólíkt mörgum öðrum plötum sem taka tíma í að síast inn hjá hlustendum. Platan inniheldur engu að síður ekkert vinsældapopp og þykir nokkuð tilraunakennd. Meðlimir hljómsveitarinnar fóru ýmsar óhefðbundnar leiðir við upptökur á plötunni, tóku upp hljóð í skjalaskáp sem þeir rúlluð um hljóðverið og prófuðu að syngja á röltinu í stað þess að standa kyrrir.

Petridis nefnir hljómsveitina Arcade Fire sem dæmi um hvert Okkervil River stefnir. Arcade Fire hefur náð gríðarlegum vinsældum undanfarin ár, án þess að fórna tónlistarlegum metnaði. Síðasta plata hljómsveitarinnar, The Suburbs, þótti algjört meistarastykki og styrkti stöðu hljómsveitarinnar á meðal þeirra bestu. Þangað stefnir Okkervil River að mati gagnrýnanda The Guardian.

**atlifannar@frettabladid.is**

## LAGALISTINN

Vikuna 5. - 11. maí 2011

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Adele | Someone Like You |
| ▲ | 2 | Megas & Senuþjófarnir | Lengi skal manninn reyna |
| ▶ | 3 | Valdimar | Yfirgefinn |
| ▼ | 4 | Jessie J | Price Tag |
| ▼ | 5 | Bubbi Morthens | Ísabella |
| ▶ | 6 | Vinir Sjonna | Coming Home |
| ▲ | 7 | Eyjólfur Kristjánsson & Björn Jörundur | Allt búið |
| ▲ | 8 | Valdimar | Brotlentur |
| ▲ | 9 | Páll Rósinkranz & Magnús Þór Sigmundss... | Loforð |
| * | 10 | Britney Spears | Till The World Ends |

## TÓNLISTINN

Vikuna 5. - 11. maí 2011

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Ýmsir | Eurovision Song Contest 2011: Düsseldorf |
| ▼ | 2 | Megas og Senuþjófarnir | (Hugboð) um vandræði |
| * | 3 | Sjonni's Friends | Coming Home |
| ▼ | 4 | Valdimar | Undraland |
| * | 5 | Ýmsir | Gleðibankinn: 25 ár í Eurovision |
| ▲ | 6 | Eyfi | Ykkur syng ég mína söngva |
| ▼ | 7 | Skálmöld | Baldur |
| ▲ | 8 | Svavar Knútur | Amma |
| * | 9 | Magnús og Jóhann | Ástin og lífið 1971-2011 |
| ▲ | 10 | Páll Rósinkranz | Ó hvílík elska |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Visir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is




# VORÚTSALA

## HEIMABÍÓKERFI FRÁ 24.990
## ALLT AÐ 38% AFSLÁTTUR

PHILIPS JVC Panasonic

## FRÁBÆR TILBOÐ Á SJÓNVÖRPUM

JVC - GRUNDIG - PANASONIC - PHILIPS - TOSHIBA - UNITED

22" LCD SJÓNVARP
FULLT VERÐ 99.990
TILBOÐ 59.990
Panasonic AFSL. 40.000

32" LCD SJÓNVARP
FULLT VERÐ 104.990
TILBOÐ 74.990
TOSHIBA AFSL. 30.000

46" LCD / AMBILIGHT
FULLT VERÐ 349.990
TILBOÐ 279.990
PHILIPS AFSL. 70.000

JVC HEYRNARTÓL OG TAPPAR
30-50% AFSLÁTTUR

TASCO SJÓNAUKAR MEÐ ALLT AÐ
35% AFSLÆTTI

JBL IPOD VÖGGUR MEÐ ALLT AÐ
40% AFSLÆTTI

## MÖRG HUNDRUÐ VÖRUR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI

HLJÓMTÆKI - SJÓNVÖRP
MYNDAVÉLAR - BLU-RAY SPILARAR

## MYNDAVÉLAR – FRÁ 9.990

Nikon CASIO Panasonic OLYMPUS

SJÁ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

JVC PHILIPS Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED harman/kardon OLYMPUS tasco Nikon SanDisk enox. JBL

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

> MÆÐRADAGURINN MIKILVÆGUR

Mun meira var um að fjölskyldur færu í bíó í Bandaríkjunum á hinum ameríska mæðradegi en kvikmyndaver höfðu gert ráð fyrir. Þótt stórmyndin Þór hafi notið mestra vinsælda þá nutu rómantískar gamanmyndir á borð við Something Borrowed og Jumping the Broom einnig góðs af deginum og rufu 10 milljón dollara markið.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Framhald af Bourne í bígerð

Varla líður sú vika að Rachel Weisz sé ekki orðuð við eitthvert stórhlutverkið í Hollywood. Síðast var það vonda nornin í Oz í kvikmynd Sam Raimi og nú er það aðalkvenhlutverkið í The Bourne Legacy, sjálfstæðu framhaldi af þríleiknum um Jason Bourne. Matt Damon hefur sem kunnugt er tilkynnt að hann hyggist ekki leika í fleiri kvikmyndum um minnislausa njósnarann og því hefur verið gripið til þess ráðs að búa til hliðarsögu út frá seríunni með Jeremy Renner í hlutverki leyniþjónustumanns. Hann verður úti í kuldanum hjá mun hættulegri stofnun en þeirri sem Matt Damon mátti glíma við.

Ráðgert er að Tony Gilroy muni leikstýra myndinni og að tökur hefjist í september. Það gæti hins vegar stefnt þátttöku Weisz í tvísýnu þar sem hún mun þá að öllum líkindum vera að leika í Oz-myndinni.

Rachel Weisz er sem kunnugt er hætt með leikstjóranum Darren Aronofsky og hefur í kjölfarið sökkt sér í vinnu. Á næstunni má sjá hana í kvikmyndum á borð við The Deep Blue Sea og þá er hún að vinna með leikstjóranum Fernando Meirelles í kvikmyndinni 360 ásamt Jude Law, Anthony Hopkins og Ben Foster.



**SAMAN Í BOURNE** Rachel Weisz er orðuð við ansi mörg hlutverk þessa dagana, það síðasta er í fjórðu Bourne-myndinni ásamt Jeremy Renner.

# Harrelson í hasar

Woody Harrelson hefur samþykkt að leika í hasar/drama-kvikmyndinni The Hunger Games eftir leikstjóra Seabiscuit, Gary Ross. Myndin er byggð á samnefndri bók Suzanne Collins sem notið hefur mikilla vinsælda og segir frá ansi blóðugri keppni þar sem verðlaunin eru lífið sjálft.



**WOODY HARRELSON**

Harrelson mun leika Haymitch Abernathy, drykkfelldan kappanda sem hefur yfir sér goðsagnakenndan blæ. Meðal annarra leikara í myndinni má nefna Elizabeth Banks, Liam Hemsworth og Stanley Tucci en aðalhlutverkin verða í höndunum á Josh Hutcherson og Jennifer Lawrence. Harrelson hefur smám saman verið að koma ferli sínum aftur á réttan kjöl eftir smá brotsjó og leikur á næstunni í kvikmyndunum Friends with Benefits með þeim Milu Kunis, Justin Timberlake og Rampart. The Hunger Games er væntanleg í kvikmyndahús 2012.

# Ekkert rokk fyrir Alec Baldwin



**ALEC BALDWIN**

Alec Baldwin hefur verið látinn fara úr söngleikjamyndinni Rock of Our Ages. Engar ástæður eru gefnar fyrir brotthvarfi Baldwin en hann átti að leikan skemmtistaðaeigandann Dennis Dupree. Baldwin hefur auðvitað farið á kostum í 30 Rock og átt ágætis kvikmyndir inn á milli, meðal annars The Departed, en leikstjórinn Adam Shankman hefur augljóslega ekki haft trú á hæfileikum leikarans.

Hvort brotthvarf Baldwins tengist því að nýlega var tilkynnt að Tom Cruise, Russell Brand, Malin Akerman, Paul Giamatti og Catherine Zeta-Jones hefðu bæst í hópinn skal hins vegar ósagt látið.


heimili FASTEIGNASALA

Finnbogi Hilmarsson og Bogi Pétursson lögg. fasteignasalar



Bogi Pétursson lögg. fasteignasali

Barðastaðir – einstök staðsetning.







Mjög vandað 172 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum 38,3 fm bílskúr. Húsið stendur einstökum stað í jaðri höfuðborgarinnar. Strandlengjan, laxá, tveir golfvellir ásamt fallegum göngu- og hjólaleiðum í næsta nágrenni

V. 58,0 millj.

Skipholt 29a • Sími 530 6500 • heimili.is



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA AF LANDSBYGGÐINNI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir




**GULLNÁMA** Johnny Depp og Penélope Cruz sem Jack Sparrow og Angelica ásamt Ian McShane í hlutverki Blackbeard, hins goðsagnakennda sjóræningja.

# Fjársjóður frá Hollywood

**Fjársjóðsleit stórmyndaframleiðandans Jerry Bruckheimer skilaði sér þegar hann ákvað að gera mynd um sjóræningja. Fjórða myndin um Jack Sparrow var frumsýnd á Cannes í gær.**

Það var mikið um dýrðir þegar stjörnum prýddur leikarahópur Pirates of The Caribbean: On Stranger Tides rölti niður rauða dregilinn í Cannes. Fjórða myndin í sjóræningjamyndaflokki Jerry Bruckheimer er orðin að veruleika með eilitlum breytingum þó. Orlando Bloom, Keiru Knightley og leikstjóranum Gore Verbinski var sparkað frá borði en í þeirra stað eru komin Óskarsverðlaunaleikkonan Penélope Cruz, sem þykir taka sig vel út í sjóræningjabúningi, og Óskarsverðlaunaleikstjórinn Rob Marshall. Fjórða myndin fjallar reyndar um kunnuglegt stef, hún segir frá leit Jack Sparrow og félaga hans að Æskulindinni. Barbossa, í meðförum Geoffry Rush, er aldrei langt undan og nýr óvinur, Blackbeard, er rétt við sjóndeildarhringinn (þeirri persónu hefur reyndar brugðið fyrir í ansi mörgum sjóræningjamyndum og -þáttum).

Flestir kvikmyndaspekúlantar voru sammála um Jerry Bruckheimer hlyti annaðhvort að vera klikkaður eða hefði einfaldlega ekki séð Cutthroat Island eftir Renny Harlin þegar framleiðandinn tilkynnti að hann hygðist gera sjóræningjamynd. Innblásturinn fékk hann frá skemmtigarði í Disney World. Sömu spekúlantar hafa sennilega skellt upp úr þegar Bruckheimer tilkynnti að Johnny Depp myndi leika aðalhlutverkið. En framleiðandinn fékk byr í öll segl því fyrsta myndin, Pirates of the Caribbean: The Curse of the Black Pearl, sigldi á fullri ferð í efstu hæðir miðasölunnar. Hún skilaði 514 milljónum dollara í gróða og öllum var ljóst að Bruckheimer ætlaði ekki að fella seglin og liggja fyrir akkeri.

Að sjálfsögðu var um að ræða þríleik og þremur árum seinna birtist Dead Man's Chest. Áhorfendur flykktust í bíó, elskuðu Johnny Depp í hlutverki hins óskiljanlega Sparrow og dáðust að hinni hugrökku Elizabeth og undarlegu ástarsambandi hennar og Williams. Enda fór það svo að myndin skilaði 840 milljóna dollara gróða. Dómarnir voru reyndar ekkert sérstakir, gagnrýnendur voru sammála um að númer tvö bæri þess glögg merki að vera einhvers konar forleikur að síðasta kaflanum.

Bruckheimer sparaði heldur ekkert krónurnar í þriðju myndina, At World's End, hún kostaði 300 milljónir í framleiðslu. En hún olli sárum vonbrigðum, krafturinn sem hafði einkennt fyrstu myndina var víðsfjarri, söguþráðurinn ruglingslegur og ótrúverðugur (eins gáfulega og það kann að hljóma um sjóræningjamynd). Gróðinn varð engu að síður umtalsverður, 660 milljónir dollara. Myndirnar þrjár hafa því skilað tveimur milljörðum dollara í gróða sem er stjarnfræðileg upphæð í íslenskum krónum talið: 227 milljarðar. En það er ámóta mikið og ríkið hefur eytt í að endurreisa fjármálafyrirtæki og tryggingarfélög síðustu tvö ár.

freyrgigja@frettabladid.is

# Vampíruleikari á nýjum slóðum

Flestar táningsstúlkur og mæður þeirra þekkja Robert Pattinson eða vampírupersónu hans, Edward Cullen, úr Twilight-myndunum. En um helgina gefst fólki tækifæri til að sjá þennan mikla hjartaknúsara 21. aldarinnar í nýju hlutverki í ástarmyndinni Water for Elephants. Myndin segir frá Jacob, nema í dýralækningum, sem hættir námi og fer í sirkus eftir að foreldrar hans deyja. Þar kynnist hann hinni undurfögru Marlenu, eiginkonu sirkusstjórans, og verður um leið ástfanginn. Meðal annarra leikara í myndinni má nefna Christoph Waltz og Reese Witherspoon.

Paul Bettany var spáð miklum frama í Hollywood þegar hann hreppti hlutverk munksins Silas í The Da Vinci Code sem Ingvar E. Sigurðsson reyndi einu sinni við. En hann hefur ekki alveg náð að fylgja því eftir og kvikmyndin Priest gefur ekki mikla ástæðu til bjartsýni. Myndin segir frá presti á miðöldum sem hyggst bjarga systur sinni frá vampíruhópi.

Þriðja mynd helgarinnar er síðan enn ein b-myndin frá Nicholas Cage og heitir Drive Angry. Eins ótrúlega og það kann að hljóma segir myndin frá Milton , föður í hefndarhug, sem snýr aftur til jarðar eftir vist í helvíti.



**HJARTAKNÚSARI** Robert Pattinson leikur aðalhlutverkið í rómantísku kvikmyndinni Water for Elephants.

# SKÓSPRENGJA

# HEFST Í DAG

AÐ LÁGMARKI

# 50%

AFSLÁTTUR

Sumarskór í úrvali

Opið

virka daga milli kl. 11 og 18
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 13 og 17

VÖRUR FRÁ:

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco Kringlan - Smáralind

Kaupfélagið Kringlunni - Smáralind

skór.is KRINGLAN • SMÁRALIND

Þú finnur okkur á: facebook

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

# Fólk

folk@frettabladid.is



**4000** pund kostar nóttin á villunni á Seychelles-eyjum sem Vilhjálmur Bretaprins og Katrín, hertogaynja af Cambridge, gista á í brúðkaupsferð sinni. Það gerir 755 þúsund íslenskar.



**STJANAR VIÐ SIG** Will Smith er mikill nautnaseggur og hefur á leigu tveggja hæða íbúðarvagn á meðan hann leikur í MIB 3.

## Lúxuslíf Will Smith á tökustað

Bandaríski leikarinn Will Smith vill hafa það gott á tökustað, ef marka má nýlegar fréttir New York Post, því hann hefur leigt sér tveggja hæða færanlegan íbúðarvagn til að geta slakað á milli takna. Smith er nú staddur í New York þar sem tökur á MIB 3 eða Menn í svörtu 3 standa yfir og hefur komið íbúðarvagninum sínum fyrir í miðju SoHo-hverfinu.

Nágrannar tökustaðarins kvarta sáran undan ferlíkinu í viðtölum við New York Post. „Þetta er algjörlega fáránlegt, ég kann vel að meta Will Smith en hvað varð um alla hógværðina? Þetta fyrirbæri er stærra en íbúðin mín," hefur blaðið eftir Brigette Moreno. Myrna Reisman bætir því við að hún hafi aldrei séð annað eins. „Hvernig þætti Will Smith ef ég legði einhverju svona á lóðinni hans?"

Smith, sem er vanalega meðal tekjuhæstu leikara Hollywood, lætur sig ekki muna um að punga út níu þúsund dölum í leigu á ferlíkinu, sem skartar meðal annars litlum bíósal með hundrað tommu skjá, fullkomnu eldhúsi, risastóru svefnherbergi og vel útbúnu baðherbergi.

55 feta einkalíkamsræktarstöð Smiths er síðan lagt rétt hjá en hún er líka á hjólum.


ESTĒE LAUDER

Gjöfin þín

Ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 5.900 krónur eða meira, dagana 11. - 18. maí í Debenhams.

Gjöfin inniheldur:
Advanced Night Repair – viðgerðardropa, 7ml
TimeZone Crème – Fyrirbyggjandi krem við línum og hrukkum, 15ml
Advanced Night Repair Eye – Augnkrem fyrir öll vandamál augnsvæðisins, 5ml
Pure Color Lipstick – Varalit, litur – candy
Pure Color Eyeshadows – Augnskuggabox með tveimur augnskuggum
Sumptuous Mascara – Svartan maskara
Stóra og góða snyrtitösku ásamt spegli



* Verðgildi gjafarinnar er ca. 22.650.-
* meðan birgðir endast



Það er eins og augnhárin margfaldist, þéttist og lengist í það óendanlega.

Sumtuous Extreme Lash Multiplying Volume Mascara.
Nýr og árangursríkur maskari sem þykkir augnhárin og gerir þau glæsilegri.

Þrjár tegundir trefja stuðla að þéttingu sem jafnast næstum á við fölsk augnhár. Lash Advancing Vitamin Complex nærir og styrkir augnhárin. Glitaðir litir gæða augun einstöku bliki og seiðmagni.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI




**Í SIGURLIÐI** Charlie Sheen hefur gefið út smáskífu sem heitir að sjálfsögðu Winning.

## Sheen gefur út Winning

Charlie Sheen hefur gefið út lagið Winning á i-Tunes. Meðal þeirra sem koma við sögu í laginu eru Snoop Dogg og gítarleikari Korn, Rob Patterson. Þetta kemur fram í bandaríska blaðinu Los Angeles Times.

Lagið er nefnt eftir frægum frasa leikarans og fór á netið á þriðjudaginn. Gítarleikarinn Patterson lét hafa eftir sér í samtali við Times að lagið væri gott. „En í alvöru talað, ekki taka þetta of alvarlega, þetta á að vera fyndið og skemmtilegt." Charlie Sheen sjálfur sparaði ekki stóru orðin á twitter-síðu sinni. „Fólk á eftir að elska lagið, hver vill ekki vera í sigurliðinu," skrifaði Sheen og vitnaði í titil lagsins.

Sheen hefur þegar tilkynnt að allur ágóði af sölu lagsins muni renna til fórnarlamba hvirfilbyljanna í Bandaríkjunum.



**SÖNG** Lady Gaga kom fram á góðgerðatónleikum þar sem 47 milljónir söfnuðust.

## Hjálpar til við góðgerðamál

**Lady Gaga, söngkonan vinsæla, tróð upp á góðgerðatónleikum í New York á mánudagskvöld og aðstoðaði við að safna 47 milljónum dollara til styrktar góðu málefni.**

**Eins kaldhæðnislega og það kann að hljóma heitir góðgerðasjóðurinn sem réð Lady Gaga til verksins Hrói höttur og eru það helst bankamenn sem greiða himinháar upphæðir fyrir að sitja á besta stað og hlýða á heimsfrægar poppstjörnur. Hápunkturinn var hins vegar uppboð sem Fergie úr Black Eyed Peas stóð fyrir en sá sem bauð hæst fékk að semja lag og taka það upp með samstarfsfélaga hennar úr hljómsveitinni, Will I.Am. Meðal annarra sem komu fram voru Tony Bennett og Kid Rock og úti í sal voru þau Sarah Jessica Parker, Michael J. Fox, Naomi Watts og Gisele Bundchen.**

**Að lokum má geta þess að öll söfnunin rann til styrktar sérstökum samtökum sem styðja við og hjálpa fátæku fólki í New York-ríki.**



**HARÐUR** Bieber lét sýkingu ekki á sig fá og hélt tónleika á Filippseyjum.

# Kastaði upp á tónleikum

Það er ekki tekið út með sældinni að vera vinsælasta táningsstjarna heims. Og á því meðali fékk Justin Bieber að bragða á tónleikum sínum á Filippseyjum á þriðjudagskvöld. Bieber ferðast nú um allan heim á tónleikaferðalaginu My World en babb kom í bátinn þegar hann fékk sýkingu í lungun.

Læknir ráðlagði Bieber að hætta við tónleikana eða taka mjög stutta útgáfu af þeim en söngvarinn neitaði að hlusta og sagðist ekki ætla að svíkja sitt fólk. Hann sást kasta upp á milli laga á tónleikunum en sýndi af sér fádæma hörku og kláraði sitt. „Þetta voru góðir tónleikar en erfiðir. Er í alvörunni veikur. Verð að hvílast,“ skrifaði ungstirnið á twitter-síðu sína skömmu eftir tónleikana.



**TEIKNAÐ LÍF** Britney Spears verður brátt að myndasöguhetju þegar líf hennar verður teiknað upp í bókstaflegri merkingu.

# Spears í myndasögu

Líf Britney Spears mun brátt birtast í myndasöguformi. Það er myndasögufyrirtækið Bluewater sem stendur fyrir því en það hefur áður gert sér mat úr hrakfallasögu Lindsay Lohan, velgengni Lady Gaga og ástarsambandi Twilight-stjarnanna Robert Pattinson og Kristen Stewart.

Britney hefur auðvitað lifað tímana tvenna og hefur verið undir stanslausri smásjá fjölmiðla síðan smellurinn Hit Me Baby tröllreið heimsbyggðinni. Frægast er þó sennilega þegar hún virtist fá hálfgert taugaáfall í beinni, rakaði af sér allt hárið og var að lokum flutt burt með sjúkrabíl af heimili sínu árið 2008. „Hún er miklu flóknari heldur en fólk gerir sér grein fyrir. Á bak við listamanninn er manneskja sem hefur þurft að glíma við ýmis vandamál og berjast fyrir tilverurétti sínum.“

# Fín lög og flottar pælingar Daníels Ágústs

Tónlist ★★★★

**The Drift**

Daníel Ágúst

Það er nóg að gera í tónlistinni hjá Daníel Ágústi þessa dagana. Hann er áberandi á Gusgus-plötunni Arabian Horse sem er væntanleg eftir nokkra daga, Nýdönsk er á fullu og svo er sólóplata númer tvö nýkomin út. Fyrri platan, Swallowed a Star, kom út fyrir sex árum og hafði að geyma framsækna og sérstaka tónlist framleidda með strengjasveit, rödd, áslætti og hljóðeffektum. Nýja platan, The Drift, er allt öðruvísi, bæði poppaðri og hressari.

The Drift er unnin með hópi þaulvanra hljóðfæraleikara, þ.á m. Jóni Ólafssyni sem spilar á hljómborð og bassasynta og gítarleikurunum Stefáni Má Magnússyni og Guðmundi Péturssyni. Lagasmíðarnar á plötunni eru frekar hefðbundnar, en hljómur hennar og útsetningar eru sérstakar, einhvers konar sambland af gítarrokki, sumstaðar kántrískotnu, og rafpoppi. Bassasyntinn setur sterkan svip svo og gítararnir, bæði kassa og rafmagns. Það er greinilegt að menn hafa legið yfir þessu og einsett sér að búa til eitthvað sérstakt. Útkoman er ansi vel heppnuð og ólík flestu öðru.



Lögin eru mörg fín. Ég nefni t.d. Yeah, Yeah, Yeah, Slow Motion, Feel Like Dancing, Falling In Lust og titillagið The Drift, en í raun standa öll ellefu lögin alveg fyrir sínu. Svo má alveg nefna það líka að Daníel Ágúst er frábær söngvari og verður bara betri.

Á heildina litið er The Drift flott poppplata. Sérstök, en líka skemmtileg og grípandi.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Fínar lagasmíðar og flottar útsetningar einkenna aðra plötu Daníels Ágústs.




ER BARNIÐ ÞITT
Í ÖRUGGUM HÖNDUM ?

Ráðstefna á vegum Blátt áfram verður haldin í Háskólanum í Reykjavík dagana 19. og 20. maí 2011

Á ráðstefnunni verður sérstaklega vakin athygli á hegðunarmynstri þeirra sem beita börn og unglinga kynferðislegu ofbeldi. Til landsins kemur bandaríski, réttarsálfræðingurinn **Carla Van Dam, Ph.D.** og mun hún fjalla um aðferðir þeirra sem vilja tæla börn og hversu mikilvægt er að stöðva óviðeigandi samskipti, hvort sem þar á í hlut fullorðinn og barn, eða ef um er að ræða óæskilega hegðun milli tveggja barna.

Auk Carla Van Dam, Ph.D. koma fram íslenskir fyrirlesarar og sérfræðingar. Ráðstefnan er samstarf eftirtalinna aðila: **Barnaverndarstofa, Barnahús, Drekaslóð, SAFT, Háskólinn í Reykjavík, Starfsendurhæfing Norðurlands, Samtökin Réttindi Barna og Blátt áfram.**

Skráning hafin á www.blattafram.is

Forvarnir er besta leiðin!

BLÁTT ÁFRAM!
www.blattafram.is

RÉTTINDI BARNA · DREKASLÓÐ · BARNAVERNDARSTOFA · SAFT












**Á LEIÐINNI ÚT** Margrét Helga og Theódór pakka saman föggum sínum fyrir ferðalagið til Cannes. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Toppurinn á ferlinum að fara á frumsýningu í Cannes

**Kvikmyndin Eldfjall verður frumsýnd í Cannes á annað kvöld. Tveir af virtustu leikurum þjóðarinnar þreyta frumraun sína á rauða dreglinum við Miðjarðarhafið.**

„Þetta er toppurinn á manns ferli að myndin sem maður er í sé frumsýnd á Cannes,“ segir leikkonan Margrét Helga Jóhannsdóttir.

Hún og mótleikari hennar, Theódór Júlíusson, verða viðstödd frumsýningu kvikmyndarinnar Eldfjall í leikstjórn Rúnars Rúnarssonar á Cannes-hátíðinni í Frakklandi á föstudagskvöld. Þau Elma Lísa Gunnarsdóttir og Þorsteinn Bachmann sem leika börn þeirra í myndinni verða einnig viðstödd og Elma Lísa verður Margréti Helgu til halds og trausts í ferðinni. „Ég er eins og fjósakona sem er að fara út í heim og ég er svo heppin að hafa Elmu Lísu mér við hlið enda er hún heimsborgari.“

Þrátt fyrir langan leiklistarferil verður þetta fyrsta erlenda kvikmyndahátíðin sem Margrét Helga og Theódór fara á og hlakka þau að vonum mikið til. Þau léku einnig hjón í myndinni Englar alheimsins og segja bæði að krefjandi hafi verið að leika í Eldfjalli. „Þetta er með því erfiðara sem ég hef gert og er af nógu að taka. En þetta var ótrúlega spennandi vinna. Rúnar er enginn venjulegur drengur. Ég er búin að vinna með mörgum mjög góðum leikstjórum en hann hefur eitthvað einstakt,“ segir Margrét Helga, sem mun sjá myndina í fyrsta sinn í Cannes rétt eins og Theódór.

Eldfjall er fyrsta myndin þar sem hann er í aðalhlutverki og leikur hann í nánast öllum atriðum myndarinnar, enda snýst hún um hans persónu. Hann segist vera fullur tilhlökkunar en einnig kvíða yfir því að fara til Cannes. „Maður er vanur að fara í Háskólabíó og sjá þessar myndir sem maður hefur leikið í. Ég er alltaf hálf „nervus“ þegar ég er að sjá myndir í fyrsta skipti og þetta er dálítið stærra en Háskólabíó að fara á þessa frábæru hátíð í Cannes,“ segir Theódór.

Fjölmargar kvikmyndastjörnur eru viðstaddar Cannes-hátíðina á ári hverju og Theódór segir það mikinn heiður að vera í þeirra hópi. „Að vera í hópi með stórstjörnum heimsins. Ég átti ekki von á því að maður lenti í því á ferlinum en svona er þetta nú.“

Eldfjall keppir í tveimur flokkum á hátíðinni. Annars vegar í Directors' Fortnight, þar sem stór nöfn á borð við Martin Scorsese og George Lucas komu fyrst fram á sjónarsviðið, og hins vegar um Camera d'Or eða fyrir bestu fyrstu kvikmynd leikstjóra. Þetta er í fyrsta skipti sem íslensk kvikmynd keppir í flokki Directors' Fortnight síðan 1984, þegar Atómstöðin eftir Þorstein Jónsson keppti fyrir Íslands hönd. Margrét Helga fór einmitt með lítið hlutverk í þeirri mynd. „Þá notaði ég allt aðra stærð af fötum,“ segir hún í léttum dúr. freyr@frettabladid.is

# Pascal Pinon fékk 1,2 milljónir

Kraumur tónlistarsjóður úthlutaði níu milljónum króna til fimmtán verkefna á sviði íslenskrar tónlistar á Faktorý Bar í gær.

Hljómsveitirnar Pascal Pinon, sem er skipuð ungum tónlistarkonum, og Retro Stefson hlutu hæstu framlögin. Sú fyrrnefnda fékk 1,2 milljónir króna fyrir tónleikahald og kynningu á sinni fyrstu plötu erlendis á meðan Retro Stefson fékk eina milljón fyrir tónleikahald og kynningarstarf. Næstar á eftir komu hljómsveitirnar Árstíðir og Dikta með 800 þúsund krónur hvor og rokkararnir í Endless Dark sem fengu 700 þúsund í sinn hlut. Fjórir flytjendur fengu 600 þúsund, eða adhd, Kalli, Anna Þorvaldsdóttir og Who Knew.

Kraumur hefur áður styrkt bæði Retro Stefson og Diktu við gerð hljómplatnanna Kimbabwe og Get It Together en styrkurinn í þetta sinn er veittur til að kynna þær á erlendum vettvangi.

Tónlistarhátíðirnar Eistnaflug og Aldrei fór ég suður fengu einnig sinn skerf, rétt eins og tónleikaferðin Póst rokk & ról, tónskáldið Guðmundur Steinn Guðmundsson, Sjóræningjahúsið á Patreksfirði og myndbandaverkefnið Sleepless In Reykjavík.



**AFHENDING** Kraumur úthlutaði níu milljónum króna til fimmtán verkefna á Faktorý Bar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Alls bárust 233 umsóknir um styrk frá Kraumi í ár. Frá því sjóðurinn hóf starfsemi sína hafa yfir sjötíu flytjendur hlotið stuðning, þar á meðal Amiina, Bang Gang, Hjaltalín og Ólöf Arnalds. -fb




Glænýjar vörur beint frá London!
FATA MARKAÐUR
LAUGARDALS HÖLL
LAUGARDALHÖLLIN
Við rúllum þessu upp á morgun „dreggur"!!!
Herra hlýrabolir 799 kr.
Stráka gallabuxur frá 1.499 kr.
Strákabolir frá 499 kr
Dömu hlýrabolir 1.499 kr.
Dömu gallabuxur frá 1.999 k
Herra gallabuxur frá 2.999 kr.
Barna sokkabuxur 799 kr.
Sixpensarar 1.999 kr.
Hettupeysur 2.999 kr.
ódýrt
Opið alla helgina frá kl. 12:00 - 19:00
RADAR

# sport

sport@frettabladid.is



**VALSMENN** hafna kvörtun KR sem sakar Frey Alexandersson, aðstoðarþjálfara liðsins, um að hafa rætt ólöglega við Ingólf Sigurðsson, leikmann KR. Valur sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem félagið hafnar með öllu að einhver á þeirra vegum hafi rætt við Ingólf. KSÍ á eftir að taka málið fyrir.

## VALUR 0-1 ÍBV

*0-1 Þórarinn Ingi Valdimarsson (90.+1.)*

Vodafone-völlurinn, áhorf.: 2.348

Dómari: Kristinn Jakobsson (6)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–6 (4–1) |
| Varin skot | Haraldur 0 – Abel 3 |
| Horn | 13–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 15–7 |
| Rangstöður | 3–0 |

**Valur 4–5–1** Haraldur Björnsson 5 - Jónas Tór Næs 5, Halldór Kristinn Halldórsson 6, Atli Sveinn Þórarinsson 5, Pól Jóhannus Justinussen 6 - Haukur Páll Sigurðsson 6 (70., Andri Fannar Stefánsson 6), Guðjón Pétur Lýðsson 5, Arnar Sveinn Geirsson 5 (37., Jón Vilhelm Ákason 6) - Matthías Guðmundsson 6, Christian R. Mouritzen 6 (54., Rúnar Már Sigurjónsson 5), Hörður Sveinsson 4.

**ÍBV 4-5-1** Abel Dhaira 6 - Kelvin Mellor 5, Rasmus Christiansen 7, Eiður Aron Sigurbjörnsson 6, Matt Garner 5 - Andri Ólafsson 5, Bryan Hughes 5 (81., Anton Bjarnason -), Tony Mawejje 5 (50., Guðmundur Þórarinsson 6), Tryggvi Guðmundsson 4, ***Þórarinn Ingi Valdimarsson 7** - Jordan Connerton 5 (61., Denis Sytnik 5).

## BREIÐABLIK 2-1 GRINDAVÍK

*0-1 Paul McShane (14.)*
*1-1 Kristinn Steindórsson (77.)*
*2-1 Arnór Sveinn Aðalsteinsson (82.)*

Kópavogsvöllur, áhorf.: 1.157

Dómari: Þóroddur Hjaltalín Jr. (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 15–6 (7-4) |
| Varin skot | Ingvar 2 – Jack 5 |
| Horn | 12–1 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–11 |
| Rangstöður | 1–8 |

**Breiðablik 4–3–3** Ingvar Þór Kale 6 - Kristinn Jónsson 6 (81., Arnar Már Björgvinsson -), Kári Ársælsson 5 (46., Viktor Unnar Illugason 6), Elfar Freyr Helgason 5, Arnór Sveinn Aðalsteinsson 6 - Finnur Orri Margeirsson 5, Guðmundur Kristjánsson 5, Rafn Andri Haraldsson 5 - Tómas Óli Garðarsson 7, Andri Rafn Yeoman 6 (72., Olgeir Sigurgeirsson -), Kristinn Steindórsson 6.

**Grindavík 4-3-3** Jack Giddens 7 - Ray Anthony Jónsson 5, Ólafur Örn Bjarnason 6, Guðmundur Andri Bjarnason 5, Alexander Magnússon 7 - Jóhann Helgason 5, Jamie McCunnie 5, Paul McShane 5 (81., Bogi Rafn Einarsson -) - Orri Freyr Hjaltalín 5, Magnús Björgvinsson 5 (66., Matthías Örn Friðriksson 5), ***Robbie Winters 7** (72., Michal Pospisil -).






# Eyjan of lítil fyrir þetta mark hjá Þórarni Inga

**Andri Ólafsson, fyrirliði ÍBV, hefur áhyggjur af egói Þórarins Inga Valdimarssonar næstu daga í Eyjum eftir að Þórarinn eyðilagði 100 ára afmælisveislu Valsmanna með stórkostlegu sigurmarki í uppbótartíma.**

**FÓTBOLTI** „Þetta gerist ekki sætara en þetta, en þetta er jafnframt í annað skiptið á tímabilinu sem við klárum leik svona og það er bara frábært," sagði Þórarinn Ingi Valdimarsson, hetja Eyjamanna í 1-0 sigri á Val í hundrað ára afmælisleik Valsmanna á Vodafone-vellinum í gær. Þórarinn sá til þess að Valsmenn fóru stigalausir heim úr 100 ára afmælisveislunni á Vodavone-vellinum í gærkvöldi. Eyjamenn spiluðu manni færri allan seinni hálfleikinn en tókst að halda aftur af heimamönnum áður en Þórarinn skoraði sigurmarkið með stórkostlegu skoti í uppbótartíma.

„Ég held að ég hafi ekki skorað sætara mark," sagði Þórarinn kátur en fyrirliðinn Andri Ólafsson hafði reyndar smá áhyggjur af Þórarni þegar hann snýr heim til Eyja.

„Það er verra að Þórarinn hafi skorað þetta mark því hann er með nóg egó fyrir. Ég veit ekki hvernig næsta vika verður í Eyjum því ég held að eyjan sé of lítil fyrir þetta mark hjá honum," sagði Andri í léttum tón en það var hálfleiksræða Heimis Hallgrímssonar sem gaf Eyjaliðinu kraftinn í seinni hálfleik. „Það var gargað á okkur í fimmtán mínútur í hálfleik. Hann var ekki sáttur með vinnuframlagið og menn lögðu sig því fram þótt það hafi ekki verið mikið spil hjá okkur," sagði Andri, stoltur af sínu liði.

Valsmenn voru manni fleiri allan síðari hálfleikinn eftir að Eyjamaðurinn Tryggvi Guðmundsson fékk beint rautt spjald í lokin á fyrri hálfleik en tókst ekki að nýta sér liðsmuninn. Rauða spjaldið var umdeilt, ekki síst þar sem Valsmaðurinn Haukur Páll Sigurðsson slapp alveg hjá Kristni Jakobssyni dómara en þeim tveimur hafði lent saman.

„Við gefumst aldrei upp og það er mottóið okkar. Við ætlum að klára alla leiki af fullum krafti og það skilaði okkur þremur stigum í dag," sagði Þórarinn og hann rifjaði upp sams konar karakter liðsins á móti Val á svipuðum tíma í fyrra. „Þetta er fínn völlur til þess að starta tímabilinu almennilega. Það var upphafið að einhverju góðu þegar við náðum stigi hér á móti þeim í fyrra manni færri og af hverju ekki núna," sagði hetja Eyjamanna.



**RAUTT** Tryggvi Guðmundsson var rekinn af velli eftir viðskipti við Hauk Pál Sigurðsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Valsmenn fóru illa með góða stöðu og það vantaði bara miklu meiri grimmd til þess að klára þennan leik í gær.

„Það er alveg skelfilegt að fá á sig sigurmark á 91. mínútu en þetta var bara orsök, afleiðing. Við vorum ekki nógu góðir í seinni hálfleik og færðum boltann ekki nógu hratt. Við áttum að skora í fyrri hálfleik á meðan við vorum jafnmargir inni á vellinum. Þegar við erum einum fleiri í seinni hálfleik þá færum við boltann alltof hægt," sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Vals.



„Þetta er ekkert áfall. Við bara töpuðum einum fótboltaleik. Það er hundleiðinlegt og sérstaklega á þessum degi. Við áttum alla möguleika á að vinna þennan leik en gerðum það ekki. Við vorum síðan kærulausir í lokin, fengum á okkur mark og töpuðum leiknum," sagði Kristján.

ooj@frettabladid.is

Breiðablik lagði Grindavík, 2-1, í leik þar sem Blikar voru manni fleiri lengstum:

# Fyrstu stig Íslandsmeistaranna

**FÓTBOLTI** Þjálfarar beggja liða gerðu nokkuð róttækar breytingar á liðum sínum fyrir leikinn og virtust breytingarnar ætla að skila Grindvíkingum árangri. Þeir komust yfir snemma leiks með snyrtilegu skallamarki Paul McShane.

Enn á ný virtust heilladísirnar ætla að leika við Grindvíkinga sem höfðu sigrað í sjö af síðustu átta heimsóknum sínum í Kópavoginn. Skömmu síðar var Guðmundi Andra Bjarnasyni, varnarmanni Grindvíkinga, vikið af velli fyrir brot á Andra Rafni Yeoman sem var sloppinn einn í gegn og Grindvíkingar manni færri.

Það sem eftir lifði leiks var knötturinn mestmegnis á vallarhelmingi Grindvíkinga sem pökkuðu í vörn, staðráðnir í að halda marki sínu hreinu. Stórsókn Blikanna bar ekki árangur fyrr en stundarfjórðungi fyrir leikslok þegar Kristinn Steindórsson kom boltanum yfir línuna.



**GLEÐI** Blikarnir fögnuðu fyrstu stigunum vel. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Blikarnir í stúkunni fögnuðu en Blikarnir á vellinum ætluðu sér stigin þrjú og aðeins þremur mínútum síðar skoraði Arnór Sveinn Aðalsteinsson sigurmarkið. Sigur Blikanna var verðskuldaður en Grindvíkingar mega vera ánægðir með frammistöðu sína manni færri í sjötíu mínútur.

Guðmundur Benediktsson, aðstoðarþjálfari Blika, var virkilega ánægður með stigin þrjú. „Þetta var erfitt, sérstaklega eftir að þeir misstu mann út af. Þó það ætti að vera léttara þá þekkjum við það sjálfir að menn pakka aðeins meira niður og reyna að verjast. Þetta var þolinmæðisvinna að komast í gegnum það og við gerðum það vel."

Robbie Winters, framherji Grindavíkur, var ánægður með baráttu Grindvíkinga.

„Ákefðin og vinnuframlagið var frábært. Ólíkt leiknum um daginn [gegn Val] náðum við að halda boltanum á jörðinni í kvöld. Auðvitað var þetta erfitt manni færri en mér fannst karakterinn í liðinu frábær."

- ktd

Gildir til sunnudags

# Allt fyrir garðinn!



Úrval af háþrýstidælum á frábæru verði!



Vnr. 59686100

**Háþrýstidæla**

Kärcher K4.650 háþrýstidæla, 130 bör, 1900W og dælir 440 l/klst. Slangan er 6 m. Dælan þolir mest 40°C heitt vatn. Meðfylgjandi er tvær gerðir af stútum og pallahreinsir.

**39.900**



BOSCH

Vnr. 74810010

**Háþrýstidæla**

Bosch Aquatak 10 háþrýstidæla, 100 bör, 1300W og dælir 300 l/klst. Meðfylgjandi er sápuskammtari 0,5l. Slangan er 3,5 m. Dælan þolir mest 40°C heitt vatn.

**12.900**



BOSCH

Vnr. 74810150

**Háþrýstidæla**

Bosch Aquatak Clic 135 háþrýstidæla, 135 bör, 2100W og dælir 450 l/klst. Slangan er 9 m, rafmagnssnúran 5 m og bæði eru með nýrri „Easy-Roll" tækni frá Bosch. Dælan þolir mest 60°C heitt vatn. Með innbyggðan sápuskammtara. Tvær mismmunandi tegundir af stútum fylgja.

**63.900**

*Sumarið er tíminn!*

Gleðilegt sumar

# Áburður í úrvali!

Gífurlegt úrval af áburði og mold á frábæru verði!



Vnr. 55090002

**Kalkbætir 590**

5 kg.

Vnr. 55095007

**Blákorn 1.190**

5 kg.

Vnr. 55095001

**Graskorn 990**

5 kg.

Vnr. 55092189

**Grasfræ 790**

500 g.



Vnr. 53521026

**Sorppokar 790**

Sorppokar, 750x1150 mm, 25 stk.



Vnr. 55095118-9

**Kartöfluútsæði 890**

Kartöfluútsæði, 5 kg, gullauga eða rauðar.



Vnr. 55900020/39

**Garðverkfæri 1.990**

Stungugaffall eða malbikunarskóflur.



Vnr. 79290094

**Hjólbörur**

Hjólbörur, 80 l.

**5.900**



Vnr. 79290097

**Hjólbörur**

Hjólbörur, 100 l.

**15.990**

BYKO

EXPO · www.expo.is

| Víkingur | 0-2 | KR |
|---|---|---|

Víkingsvöllur, áhorf.: 1.613 — Guðm. Guðmunds. (6)

*0-1 Óskar Örn Hauksson (33.)*
*0-2 Viktor Bjarki Arnarsson (70.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 4–8 (1–6) |
| Varin skot | Magnús 4 – Hannes 1 |
| Horn | 5–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–12 |
| Rangstöður | 1–6 |

| **VÍKING.** 4–3–3 | | **KR** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Magnús Þormar | 6 | Hannes Halldórsson | 6 |
| Walter Hjaltested | 4 | Magnús Lúðvíksson | 6 |
| Egill Atlason | 5 | Skúli J. Friðgeirsson | 6 |
| Mark Rutgers | 6 | Grétar Sigurðarson | 7 |
| Hörður Bjarnason | 6 | Guðm. Gunnarsson | 7 |
| Denis Abdulahi | 3 | Bjarni Guðjónsson | 7 |
| (50., Ingólfur Þórar. | 4) | ***Viktor Arnarsson** | **7** |
| Halldór Sigurðsson | 4 | (88., Dofri Snorra. | -) |
| Baldur Aðalsteinsson | 5 | Baldur Sigurðsson | 5 |
| Sigurður Lárusson | 3 | (62., Ásgeir Ólafs. | 5) |
| (75., Pétur Markan | -) | Óskar Örn Hauksson | 7 |
| Gunnar Steindórsson | 3 | Kjartan Finnbogason | 7 |
| (62., Björg. Takefusa | 5) | (75., Gunnar Jóns. | -) |
| Helgi Sigurðsson | 4 | Guðjón Baldvinsson | 6 |

**Maður leiksins*

| Keflavík | 1-1 | FH |
|---|---|---|

Nettóvöllur, áhorf.: 1.480 — Valgeir Valgeirsson (4)

*0-1 Matthías Vilhjálmsson (80.)*
*1-1 Grétar Ólafur Hjartarson (90.+1)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–12 (5–5) |
| Varin skot | Ómar 4 – Gunnleifur 4 |
| Horn | 4–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 15–11 |
| Rangstöður | 3–2 |

| **KEFLAVÍK** 4–5–1 | | **FH** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Ómar Jóhannsson | 7 | Gunnleifur Gunnleifs. | 6 |
| Guðjón Antoníusson | 6 | Ásgeir G. Ásgeirsson | 6 |
| Haraldur Guðmunds. | 7 | Freyr Bjarnason | 7 |
| Adam Larsson | 5 | Pétur Viðarsson | 6 |
| Goran Jovanovski | 6 | Viktor Guðmundsson | 7 |
| Einar O. Einarsson | 5 | Björn D. Sverrisson | 6 |
| (83., Grétar Hjartar. | -) | Hólmar Rúnarsson | 7 |
| Andri St. Birgisson | 5 | (73., Bjarki Gunnl. | -) |
| Hilmar Geir Eiðsson | 6 | ***Matthías Vilhjálm.** | **8** |
| Jóhann B. Guðm. | 4 | Ólafur Páll Snorras. | 5 |
| (73., Magnús Þorst. | -) | (91., Gunnar Krist. | -) |
| Magnús Matthíasson | 5 | Atli Guðnason | 4 |
| Guðmundur Steinars. | 4 | (73., Hannes Sig. | -) |
| (60., Arnór Trausta. | 5) | Atli Viðar Björnsson | 4 |

**Maður leiksins*

*Pepsi-deild karla:*

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KR | 3 | 2 | 1 | 0 | 6-3 | 7 |
| **Valur** | **3** | **2** | **0** | **1** | **3-1** | **6** |
| ÍBV | 3 | 2 | 0 | 1 | 3-2 | 6 |
| **Keflavík** | **3** | **1** | **2** | **0** | **6-4** | **5** |
| FH | 3 | 1 | 1 | 1 | 5-3 | 4 |
| **Fylkir** | **3** | **1** | **1** | **1** | **4-4** | **4** |
| Víkingur | 3 | 1 | 1 | 1 | 2-2 | 4 |
| **Stjarnan** | **3** | **1** | **1** | **1** | **3-4** | **4** |
| Grindavík | 3 | 1 | 0 | 2 | 4-6 | 3 |
| **Breiðablik** | **3** | **1** | **0** | **2** | **5-8** | **3** |
| Þór | 3 | 1 | 0 | 2 | 1-3 | 3 |
| **Fram** | **3** | **0** | **1** | **2** | **0-2** | **1** |



**FANN SIG VEL Í VÍKINNI** Viktor Bjarki Arnarsson lék vel gegn sínum gömlu félögum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sannfærandi hjá KR-ingum

**KR skellti sér á topp Pepsi-deildarinnar í gær með sannfærandi sigri, 0-2, á Víkingi. Góð byrjun Vesturbæinga í sumar heldur því áfram og þeir öflugir.**

**FÓTBOLTI** KR vann góðan og verðskuldaðan 2-0 útisigur á Víkingi í gærkvöld eftir að hafa verið 1-0 yfir í hálfleik.

„Mér fannst við seinir í gang. Þetta var ekki áferðarfallegur fótbolti fyrsta hálftímann. Þá náðum við yfirhöndinni á miðjunni og spiluðum mjög vel út fyrri hálfleik og í seinni hálfleik. Við náðum að setja pressu á þá fyrir fyrsta markið og svo áttum við allan seinni hálfleikinn skuldlaust,“ sagði Viktor Bjarki Arnarsson sem skoraði seinna mark KR í leiknum.

Víkingar léku ágætis varnarleik lengst af leiknum en áttu erfitt uppdráttar sóknarlega og sköpuðu sér fá færi við mark KR. „Sóknin hefur verið sterk hjá þeim. Þeir eru með virkilega sterka framherja en við lögðum þetta upp með að vera rólegir á boltann og þreyta þá og það gekk eftir,“ sagði Viktor Bjarki.

Andri Marteinsson, þjálfari Víkings, var alls ekki ósáttur við frammistöðu síns liðs þrátt fyrir tapið.

„Leikurinn er í algeru jafnvægi þegar menn gleyma sér í fimm mínútur og eru seinir að elta mennina og miðjan dettur niður í varnarlínuna og KR-ingar setja á okkur mikla pressu sem kostaði mark.“

Aðdragandi seinna marks KR var vægast sagt umdeildur því brotið var á Walter Hjaltested sem velti sér sárþjáður útaf vellinum. KR-ingar nýttu sér gatið sem myndaðist í hægri bakverði Víkings og gerðu út um leikinn með öðru marki sínu. Andri var allt annað en sáttur við Guðmund Ársæl dómara í aðdragandanum.

„Dómarinn sem hafði ekki beitt hagnaðarreglunni allan leikinn ákveður að beita henni fyrir okkur sem verður til þess að við fáum sókn í bakið og við fáum á okkur mark. Það segir allt sem segja þarf um hans frammistöðu hér í kvöld,“ sagði Andri.

Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, var eðlilega himinlifandi með stigin þrjú. „Það er erfitt að koma hingað og mæta vel skipulögðu Víkingsliði. Við þurftum eins og alltaf að gefa okkur alla í leikinn. Við sækjum ekki þrjú stig í neinum leik í Íslandsmótinu án þess að hafa fyrir því,“ sagði Rúnar. **- gmi**

Grétar Ólafur Hjartarson kom af bekknum og tryggði Keflavík stig gegn FH:

# Grétar nýi bjargvætturinn í Keflavík

**FÓTBOLTI** Gamla kempan Grétar Hjartarson tryggði Keflavík eitt stig með marki á lokaandartökum leiksins gegn FH. Skömmu áður hafði Matthías Vilhjálmsson, fyrirliði FH-inga, komið sínum mönnum yfir.

Freyr Bjarnason, miðvörður FH-inga, átti hættulegasta færi fyrri hálfleiks þegar kollspyrnu hans var bjargað á marklínu. Heimir Guðjónsson, þjálfari FH-inga, hefur eflaust messað ærlega yfir sínum strákum í leikhléinu því leikurinn umbreyttist í seinni hálfleik. FH-ingar höfðu tögl og hagldir og sköpuðu þeir sér mýgrút færa.

Það var loks eftir 80. mínútna leik sem Keflavíkurvörnin lét undan. Matthías Vilhjálmsson skoraði þá úr aukaspyrnu af um það bil 25 metra færi. Við mark Matthíasar var sem Keflvíkingar vöknuðu af værum blundi.

Á 86 mínútu fékk Viktor Guðmundsson FH-ingur að líta sitt annað gula spjald og þar af leiðandi það rauða. Keflvíkingar nýttu sér liðsmuninn og á 91. mínútu jafnaði Grétar Hjartarson leikinn þegar hann potaði boltanum inn eftir skot Magnúsar Þorsteinssonar.

Grétar Hjartarson var kampakátur í leikslok. „Auðvitað er frábært að koma inn á og skora jöfnunarmarkið og ég get ekki verið annað en virkilega sáttur. Þetta var baráttuleikur og þó að FH-ingar hafi stjórnað leiknum í seinni hálfleik þá fannst mér þetta sanngjarnt heilt yfir.“

Spurður hvort hann geri þá ekki kröfu um byrjunarliðssæti í næsta leik hafði Grétar þetta að segja: „Ég leyfi nú bara þjálfaranum að ráða. Hann velur liðið og ég bíð bara eftir mínu tækifæri og reyni bara að nýta það sem ég fæ, en það að skora svona mark er gott fyrir sjálfstraustið.“ **- ae**

| Þór | 0-1 | Stjarnan |
|---|---|---|

Þórsvöllur, áhorf.: 1.068 — Þorvaldur Árnason (7)

*0-1 Garðar Jóhannsson, víti (56.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 3–11 (2–6) |
| Varin skot | Srdjan 5 – Magnús 2 |
| Horn | 7–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–14 |
| Rangstöður | 14–2 |

| **ÞÓR** 4–3–3 | | **STJARN.** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Srdjan Rajkovic | 7 | Magnús K. Pétursson | 7 |
| Gísli Páll Helgason | 4 | Jóhann Laxdal | 6 |
| Atli Jens Albertsson | 4 | Daníel Laxdal | 6 |
| Þorsteinn Ingason | 5 | Nikolaj Pedersen | 7 |
| Aleksandar Linta | 6 | Hörður Árnason | 6 |
| (46., Ingi Hilmars. | 5) | Björn Pálsson | 6 |
| Janez Vrenko | 6 | Þorvaldur Árnason | 6 |
| (72., Ármann Ævars. | -) | Aron Jafetsson | 5 |
| Gunnar Guðmunds. | 6 | (75., Bjarki Eysteins. | -) |
| Atli Sigurjónsson | 6 | Jesper Jensen | 6 |
| Sigurður Kristjánsson | 4 | Halldór O. Björnsson | 6 |
| (72., David Disztl | -) | (46., Víðir Þorvarð. | 5) |
| Sveinn Elías Jónsson | 5 | ***Garðar Jóhan.** | **7** |
| Jóhann Hannesson | 5 | | |

**Maður leiksins*

| Fylkir | 0-0 | Fram |
|---|---|---|

Fylkisvöllur, áhorf.: 1.242 — Magnús Þórisson (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 8–14 (4–8) |
| Varin skot | Fjalar 8 – Ögmundur 4 |
| Horn | 5–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 10–11 |
| Rangstöður | 0–2 |

| **FYLKIR** 4–3–3 | | **FRAM** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Fjalar Þorgeirsson | 7 | Ögmundur Kristins. | 6 |
| Þórir Hannesson | 6 | Daði Guðmunds. | 5 |
| Kristján Valdimars. | 5 | ***Jón Orri Ólafsson** | **7** |
| Valur F. Gíslason | 6 | Kristján Hauksson | 6 |
| Tómas J. Þorsteins. | 5 | Sam Tillen | 6 |
| Baldur Bett | 5 | Jón Guðni Fjóluson | 6 |
| (46., Oddur Guðm. | 5) | Halldór H. Jónsson | 6 |
| Gylfi Einarsson | 7 | Kristinn I. Halldórs. | 6 |
| Andrés Jóhannesson | 6 | Guðmundur Magnús. | 5 |
| Ingimundur Óskars. | 6 | (67., Andri Júlíus. | 5) |
| (62., Rúrik Þorfinns. | 5) | Almarr Ormarsson | 6 |
| (83., Davíð Ásbjör. | -) | Arnar Gunnlaugsson | 5 |
| Jóhann Þórhallsson | 6 | (80., Tómas Leifs. | -) |
| Albert B. Ingason | 5 | | |

**Maður leiksins*




**FAGNAÐ** KR-ingar fagna hér marki Óskars Arnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Sparaðu með Miele
Tango Plus er vinsælasta ryksugan frá Miele
Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar, með stillanlegu röri og úrvali fylgihluta. Þær hafa hlotið hæstu einkunn hjá neytendasamtökum í Þýskalandi.

kr.: 24.900
Verðlistaverð kr.: 33.200
Care Collection ryksugupokar og ofnæmissíur eru sérstaklega framleidd fyrir Miele ryksugur
25% AFSLÁTTUR
Farðu alla leið með Miele
Miele
EIRVÍK -hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is


adidas is all in

# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**136** **ÁHUGAKYLFINGAR** léku 17. holuna á TPC Sawgrass-vellinum á meðan sérfræðingar golf.com fylgdust með. Holan er 100 metra löng par 3 og er flötin á litlili eyju úti í vatni.

**66** **SLÓGU Í VATNIÐ** eða 49 prósent. Meðalforgjöfin hjá kylfingunum var 15,5. Aðeins tveir fengu fugl og fimmtíu par. Players-mótið hefst á TPC Sawgrass í dag.

Golfvellir á höfuðborgarsvæðinu:

## Flatir opnar víða um helgina

Ástand golfvalla er almennt með ágætum.

Víða á höfuðborgarsvæðinu er þegar búið að opna sumarflatir en þeir golfklúbbar sem ekki eru búnir að því gera það annaðhvort á morgun eða um helgina. Undantekningin er Leirdalur hjá Golfklúbbi Garðabæjar og Kópavogs. Stefnt er að því að opna flatir þar helgina 21.-22. maí.

- th

### Opnun sumarflata

**Vellir á höfuðborgarsvæðinu**

| | |
|---|---|
| Hlíðavöllur (GKJ) | opið |
| Korpúlfsstaðir (GR) | opið |
| Nesvöllur (NK) | opið |
| Urriðavöllur (GO) | á morgun |
| Hvaleyrarvöllur (GK) | á morgun |
| Setbergsvöllur (GSE) | á morgun |
| Grafarholtsvöllur (GR) | laugardaginn |
| Mýrin (GKG) | laugardaginn* |
| Bakkakotsvöllur (GOB) | Óvíst** |

*Flatir í Leirdal opna helgina 21.-22. maí
** Stefnt að opnun um helgina*






**GOÐSÖGN** Seve Ballesteros verður lengi minnst fyrir afrek sín og frammistöðu á golfvellinum. Hér er hann í sveiflu á Wentworth árið 1978 þar sem hann var nær einráður um árabil á heimsmótinu í holukeppni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Golfheimurinn syrgir mikinn meistara

**Severiano Ballesteros er látinn, 54 ára að aldri. Spánverjinn geðþekki er sigursælasti kylfingur Evrópu frá upphafi. Hann vann fimm risatitla á ferlinum.**

Einn magnaðasti kylfingur allra tíma, Severiano Ballesteros, var lagður til hinstu hvílu í heimabæ sínum í gær. Hann lést, 54 ára að aldri, aðfaranótt laugardags eftir langvinna baráttu við krabbamein, en verður minnst fyrir afrek sín og hæfileika. Hann var einn dáðasti íþróttamaður sinnar kynslóðar og fyrirmynd kylfinga um allan heim.

„Hann var náttúrlega fyrsti Evrópubúinn til að vinna Masters og í raun sá sem kom evrópsku golfi á kortið. Svo var hann frábær kylfingur, skemmtilegur karakter og elskaður af áhorfendum,“ segir Sigurður Pétursson, afrekskylfingur og golfkennari, í samtali við Fréttablaðið.

Seve stökk með miklum látum inn á sjónarsviðið þar sem hann vann sinn fyrsta sigur á Evrópumótaröðinni árið 1976, 19 ára að aldri. Hann lét ekki staðar numið þar, heldur varð hann efstur á tekjulista mótaraðarinnar og það afrek endurtók hann næstu tvö ár.

Strax var ljóst að stjarna var fædd, enda hafði Seve mikla útgeislun og lék af sannri ástríðu. Keppnisskapið og sigurviljinn var einstakur hjá honum, auk þess sem stutta spilið hjá honum var óviðjafnanlegt.

Tiger Woods lét þau orð falla eftir andlátið að annar eins kylfingur og Seve myndi aldrei aftur koma fram.

Lengi mætti telja upp afrek Seves, en til dæmis sigraði hann á fimm risamótum, þrisvar í Ryder-keppninni og alls 50 sinnum á Evrópumótaröðinni, sem eru fleiri sigrar en nokkur annar kylfingur getur státað af. Hann varð sex sinnum tekjuhæstur á mótaröðinni og þrisvar kylfingur ársins og trónaði á toppi heimslistans í 61 viku samtals á níunda áratugnum.

Erfið bakmeiðsli settu mark sitt á seinni hluta ferils Seves þar sem hann landaði sínum síðasta sigri árið 1995. Eftir það fór að halla undan fæti og þrátt fyrir margar tilraunir til að snúa aftur hafði hann ekki erindi sem erfiði. Lokaafrekið á ferli hans var þegar hann stýrði Ryder-liði Evrópu til sigurs árið 1997.

„Seve var mikill leiðtogi,“ bætir Sigurður við. „Það sást best í Ryder þegar hann reif liðið upp á rassinum þar.“

Seve hætti keppni endanlega árið 2007, en í október 2008 veiktist hann alvarlega og gekkst í framhaldinu undir aðgerðir og lyfjameðferð vegna heilaæxlis. Hann náði nokkrum bata um stund og var farinn að reyna sig aftur á golfvellinum, en hrakaði aftur eftir það.

Allir helstu kylfingar heims hafa vottað Seve virðingu sína og sóttu margir útförina í gær. Hans verður lengi minnst, og nú er jafnvel talað um að mynd af honum verði sett í merki Evrópumótaraðarinnar. **thorgils@frettabladid.is**

### Helstu afrek:

- Sigursælasti kylfingur Evrópumótaraðarinnar með 50 sigra
- Fimm risatitlar:
  - Opna breska ('79, '84, '88)
  - Masters ('80, '83)
- Sex sinnum tekjuhæstur á Evrópumótaröðinni, þrisvar valinn kylfingur ársins
- Sat á toppi heimslistans í 61 viku
- Sigursælasta tvíeyki í sögu Ryder-keppninnar með José María Olazábal með 12 stig úr 15 leikjum
- Fjórir PGA-sigrar
- Alls 91 sigur á mótum víða um heim, síðast árið 1995.

### Hollráð Hinna: Klæðaburður golfarans

Klæðaburður á golfvöllum hefur valdið mörgum kylfingum heilabrotum. Hinrik Gunnar Hilmarsson, sem annast hefur eftirlit, vallarvörslu og dómgæslu hjá Golfklúbbi Reykjavíkur, leggur þetta til málanna:

- Það er ljóst að skoðanir kylfinga um klæðaburð á golfvöllum eru mjög skiptar. Hvað sem því líður eru það klúbbarnir sem setja reglur um klæðaburð á sínum völlum og hafa að sjálfsögðu fullan rétt til þess.
- Kylfingar sem spila golf í útlöndum fara eftir þessum reglum enda annað ekki í boði. Reglurnar eru misjafnar. Til dæmis banna sumir klúbbar gallabuxur, það verður að vera kragi á bolnum sem kylfingar klæðast, ekki má nota aðra skó en golfskó, ekki má vera í æfingabuxum og svo framvegis. Þessar reglur eru einnig misjafnar eftir löndum og kylfingar sem spilað hafa á Bretlandseyjum vita að þar geta reglurnar verið mjög strangar. Engu að síður fara kylfingar eftir þeim.
- Hér á landi hafa margir golfklúbbar sett reglur um klæðaburð og ber að fara eftir þeim alveg eins og við brjótum ekki staðarreglur eða golfreglur. Sætti kylfingar sig ekki við þessar reglur verða þeir að fara eitthvert annað, svo einfalt er það.
- Dæmisaga: Fyrir meira en hálfri öld þegar íslendingar byrjuðu að fara í golfferðir voru hjón að spila í Edinborg, sólin skein og orðið mjög heitt. Þau ákváðu því að fara úr að ofan, konurnar á brjóstahaldaranum og karlarnir berir að ofan. Innan fárra mínútna kom vallarstarfsmaður til þeirra, vísaði þeim stystu leið af vellinum með ósk um að þau héldu sig frá vellinum í framtíðinni.



# Opnunartilboð á ýmsum vörum!

## Erum flutt á jarðhæðina í Ármúla 40

**Ryder-lið Evrópu og USA völdu Pro Quip regnfatnað**

| | |
|---|---|
| Jakkar frá aðeins | 17.900 |
| Buxur frá aðeins | 13.900 |
| Vindjakkar og vesti frá | 10.800 |



**HI-TEC regnfatnaður**

Buxur og jakki **19.900**

**Barna- og unglingagolfsett**

| | |
|---|---|
| Barnagolfsett frá | 19.990 |
| Stakar kylfur frá | 4.300 |



Einnig driverar, kerrur, pokar, og hanskar.

Titleist PING HiPPO

**Golfsett í poka**

Heilt golfsett án poka, grafít-sköft, dömu og herra

**34.900**

½ sett í poka

**26.500**





**Fastfold kerra**

Eitt handtak, gullverðlaun í **Todays Golfer**. **37.900**



**Golfskór**

Vandaðir vatnsvarðir leður golfskór.

Golfskór verð frá **8.720**

Lynx GOLFVÖRUR  JOHN LETTERS



Nýkomin golfsett, driverar, rescue-kylfur, pokar og fleira frá þessum þekktu framleiðendum.



**Golfkerrur** frá

**7.990**

**Þriggja hjóla kerra á stórum dekkjum**

**19.900**

**Rafmagnskerrur** frá

**69.900**

**ALLT Á GÓÐU VERÐI**
**ERUM AÐEINS MEÐ NÝJAR VÖRUR!**

| | |
|---|---|
| Stakar kylfur frá | 4.800 |
| Driverar frá | 9.900 |
| Púttarar frá | 3.990 |
| Golfbolir frá | 3.990 |
| Vatnaboltar stk. frá | 80 |
| Nýir boltar (15 stk.) frá | 1.990 |

**Opnunartími**

**virka daga 11 til 18**



**Golf outlet**

Ármúla 40 · Sími 553 9800 · www.golfoutlet.is

> **Hugh Grant**

„Mér líkar ekkert sérstaklega vel við börn. Þau eru allt í lagi í svona fjórar mínútur, en það er hámarkið. Eftir það get ég ekki alveg skilið hvað er svona merkilegt við þau.“

***Hugh Grant leikur Charles sem er heillandi og fyndinn en virðist gjörsamlega ófær um að bindast konu í rómantísku gamanmyndinni Four Weddings and a Funeral sem er á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SÁ ÓVÆNTAN KOSS HJÁ VINUM SJONNA

# *Brella til að veiða atkvæði eða bara einlægni?*

Var það koss Matthíasar Matthíassonar á kinn Vignis Snæs Vigfússonar sem gerði gæfumuninn uppi á sviði í Düsseldorf á þriðjudagskvöld?

Vissulega var flutningur Vina Sjonna á þessu undanúrslitakvöldi Eurovision mjög góður með kröftuga rödd Matthíasar fremsta í flokki. Frammistaða strákanna var afslöppuð, enda eru þeir vanir því að koma fram á sviði, og hjálpaði það eflaust til að við að fleyta laginu í úrslitin. Laginu sjálfu er líka ætlað að láta fólki líða vel og brosa. Vinir Sjonna voru þannig lausir við allan rembing eins og margar aðrar þjóðir gerðu sig sekar um og þeir skiluðu bara sínu með stóískri ró og fagmennsku.

En getur ekki verið að kossinn hafi sett punktinn yfir i-ið? Eurovision er keppni þar sem samstaða, gleði og hamingja er í hávegum höfð og svona nettur koss hlýtur að hafa yljað jafnvel hörðustu nöglum um hjartarætur. Vissulega var kossinn pínulítið „gay“ en hann kom samt á hárréttum tíma. Samkynhneigðir karlmenn elska margir hverjir Eurovision og þeir hljóta að minnsta kosti að hafa hrifist af kossinum og gefið honum atkvæðið sitt.



**KOSS Á KINN** Matthías smellir kossinum á Vigni Snæ á undanúrslitakvöldinu í Düsseldorf. NORDICPHOTOS/GETTY

Stundum getur hið óvænta skorið úr um hvort lög ná langt í svona keppni eða ekki og kossinn var svo sannarlega óvæntur. Það læðist samt að manni sá grunur að þetta hafi verið brella hjá Vinum Sjonna til að veiða fleiri atkvæði, nema kossinum hafi einfaldlega verið smellt í algjörri einlægni og gleði yfir því að flytja lag látins vinar í undanúrslitum Eurovision.

Í raun skiptir það ekki máli því við komumst í úrslitin og það er það sem málið snýst um.

## RÚV

**15.20 Tíu fingur** (2:12)
**16.20 Íslenski boltinn** (e)
**17.15 Skassið og skinkan** (6:20)
**17.40 Táknmálsfréttir**
**17.50 Geymslan**
**18.20 Fréttir**
**18.50 Veðurfréttir**
**19.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** Bein útsending frá seinni forkeppninni í Düsseldorf. Kynnir er Hrafnhildur Halldórsdóttir.
**21.10 Aðþrengdar eiginkonur** Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Vanessa Williams.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** Sýnt verður skemmtiatriði sem flutt var í hléi í söngvakeppninni í kvöld.
**22.25 Glæpahneigð** Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hafa þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Downton Abbey** (3:7) Breskur myndaflokkur sem gerist á árunum fyrir fyrri heimsstyrjöld og segir frá Crawley-fjölskyldunni og þjónustufólki hennar. (e)
**00.00 Fréttir** (e)
**00.10 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Groomsmen**
**10.00 Pink Panther II**
**12.00 Red Riding Hood**
**14.00 The Groomsmen**
**16.00 Pink Panther II**
**18.00 Red Riding Hood**
**20.00 Four Weddings And A Funeral**
**22.00 Cake: A Wedding Story**
**00.00 The Love Guru**
**02.00 According to Spencer**
**04.00 Cake. A Wedding Story**
**06.00 The Ugly Truth**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**10.55 The Mentalist** (18:23)
**11.45 Gilmore Girls** (16:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Speed Racer**
**15.10 The O.C. 2** (9:24)
**15.55 Sorry I've Got No Head**
**16.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (5:22)
**19.45 Modern Family** (8:24)
**20.10 Amazing Race** (2:12) Fjórtánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala. Eins og áður eru keppendur afar ólíkir en öll með það sameiginlegt að vilja sigra.
**21.00 Steindinn okkar** (6:8) Steindi Jr. er mættur aftur í nýrri og drepfyndinni seríu og fær fjölmarga þjóðþekkta Íslendinga til liðs við sig.
**21.25 NCIS** (14:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**22.10 Fringe** (13:22)
**22.55 The Mentalist** (18:24)
**23.40 Generation Kill** (3:7)
**00.45 Chase** (18:18)
**01.30 Boardwalk Empire** (11:12)
**02.25 The Pacific** (2:10)
**03.15 Speed Racer**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi mörkin**
**08.10 Pepsi mörkin**
**15.25 Spænski boltinn: Levante - Barcelona**
**17.10 Valur - ÍBV** Útsending frá leik Vals og ÍBV í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
**19.00 Pepsi mörkin** Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp leikina í Pepsi-deild karla. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og farið yfir það sem vel er gert og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.
**20.10 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**21.00 Golfskóli Birgis Leifs** (7:12) Þáttur þar sem besti kylfingur Íslands, Birgir Leifur Hafþórsson, tekur fyrir allt sem tengist golfi og nýtist kylfingum á öllum stigum leiksins.
**21.30 European Poker Tour 6**
**22.20 OneAsia Tour - Highlights** Samantekt frá því besta og markverðasta sem gerðist á nýjasta mótinu í OneAsia-mótaröðinni í golfi.
**23.10 Guru of Go**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.10 Stoke - Arsenal** Útsending frá leik Stoke City og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**16.55 West Ham - Blackburn** Útsending frá leik West Ham United og Blackburn Rovers í ensku úrvalsdeildinni.
**18.40 Nott. Forest - Swansea**
**20.45 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**21.15 Diego Simeone** Argentínumaðurinn Diego Simeone er hvað frægastur fyrir að hafa fiskað David Beckham af velli á HM 1998 í Frakklandi.
**21.45 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**22.15 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**23.10 Nott. Forest - Swansea**

## SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil** (175:181)
**08.45 Innlit/ útlit** (10:10)
**09.15 Pepsi MAX tónlist**
**16.20 Girlfriends** (11:22)
**16.40 Rachael Ray** (176:195)
**17.25 Dr. Phil** (176:181)
**18.10 HA?** (15:15)
**19.00 Million Dollar Listing** (2:9)
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (6:39)
**20.10 Rules of Engagement** (1:26) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegan vinahóp.
**20.35 Parks & Recreation** (1:22) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.
**21.00 Royal Pains** (15:18) Hank er einkalæknir ríka og fræga fólksins í Hamptons.
**21.50 Law & Order: Los Angeles** (8:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í borg englanna, Los Angeles.
**22.35 Penn & Teller** (8:10) Galdrakarlarnir brögðóttu Penn og Teller afhjúpa svikahrappa og svindlara í þessum bráðskemmtilegu þáttum.
**23.05 The Good Wife** (16:23)
**23.55 Rabbit Fall** (7:8)
**00.25 CSI: New York** (2:23)
**01.10 Royal Pains** (15:18)
**01.55 Law & Order: LA** (8:22)
**02.40 Pepsi MAX tónlist**
**06.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**07.00 Wells Fargo Championship** (3:4)
**11.10 Golfing World** (83:240)
**15.45 Inside the PGA Tour** (19:42)
**16.10 Golfing World** (84:240)
**17.00 The Players Championship** (1:4)
**23.00 Golfing World** (84:240)
**23.50 ESPN America**
**00.00 Golfing World** (84:240)
**00.50 The Players Championship** (1:4)
**06.00 ESPN America**

## STÖÐ 2 EXTRA

**19.45 The Doctors**
**20.30 In Treatment** (29:43) Þetta er ný og stórmerkileg þáttaröð frá HBO sem fjallar um sálfræðinginn Paul Weston sem sálgreinir skjólstæðinga sína og hlustar þolinmóður þar sem þeir lýsa sínum dýpstu tilfinningum, vandamálum og sláandi leyndarmálum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Gossip Girl** (13:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna.
**22.40 Grey's Anatomy** (19:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.
**23.30 Ghost Whisperer** (9:22) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview.
**00.15 The Ex List** (4:13)
**01.00 In Treatment** (29:43)
**01.25 The Doctors**
**02.05 Fréttir Stöðvar 2**
**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Gunnar Karl Guðmundsson, forstjóri MP banka, er gestur kvöldsins.
**21.00 Sjávarútvegur á ögurstundu** Fimmti þáttur af átta úr ævisafni Heiðars Marteinssonar um útgerð og sjósókn.
**21.30 Kolgeitin** Bogomil er í djassfíling.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


Listmálaralitir
Íblöndunarvara
Penslar
Pappír
Blindrammar
Strigi
Skapalón
Teiknivara
Ofl.



Myndarlegur afsláttur!

Við rýmum fyrir nýjum vörum og bjóðum 60-90% afslátt af ýmsum myndlistarvörum dagana 13. - 16. maí í Pennanum Hallarmúla.

Penninn
Með þér í vinnunni

www.penninn.is pontun@penninn.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ2 SPORT2 KL. 18.40

### Nott. Forest - Swansea



Bein útsending frá fyrri leik Nottingham Forest og Swansea í undanúrslitum um sæti í ensku úrvalsdeildinni. Leikur Íslendingaliðsins Reading gegn Cardiff verður á sama tíma á morgun.

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Náðarkraftur **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins **20.05** 70 síður **21.20** Melódía og Hymnódía **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.30** Útvarpsperlur: Glæpadrottningin Agatha Christie **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**06.40** Deal or No Deal **07.15** Monarch of the Glen **08.05** New Tricks **08.55** New Tricks **09.45** EastEnders **10.15** Fawlty Towers **10.50** ,Allo ,Allo! **11.20** ,Allo ,Allo! **11.55** Keeping Up Appearances **12.25** Fawlty Towers **13.05** ,Allo ,Allo! **13.35** ,Allo ,Allo! **14.05** The Weakest Link **14.55** The Weakest Link **15.45** Fawlty Towers **16.15** ,Allo ,Allo! **16.50** ,Allo ,Allo! **17.25** Tess of the D'Urbervilles **18.20** Jonathan Creek **19.10** Top Gear **20.00** Jack Dee Live at the Apollo **20.45** The Graham Norton Show **21.30** Coupling **22.00** Top Gear

## DR 1

**10.35** Grøn glæde **11.00** Lisa goes to Hollywood **11.30** Ønskehaven **12.00** Vores Liv **12.30** Det højeste mål **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Timmy-tid **14.10** Chiro **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Bamses Billedbog **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Spise med Price **18.30** TV Avisen **18.55** SportNyt **19.00** Det Europæiske Melodi Grand Prix 2008, 2. semifinale **21.05** Tæt på: Teenage Cutting

## NRK 1

**10.10** Par i hjerter **11.00** NRK nyheter **11.05** Aktuelt **11.35** Urix **12.00** NRK nyheter **12.05** Mannen og ørnen **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Kjærlighetshagen **14.40** Urter **15.00** NRK nyheter **15.10** Dyrisk **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Schrödingers katt **18.15** Nummer 1 **18.55** Distriktsnyheter **21.00** Kveldsnytt **21.15** Trygdekontoret **21.45** Litt av et liv **22.45** Nummer 1

## svt1

**11.55** Väsen **12.15** Minnenas television **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Naturreparatörerna **14.30** Inför Eurovision Song Contest 2011 **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Mitt i naturen Australien **18.30** Landgång Australien **19.00** Eurovision Song Contest **21.00** Två kockar i samma soppa **21.50** Bored to Death **22.20** Uppdrag Granskning






## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Ég er mjög hrifin af gamaldags breskum hefðarmyndum eins og Downton Abbey sem er á Rúv. Ég horfði líka á Lífverðina, þeir voru algjör snilld.“*

Hera Björk Þórhallsdóttir, söngkona.

# Margrét skrifar ævisögu Ellýjar

Margrét Blöndal, útvarpskonan góðkunna af Rás 2, hefur síðastliðna tvo mánuði unnið að gerð ævisögu Ellýjar Vilhjálms, ástsælustu dægurlagasöngkonu Íslands. Ævisaga bróður Ellýjar, Vilhjálms Vilhjálmssonar, eftir Jón Ólafsson kom út fyrir tveimur árum.

„Þetta er okkar fremsta og dáðasta söngkona og þetta er þvílíkt ævintýri að takast á við,“ segir Margrét í samtali við Fréttablaðið. Hún bætir því við að þetta sé jafnframt vandasamt því Ellý hafi alla tíð verið ákaflega annt um sitt einkalíf og viljað halda því útaf fyrir sig. „Og maður stekkur ekkert af stað með fólk sem hélt lífi sínu algjörlega fyrir sig.“ Margrét hefur verið að viða að sér heimildum, hefur rætt við fólk sem vann með Ellý og fær jafnframt aðganga að kössum sem synir söngkonunnar, Nökkvi og Máni Svavarssynir, hafa passað. „Hvað kemur upp úr þeim kössum verður síðan bara að koma í ljós.“

Ellý átti ótrúlegan feril sem söngkona og Margrét segir að hún hafi heillað fólk upp úr skónum um leið og hún steig á svið. „Hún var óskaplega falleg, með þessa fallegu rödd og hún varð stjarna án þess að gera nokkuð í því.“ Margrét segir stefnt að því að bókin komi út í nóvember en það er útgáfufélagið Sena sem stendur að útgáfunni. - fgg





**EINSTÖK SÖNGKONA** Margrét Blöndal skrifar nú ævisögu Ellýjar Vilhjálms, ástsælustu dægurlagasöngkonu Íslands. Ellý er fyrir miðju ásamt þeim Ragnari Bjarnasyni og Þuríði Sigurðardóttur.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




**Lagersala Kauptúni 3.**

Til sölu stainless stálvaskar
Verð aðeins 5,000.-
Blöndunartæki
Verð aðeins 2,500 - 5,000.-



Opið fimmtudag til sunnudags 13-18
Sími 861 7540




FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

**MEIRA SJÓNVARP**

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir


SIGURJÓN DAGBJARTSSON: ÞAÐ ER PARTÍ Í ÖÐRU HVERJU HÚSI

# Þjóðin gengur af göflunum í neyslu á snakki og pitsum

„Það er byrjað klukkan sex og framleitt til tíu næstu daga til að halda dampi á lagernum. Það streymir út í verslanir snakkið,“ segir Sigurjón Dagbjartsson, framkvæmdastjóri Iðnmarks, sem framleiðir Stjörnusnakk.

Vinir Sjonna syngja til úrslita í Eurovision á laugardaginn eftir glæsilegan árangur í undanúrslitum á þriðjudag. Helgin er ein sú stærsta í sölu á ýmsum partívarningi og Sigurjón segir aukninguna á sölu á snakki vera að minnsta kosti 80 prósent miðað við aðrar helgar. „Það er búið að hækka framleiðslustigið um 40 prósent,“ segir hann. „Það er partí í öðru hverju húsi og stemning í landanum, sérstaklega vegna þess að við komumst áfram.“

Anna María Árnadóttir hjá Innnes, sem flytur meðal annars inn Maarud-snakk, hefur sömu sögu að segja. Aukning á sölu snakks er á bilinu 60 til 80 prósent í þeirri viku sem Eurovision er á hverju ári – hvort sem um er að ræða kartöfluflögur eða tortillusnakk.

Pitsusala eykst einnig gríðarlega um helgina. Ásdís Þrá Höskuldsdóttir, framkvæmdastjóri Dominos, segir að sérstakur viðbúnaður verði um helgina og starfsmenn verði fleiri en ella. „Þetta er mjög mismunandi, en aukningin getur orðið 40 til 50 prósent,“ segir hún og játar að sú staðreynd að Vinir Sjonna komust áfram gefi góð fyrirheit. „Þetta er ein af stærstu helgum ársins fyrir utan megavikurnar okkar.“

Áfengisneysla er fylgifiskur Eurovisionpartíanna sem verða haldin víða um helgina. Þrátt fyrir það segir Einar S. Einarsson, framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs hjá ÁTVR, að þessi helgi sé ekki stærri en aðrar sumarhelgar í sölu á áfengi. „Það er margt á seyði í maí og salan tengist líka veðri og öðru,“ segir hann. „Það er erfitt að spá í hvað eru Eurovision-áhrif og hvað ekki.“

Árið 2009 jókst sala á áfengi um 35 prósent um Eurovision-helgina, en Einar útskýrir það þannig að sömu helgi hafi þjóðin gengið til kosninga. „Við höfum séð miklu meiri áhrif kosninga heldur en Eurovision. En það er mjög erfitt að spá í svona fyrirfram,“ segir hann.

atlifannar@frettabladid.is




# Gufubaðið heillagripur strákanna

„Þeir eru í gufu. Þetta er í annað sinn í dag. Ég fór reyndar með þeim í morgun. Þeir eru farnir að líta á gufubaðið sem einhvers konar heillagrip,“ segir Þorbjörg Sif Þorsteinsdóttir, eiginkona Hreims Arnar Heimissonar. Vinir Sjonna, fulltrúar Íslands í Eurovision, hafa tekið miklu ástfóstri við gufubaðið á Radison SAS-hótelinu sínu og sækja það grimmt, fara að minnsta kosti einu sinni á dag. Þorbjörg segir ekkert skrítið við þetta nýja áhugamál bónda síns, þeir félagar slaki einfaldlega vel á í hitanum.

Þorbjörg Sif var í góðum hópi með eiginkonum þeirra Pálma Sigurhjartarsonar, Matthíasar Matthíasarsonar, Benedikts Brynleifssonar og Vignis Snæs þegar kom að úrslitastund í Eurovision-höllinni á þriðjudagskvöld. Hún segir að þær hafi allar hoppað hæð sína af kæti og vart trúað sínum eigin augum þegar íslenski fáninn kom í ljós. „Við vorum eiginlega alveg jafn hissa og Norðmennirnir, vorum alveg hundrað prósent á því að Norðmenn færu áfram.“

Kvöldið var síðan undirlagt af gleði, fyrst var fagnað með fjölskyldu Sjonna Brink og svo farið á svokallaðan EuroClub og dansað fram eftir nóttu. „Við Hreimur vorum reyndar komin heim klukkan hálf fjögur en við heyrðum af einhverjum skríða heim um sex leytið.“ Í gærkvöldi tróðu strákarnir síðan upp í veislu hjá rússneska hópnum en Þorbjörg segir það skrítið að vera þarna úti í Eurovision-landi án nokkurrar ábyrgðar. „En við njótum bara lífsins, sitjum á kaffihúsum og sötrum hvítvín.“ - fgg



**VINSÆLIR** Alexander Rybak tekur viðtal við Vini Sjonna en árangur sexmenninganna hefur vakið mikla athygli.


GULA HÚSIÐ
GULA HÚSIÐ
GULA HÚSIÐ
Strigaskór
Verð 3.999,-
ÓDÝRT & GOTT
Cruser skór
Verð 990,-
SUMARIÐ ER KOMIÐ!
Fallegir sumarkjólar
Verð 2.999,-
Verð 5.990,-
Til í mörgum litum og gerðum
Sundbuxur herra
Verð frá 2.990,-
Flott bikiní
Verð 1.998,-
Til í mörgum litum og gerðum
Til í mörgum litum og gerðum
Verð 1.999,-
Sumarlegir sundbolir
Verð 3.999,-
Sandalar
Verð 4.999,-
Dömuskór m. fylltum hæl
Verð 990,-
Hárteygja
Sólgleraugu
Verð 1.499,-
Fyrir börn og fullorðna
Cafe Milano
Hagkaup Skeifunni
GULA HÚSIÐ
Hettupeysa dömu
Verð 4.999,-
Hettupeysa herra
Verð 5.999,-
GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

Vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Frá Íslandi til Dubai

Bandaríski rapparinn **Busta Rhymes** kemur hingað til lands á mánudag ásamt níu manna fylgdarliði sínu. Tónleikar kappans verða í Vodafone-höllinni kvöldið eftir, 17. maí, og verður stemningin vafalítið góð. Eftir tónleikana verður haldið leynilegt VIP-partí fyrir Rhymes og félaga á skemmtistað í miðborg Reykjavíkur og daginn eftir fljúga þeir síðan af landi brott, eða til Dubai. Þrátt fyrir að fá mikið borgað fyrir tónleikana í Vodafone-höllinni er Rhymes sagður fá tífalt meira í vasann fyrir að stíga á svið í arabaríkinu.



### Ingólfur mætti í afmælisfögnuð Vals

**Ingólfur Sigurðsson** knattspyrnumaður hefur valdið miklum usla með yfirlýsingum sínum um KR, sem hann er samningsbundinn. Hann kvartaði yfir því að fá lítið að spila og sagði koma til greina að fara í uppeldisfélagið Val. KR-ingar kærðu Valsara fyrir að ræða ólöglega við drenginn en Valsarar brugðust við með því að segja KR-inga varpa skugga á 100 ára afmæli Vals. Ingólfur var svo tekinn út úr leikmannahópi KR gegn Víkingi í gærkvöldi. Hann notaði tækifærið og mætti á Hlíðarenda til að sjá Val taka á móti ÍBV og halda upp á 100 ára afmælið í Fjósinu, nýrri stuðningsmannaaðstöðu Valsara, fyrir leik. *- þeb*



## Mest lesið Vísir

1. Palli át hattinn sinn
2. Rybak í losti á meðan Íslendingarnir brjálast
3. Ólafur Elíasson: Óánægður með að Harpan opni ókláruð
4. Banaslys á Austfjörðum
5. Breskur almenningur var hrifnari en gagnrýnendur
6. Móðir Sjonna: Sjonni var með okkur
7. Opnunarhátíð Hörpunnar á sama tíma og Eurovision







